**VEITINGASTAÐURINN GLÓ**

*Hæfilegur skammtur af ást og kærleik*

Matur Tilboð

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**FERÐAHELGIN**

*Verslunarmanna-helgin um allt land*

Sérblað um verslunarmannahelgina ofl.

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**RAGNA LÓA STEFÁNSDÓTTIR:**

*Ástin er öllu yfir sterkari*

**sirkus**

**FY LGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. júlí 2007 — 202. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Með breskan þjálfara



Björgólfur Thor Björgólfsson vekur athygli í Laugum, þar sem einkaþjálfari hans fylgir honum hvert fótmál.

FÓLK 42

### Lag á nýrri plötu vekur spurningar



Áhöld eru um hvort lagið sé aðför að Bubba Morthens.

FÓLK 34

### Fleira ríkt fólk!

„Ríkt fólk notar ráðstöfunarfé sitt eftir skatt ýmist til fjárfestingar eða neyslu. Það sem rennur til fjárfestingar hleypir fjöri í atvinnulífið," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 22

### Þrír efstir og jafnir



Íslandsmótið í höggleik hófst á Hvaleyrinni í gær. Þrír léku best allra á þremur höggum undir pari í gær.

ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**Þurrt vestanlands -** Áframhaldandi milt veður um allt land, og væta víðast hvar, en þó þurrt að mestu vestanlands. Hiti 8-15 stig á láglendi.

VEÐUR 4






# Hálfur milljarður króna í ónýtt smartkortakerfi

**Smartkortakerfi Reykjavíkurborgar og Strætó, sem nota átti til að greiða fargjöld í strætisvagna, ferðir í sund og aðra þjónustu, verður ekki tekið í notkun. Kerfið hefur kostað um hálfan milljarð og því verður lokað ef einkaaðilar taka það ekki yfir.**

**REYKJAVÍK** Smartkortakerfi Reykjavíkurborgar og Strætó bs. verður líklega ekki tekið í notkun. Hálfum milljarði króna hefur þegar verið varið til verkefnisins.

Borgarráð samþykkti að innleiða smartkortakerfið árið 2002 en það hefur ekki verið tekið í notkun nema að litlu leyti. Framkvæmdastjóri Strætó segir að ef viðræður við einkaaðila um að reka þjónustuna takist ekki verði kerfið lagt niður.

Smartkortin eru tegund greiðslukorta sem innihalda örgjörva, en þau átti að nota til að greiða fargjald í strætisvagna, aðgang að sundstöðum og fleira.

Strætó bs. keypti smartkortalesara í strætisvagna fyrir hundrað milljónir, en fyrirtækið Smartkort, sem sá um þróun kerfisins, varð gjaldþrota.

„Strætó bs. á ekki að standa í því að þróa eða reka slíkan búnað," segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. „Ef við getum ekki náð samningum við aðila sem sjá viðskiptatækifæri í þessu, þá leggjum við kerfinu."

Reykjavíkurborg og Strætó bs. hafa skipt kostnaðinum á milli sín í grófum dráttum. Reynir segir að heildarkostnaður Strætó sé að nálgast 250 milljónir og gerir ráð fyrir að kostnaður borgarinnar sé sambærilegur. „Eftir að við keyptum búnaðinn í vagnana hafa líklega farið aðrar 400 milljónir í verkefnið," segir Reynir.

Kostnaður Strætó bs. hefur verið þróunarkostnaður, laun starfsmanna, viðhald á búnaði, ísetning kerfisins og verkefnisstjórnun.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Strætó bs., er þeirrar skoðunar að kerfið sé búið að kosta borgarbúa of mikla fjármuni.

Verkefnishópur hefur til athugunar hvort bjóða eigi framhalds- og háskólanemum á höfuðborgarsvæðinu frítt í strætisvagna og nota til þess smartkortalesarana. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ólíklegt að af þessu verði, enda sé það kostnaðarsamt. - sgj



**KOMIÐ INN TIL LENDINGAR** Hin alþjóðlega Rey Cup-knattspyrnuhátíð hófst með pomp og prakt í gærmorgun í blíðu veðri. Krakkar á öllum aldri frá 31 íþróttafélagi munu etja kappi og skemmta sér saman í Laugardalnum um helgina. Margt er í boði þótt fótboltinn sé í fyrirrúmi. Sundlaugarpartíið sem haldið var í Laugardalslauginni í gærkvöld er aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útgerðir neyðast til að breyta skipakosti til að mæta skerðingu aflaheimilda:

# Nauðvörn útgerðanna hafin

**SJÁVARÚTVEGUR** Útgerðarfélög um allt land þurfa að bregðast við skerðingu aflaheimilda með breytingum á skipakosti sínum eða útgerðarmynstri. Útgerðarmenn telja óumflýjanlegt að selja skip til að mæta skerðingunni og þegar hefur verið hætt við áætluð skipakaup vegna skerðingarinnar. Ný og glæsileg skip koma til landsins á næstunni sem ætlað er að gera veiðar arðbærari.

„Útgerðarfélög um allt land munu þurfa að fækka skipum hjá sér, það bara hlýtur að vera. Ég vil kalla þetta nauðvörn hjá útgerðarfélögunum," segir Kristján Vilhelmsson, útgerðarstjóri Samherja.

Andrés Guðmundsson, útgerðarstjóri hjá Þorbirni fiskanesi hf., segir að fyrirtækið hafi hætt við skipakaup þegar fréttist af væntanlegri kvótaskerðingu, og það hafi selt eitt af skipum sínum í mars. „Ætli við styttum ekki úthaldið hjá okkur frekar og sjáum svo til; vonum að menn sjái villu síns vegar og auki kvótann aftur," segir Andrés.

Brimnesið, nýr frystitogari útgerðarfélagsins Brims hf., kom til hafnar í gær frá Noregi. Þormóður rammi-Sæberg hf. fær afhenta tvo eins togara og Brimnesið árin 2008 og 2009. Fyrirtækið hefur selt einn eldri togara fyrirtækisins og hyggst selja tvo til viðbótar. Skipin eru tæknilega fullkomin og mun hagkvæmari í rekstri en eldri skip í íslenska flotanum. - ifv / sjá síðu 18

Söngkonan Birgitta Haukdal:

# Stofnar norræn góðgerðarsamtök

**LÍKNARMÁL „Það er náttúrlega draumur ef maður getur unnið við það að hjálpa öðrum," segir söngkonan Birgitta Haukdal sem stendur að samtökunum Navia í félagi við þrjá aðra Íslendinga. Navia eru norræn góðgerðarsamtök sem safna fé fyrir bágstadda.**

**Fyrsta verkefnið verður að stofna norræna stúlknahljómsveit sem ferðast um og safnar fé til góðra verka.** -hdm/ sjá síðu 42

Skyggn köttur á elliheimili:

# Köttur forspár um dauða fólks

**BANDARÍKIN** Skyggn köttur, sem býr á elliheimili í Rhode Island í Bandaríkjunum, hefur spáð fyrir um hvaða vistmenn séu við það skilja við.

Kötturinn Oscar skríður upp í til vistmanna stuttu fyrir andlát þeirra og hefur í 25 tilfellum síðastliðið ár reynst sannspár. Þetta hefur orðið til þess að starfsfólkið hringir í fjölskyldur vistmanna þegar Oscar leggst hjá þeim. „Hann gerir sjaldan mistök og margar fjölskyldur kunna að meta þetta," segir David Dosa læknir. - sgj

Áhrif reykingabannsins:

# Fólk í fjölbýli kvartar meira

**HEILBRIGÐISMÁL Eftir að reykingabann var sett á hefur heilbrigðiseftirlitið fengið kvartanir frá íbúum fjölbýlishúsa vegna reykinga nágranna.**

**„Það hafa aldrei jafn margir kvartað undan reykingum nágrannans áður. Þetta er nýtt fyrir okkur," segir Gunnar Kristinsson heilbrigðisfulltrúi.**

**Gunnar telur þetta til marks um að almenningur sé meðvitaðri um rétt sinn. Erfitt sé þó að banna fólki að reykja úti á svölum. „Við sendum húsfélögum bréf um að kvörtun hafi borist og að taka skuli tillit til nágranna.** - kóþ / sjá síðu 8




**SPURNING DAGSINS**



*Valdimar, biður Jónas að heilsa?*

„Hann biður að heilsa með rauðan skúf í peysu."

Valdimar Leifsson er að ljúka tökum á sjónvarpsmynd um Jónas Hallgrímsson. Valdimar segir Jónas tala við sig að handan og aðstoða sig við gerð myndarinnar.

Göngumaður sem féll ofan í Laxárgljúfur á miðvikudagskvöld er á batavegi:

# Hrapaði tæplega sjötíu metra

**SLYS** Ungi maðurinn sem féll ofan í Laxárgljúfur í Hrunamannahreppi á miðvikudagskvöld er á batavegi. Hátt í níutíu manns tóku þátt í björgunaraðgerðum við afar erfiðar aðstæður. Fjórar klukkustundir liðu frá því þyrlan kom á staðinn og þar til maðurinn var kominn um borð.

Maðurinn sem slasaðist var í gönguferð ásamt þremur félögum sínum en varð fyrir því óláni að falla fram af brúninni og niður í gljúfrið. Fallið var á bilinu 60 og 70 metrar eða nálægt því sem samsvarar hæð Hallgrímskirkjuturns. Félagi mannsins gekk nokkurn spöl þar til hann komst í símasamband og náði sambandi við neyðarlínu sem kallaði út þyrlu, sjúkrabíl og fjölmargar björgunarsveitir.

Jón Ingi Sigvaldason, talsmaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, segir að allt í allt hafi um níutíu manns tekið þátt í björgunaraðgerðunum og að björgunarmenn hafi unnið þrekvirki við að ná manninum upp. „Það var erfitt að komast að manninum og björgunarmenn og læknir sigu niður í gljúfrið til hans og gerðu að sárum hans þar.

Hann var síðan hífður upp á brúnina og þaðan um borð í þyrluna," segir Jón Ingi en TF-GNÁ kom með manninn til Reykjavíkur undir morgun.

Maðurinn gekkst undir aðgerð á Landspítalanum og að sögn læknis á gjörgæsludeild er líðan hans stöðug. **- þo**



**HÁTT FALL** Björgunarsveitarmenn áttu erfitt með að komast að manninum, sem féll 60 til 70 metra ofan í gljúfrið. MYND/PÁLL BJARNASON

Lögregla leitar að gasbyssu:

## Svefnþjófi stolið af hafnarbakka

**LÖGREGLUMÁL „Við ætluðum að líta á byssuna í fyrradag og sjá hvort ekki væri hægt að létta þjáningunum af bæjarbúum en þá hafði einhver annar orðið fyrri til og byssan var á bak og burt," segir Hörður Blöndal, hafnarstjóri á Akureyri, en gasbyssu var stolið af athafnasvæði hafnarinnar í fyrradag.**

**Fréttablaðið greindi frá því í gær að nokkrir bæjarbúar hefðu kvartað undan hávaða frá byssunni sem notuð var til að fæla í burt fugla við höfnina. Hörð grunar að þjófurinn hafi verið búinn að fá sig fullsaddan á hávaðanum og jafnvel verið svefnvana í þokkabót. - þo**

Gas lak úr gaskút:

## Fjórar konur slösuðust í eldi

**LÖGREGLUMÁL** Fjórar konur slösuðust í fjallaskálanum Sörlastöðum í Fnjóskadal laust eftir miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins þegar gassprenging varð í húsinu.

Gas lak úr gaskút sem skrúfaður hafði verið af litlum prímus. Kertalogi tendraði gasið og blossaði upp eldur. Um tuttugu konur voru inni í skálanum þegar eldurinn kviknaði. Konurnar voru í hestaferð á svæðinu.

Konurnar fjórar voru fluttar á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Meiðsli þeirra voru ekki mikil og voru þær útskrifaðar af sjúkrahúsinu síðar um nóttina. **- ifv**

**LÖGREGLA**

### Golfbíl ekið yfir konu

Kona varð fyrir golfbíl á Hamarsvelli í Borgarnesi í fyrradag. Eldri hjón voru í golfi og var maðurinn að færa golfbílinn. Ekki vildi betur til en svo að eiginkonan varð fyrir bílnum og fótbrotnaði hún.

# Nerdrum selur Ingunni Borgarbókasafnshúsið

**Listmálarinn Odd Nerdrum er fluttur heim til Noregs og hefur selt milljarðamæringnum Ingunni Wernersdóttur húsið að Þingholtstræti 29a. Nerdrum greiddi 100 milljónir fyrir húsið en söluverðið fæst ekki gefið upp.**

**FASTEIGNIR** Fjárfestirinn Ingunn Wernersdóttir hefur keypt eitt fallegasta húsið í Reykjavík, Esjuberg, sem stendur á Þingholtsstræti 29a.

Seljandi hússins er einkahlutafélag norska listmálarans Odds Nerdrum, sem á árinu 2002 keypti húsið af félaginu Frumkvöðlaaðstöðunni, sem var í eigu Guðjóns Más Guðmundssonar sem kenndur er við hugbúnaðarfyrirtækið OZ.

Nerdrum mun vera fluttur frá Íslandi til býlis í firði í heimalandi hans, Noregi.

Guðjón átti hæsta tilboðið þegar Reykjavíkurborg auglýsti húsið til sölu í tengslum við flutninga Borgarbókasafnsins í Grófina. Guðjón keypti húsið í nóvember árið 2000 og sagðist mundu reka þar frumkvöðlasetur fyrir ungt fólk. Ekkert varð úr þeim fyrirætlunum og við söluna til Nerdrums aflétti borgin öllum kvöðum og heimilaði að húsið yrði nýtt sem íbúðarhúsnæði.

Guðjón greiddi 70 milljónir króna fyrir húsið en seldi Nerdrum það tæpum tveimur árum síðar á 100 milljónir króna.

Viðskiptin með Þingholtsstræti 29a eru enn ekki að fullu frágengin og ekki fæst gefið upp hvað Ingunn Wernersdóttir greiddi Odd Nerdrum fyrir húsið en talið er víst að það sé alls ekki undir 200 milljónum króna og sennilega mun hærra. Nerdrum mun hafa endurnýjað húsið að innan að nokkru leyti þann tíma sem það var í hans eigu.

Ekki náðist í Ingunni Wernersdóttur í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun notkun hússins enn ekki endanlega ákveðin.

Ingunn hefur sagst mundu fjárfesta í listum og menningu. Fyrir skemmstu keypti hún svokallað Alliance-hús að Grandagarði sem hún hyggst nýta undir listastarfsemi. Um bæði þessi hús gildir að ytra byrði þeirra er friðað.

gar@frettabladid.is



**ESJUBERG** Húsið, sem á árunum 1954 til 2000 hýsti Borgarbókasafnið, er nú komið í eigu Ingunnar Wernersdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**INGUNN WERNERSDÓTTIR** Óljósar fyrirætlanir.



**ODD OLAV NERDRUM** Farinn heim til Noregs.

**ÞINGHOLTSSTRÆTI 29A**

Þingholtstræti 29a var byggt árið 1916 eftir teikningum Einars Erlendssonar trésmiðs. Húsið hefur lengi verið nefnt Esjuberg. Einar teiknaði mörg af fegurstu húsum Reykjavíkur, meðal annarra má nefna Fríkirkjuveg 11, Gamla bíó og Herkastalann í Kirkjustræti.

Borgarbókasafnið var á Þingholtsstræti 29a frá árinu 1954 þar til starfsemin var flutt þaðan í Grófarhúsið.

Guðjón Már Guðjónsson eignaðist húsið árið 2000. Listmálarinn Odd Nerdrum keypti húsið 2002. Húsið hefur nú verið selt Ingunni Wernersdóttur.

Mótvægisaðgerðir:

## Óákveðið hver verkefnin eru

**STJÓRNMÁL** Ekki er búið að ákveða endanlega hvaða hlutverk Byggðastofnun mun taka að sér í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna skerðingar aflaheimilda, sem kynntar voru í byrjun mánaðarins.



**AÐALSTEINN ÞORSTEINSSON**

„Við vorum á fundi í fjármálaráðuneytinu í gær og menn eru að reyna að vanda sig, en flýta sér á sama tíma," segir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar.

Aðalsteinn segir nær alveg óákveðið hvað stofnunin muni taka að sér. „Það hefur verið talað um styrki til afmarkaðra atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna og það er bara það sem verið er að skoða," segir Aðalsteinn. **- sgj**

Foringjar Fatah á Gaza-strönd:

## Verða ákærðir fyrir vanrækslu

**RAMALLAH, AP Sextíu menn úr öryggisliði Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, verða líklega ákærðir fyrir að hafa misst völdin á Gaza-ströndinni í hendur Hamas-liða. Rannsóknarnefnd um fall Gaza lauk störfum sínum í gær og verður lokaskýrsla birt í dag.**

**Einn af leiðtogum Fatah á Gaza-ströndinni, Mohammed Dahlan, sagði í gær af sér sem þjóðaröryggisráðgjafi í gær, að eigin sögn vegna heilsuleysis. Heimildir telja þó að Abbas hafi beðið hann um að segja af sér vegna ábyrgðar hans á ósigrinum fyrir Hamas-liðum á Gaza-ströndinni. - pal**


**BÍLL DAGSINS**

**ISUZU D-MAX**

Nýskr. 12.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 19 þús. km.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Starfsfólk Sparisjóðs Kópavogs opnar helst ekki glugga í sumar:

# Tívolí ærir bankastarfsmenn

**FÓLK** Sparisjóður Kópavogs gerir athugasemdir við hávaða frá Tívolílínu sem rekið er ofan við Smáralind í sumar.

Fulltrúar sparisjóðsins vildu ekki koma í viðtal vegna málsins en upplýstu þó að þeir væru að velta fyrir sér hvort ekki þyrfti samþykki hjá nágrönnum tívolísins vegna hávaðamengunar og hvort hávaðinn fari ekki hreinlega yfir leyfileg mörk. Sparisjóðurinn sendi bæjaryfirvöldum í Kópavogi bréf fyrir rúmum tveimur vikum vegna ónæðisins frá tívolínu.

Tívolíið hefur hingað til verið á planinu hjá Smáralind en í ár var það fært yfir á malarplan á milli Smáralindar og Hlíðasmára. Þar á milli er aðeins ein gata yfir að sparisjóðnum. Starfsmönnum sparisjóðsins þykir gnýrinn frá tívolínu orðinn yfirþyrmandi og opna helst ekki glugga. Hávær hljóð berist frá búnaðinum sjálfum og tónlistinni sem og skrækjandi börnum sem öskra upp yfir sig í tækjunum. Þetta stöðuga ónæði upphefjist á hverjum degi klukkan eitt.

Bæjarráð Kópavogs hefur falið bæjarlögmanni að útbúa svar til sparisjóðsins en það hefur enn ekki verið sent út. **- gar**




**SPARISJÓÐURINN OG TÍVOLÍIÐ** Hávaðinn frá tívolínu er lýjandi fyrir starfsfólk Sparisjóðs Kópavogs sem spyr hvort ekki þurfi að fá samþykki næstu nágranna fyrir slíku áreiti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hversu hátt stefnir þú?

## Nýjar og betri ávöxtunartölur

Hafðu lítið fyrir hlutunum! Í **Sjóðastýringu SPRON Verðbréfa** geturðu valið um þrjú fjárfestingarsöfn sem sérfræðingar hafa sett saman. Þú velur það safn sem þú telur að henti þér og þínum markmiðum og verðbréfasérfræðingar sjá síðan um að ávaxta sparnaðinn.



### ÁVÖXTUNARSAFNIÐ




**27,30% ávöxtun**

Meiri sveiflur, hærri væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf



### HEFÐBUNDNA SAFNIÐ




**22,78% ávöxtun**

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf



### ÖRUGGA SAFNIÐ




**18,24% ávöxtun**

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf

Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.

Netbankinn

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

75 ára | spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is
www.spronverdbref.is – www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við tímabilið 1. júlí 2006 til 1. júlí 2007. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað. Fjárfest er í verðbréfasjóðum og/eða fjárfestingarsjóðum skv. lögum nr. 30/2003.

Himinn og haf / SÍA – 9070921

## GENGIÐ 26.07.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,90 | 60,18 |
| Sterlingspund | 122,68 | 123,28 |
| Evra | 82,12 | 82,58 |
| Dönsk króna | 11,035 | 11,099 |
| Norsk króna | 10,33 | 10,39 |
| Sænsk króna | 8,909 | 8,961 |
| Japanskt jen | 0,4975 | 0,5005 |
| SDR | 91,73 | 92,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

111,4678

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Frumrannsókn Rannsóknarnefndar flugslysa á flaki TF-SIF er á lokastigi:

# Festingar sprengdu flotholtið

**SLYS** Festingar fyrir hraðaskynjara eru taldar hafa orðið til þess að flotholt björgunarþyrlunnar TF-SIF rifnaði eftir nauðlendingu úti af Straumsvík 16. júlí síðastliðinn. Gögn úr hljóðrita þyrlunnar hafa borist Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) og eru til rannsóknar.

Þorkell Ágústsson, forstöðumaður RNF, segir að frumrannsókn á þyrluslysinu sé rétt ólokið. Ráðgjafar á vegum Rannsóknarnefndar flugslysa í Frakklandi hafa aðstoðað RNF við rannsóknina, þar á meðal sérfræðingur frá hreyflaframleiðandanum TurboMeca og frá framleiðanda flotholtanna sem þyrlan var útbúin. „Við teljum að festingarnar hafi nuddast við bæði fremri flotholtin með þeim afleiðingum að annað þeirra rifnaði. Þetta er til frekari skoðunar. Við viljum læra af þessu og jafnvel breyta um staðsetningu þessara festinga á öðrum þyrlum.“



**FLAKIÐ Í SJÓNUM** Frumrannsókn á björgunarþyrlunni TF-SIF er á lokastigi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorkell segir að ekki sé enn vitað af hverju snúningur á aðalhreyfli þyrlunnar féll með þeim afleiðingum að flugstjóri hennar þurfti að lenda henni á sjónum. „En okkur hafa borist hljóðritagögnin og þau voru heil og gagnleg.“ Eftir er að vinna betur úr gögnum hljóðritans auk þess sem hreyflar þyrlunnar og kerfi tengd þeim eru til rannsóknar með fulltingi sérfræðinganna frá Frakklandi. - shá

Unglingar í Kópavogi:

## Kveiktu í bensíni á bílastæði

**LÖGREGLUMÁL Tveir fimmtán ára drengir kveiktu í bensíni á bílastæði við einbýlishús í Lindahverfi í Kópavogi í hádeginu í gær.**

**Mikinn svartan reyk lagði frá bílastæðinu og leit út fyrir að um stórbruna væri að ræða.**

**Litlu mátti muna að eldurinn næði að læsa sig í bílskúr hússins sem og bíl sem stóð á stæðinu.**

**Bíllinn skemmdist eitthvað ásamt því að rúða sprakk í bílskúr hússins. Skamma stund tók að slökkva eldinn.**

**Drengirnir voru færðir á lögreglustöð þar sem foreldrum þeirra var gert að sækja þá. - aví**

Áfangi í jafnréttisbaráttunni:

## Þrjár konur ráðuneytisstjórar

**JAFNRÉTTI „Þetta er stór áfangi í jafnréttisbaráttunni og ég er ákaflega ánægð með þessa ráðningu,“ segir Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins, um ráðningu Jónínu S. Lárusdóttur í embætti ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins.**

**Þrjár konur eru nú ráðuneytisstjórar því auk Ragnhildar og Jónínu er Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Aldrei áður hafa svo margar konur gegnt stöðu ráðuneytisstjóra á Íslandi í senn. Tvær aðrar konur hafa verið ráðuneytisstjórar, þær Berglind Ásgeirsdóttir á árunum 1988 til 2002 og Guðríður Sigurðardóttir 1993 til 2003. - þo**



**BJÖRGUNARSKIP** Skipin sanna gildi sitt aftur og enn.

Björgunarsveitir í önnum:

## Tveir bátar í nauð aðstoðaðir

**BJÖRGUN** Björgunarskipin Húnabjörg á Skagaströnd og Þór í Vestmannaeyjum voru kölluð út í gær til að aðstoða báta sem þurftu aðstoð. Húnabjörgin aðstoðaði fiskibát sem strandaði á skeri skammt frá innsiglingunni til Skagastrandar og Þór var kallað út til að aðstoða trillu sem rakst á rekald svo að leki kom að henni. Bæði björgunarskipin voru fljót á vettvang og allir komust heilir heim. - shá

# Líbía fær ógrynnin öll fyrir fangana sex

**Meira og minna leynilegir samningar um framsal hjúkrunarfólksins til Búlgaríu hafa skilað Líbíu margs konar hagræði. Bæði ættingjar alnæmissmituðu barnanna og stjórnvöld í Líbíu gagnrýndu þó í gær náðun fanganna.**

**LÍBÍA** Bandaríkin, Evrópusambandið og Búlgaría stóðu árum saman í erfiðum en að mestu leynilegum samningaviðræðum við stjórn Moammars Gaddafi í Líbíu um örlög búlgörsku hjúkrunarfræðinganna fimm og palestínska læknisins, sem framseld voru til Búlgaríu í byrjun vikunnar.

Skriður virðist þó ekki hafa komist á málin fyrr en eftir að Nicolas Sarkozy var kosinn Frakklandsforseti. Bæði hann og Cecilia eiginkona hans þykja hafa unnið nokkuð afrek með því að leiða málið til lykta.

Í gær fordæmdu hins vegar ættingjar líbísku barnanna, sem smituðust af alnæmisveirunni fyrir tíu árum, ákvörðun forseta Búlgaríu um að náða hjúkrunarfólkið. Stjórnvöld í Líbíu komu sömuleiðis mótmælum á framfæri við sendiráð Búlgaríu í gær þar sem náðunin er sögð vera „brot á samkomulagi“ milli landanna, og kröfðust opinberrar skýringar.

Boris Velchev, aðalsaksóknari í Búlgaríu, vísaði þessum mótmælum þegar í stað á bug og sagði ekkert athugavert við náðun fanganna.

Margt hefur verið óljóst um samningana sem leiddu til þess að Líbía féllst á að framselja fangana til Búlgaríu en þau mál hafa þó verið að skýrast á síðustu dögum.

Hjúkrunarfólkið var ekki framselt frá Líbíu til Búlgaríu fyrr en ættingjar barnanna, samtals 460 fjölskyldur, höfðu síðastliðinn sunnudag fengið greitt jafnvirði 60 milljóna króna hver, auk þess sem Evrópuríki höfðu veitt tryggingar fyrir því að börnin myndu hljóta viðeigandi læknismeðferð eftir því sem þörf krefur allt til æviloka.



**SARKOZY OG GADDAFI** Frakklandsforseti heimsótti Líbíuleiðtoga nú í vikunni til að ganga frá samningum í kjölfar framsals búlgörsku fanganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ekki er vitað hvaðan peningarnir sem ættingjarnir fengu er komið, samtals 460 milljónir dala, en Sarkozy þykir hafa gefið ákveðna vísbendingu um það þegar hann hrósaði stjórnvöldum í Katar fyrir að hafa átt stóran þátt í að leysa málið.

Á miðvikudaginn, þegar Sarkozy var í heimsókn hjá Gaddafi, voru undirritaðir samningar milli Frakklands og Líbíu um samstarf á fjölmörgum sviðum, meðal annars um kjarnorkuvinnslu. Evrópusambandið hefur einnig fallist á að veita Líbíu margvíslega aðstoð og bauð einnig aukin viðskiptatengsl.

Þá sagðist Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ætla að bregða sér til Líbíu á næstunni. „Ég veit að bandarísk fyrirtæki hafa mikinn áhuga á að starfa í Líbíu,“ sagði hún.

Forsætisráðherra Búlgaríu, Sergei Stanishev, segir vel koma til greina að afskrifa allar skuldir Líbíu við Búlgaríu, en þær nema meira en sem svarar þremur milljörðum króna.

Stanishev leggur þó mikla áherslu á að það yrði gert af mannúðarástæðum, en alls ekki megi líta á það sem „greiðslu lausnargjalds eða viðurkenningu á sekt“ hjúkrunarfólksins.

gudsteinn@frettabladid.is



**ÞORSKUR** Starfsleyfi í Eyjafirði staðfest. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Staðfest leyfi þorskeldis:

## Þorskur ógnar ekki sæeyrum

**UMHVERFISMÁL** Starfsleyfi fyrir tvö þúsund tonna þorskeldi í Eyjafirði hefur verið staðfest af umhverfisráðuneytinu. Leyfið var gefið út af Umhverfisstofnun árið 2005 til AGVA-Norðurland ehf. Fyrirtækið Haliotis á Íslandi ehf. kærði starfsleyfið og sagði þorskeldið mundu hafa mjög neikvæð áhrif á eldi í eldisstöð Haliotis við Hauganes vegna aukinnar mengunar sjávar.

Umhverfisráðuneytið segir gögn benda til þess að aukning á mengun við sjótöku Haliotis vegna þorskeldisins verði hverfandi miðað við bakgrunnsstyrk þessara efna í sjónum. - gar

Samgöngur til Eyja:

## Vilja trúverðuga áætlun

**SAMGÖNGUMÁL Félagsfundur Drífanda stéttarfélags í Vestmannaeyjum fagnar að komnar séu verðtölur á rannsóknir er skera úr um framtíðarsamgöngur Eyjamanna um jarðgöng.**

**Í ályktun félagsins kemur fram að núverandi samgöngukostir anna ekki flutningsþörf til Eyja og brýnt sé að fjölga ferðum með þjóðveginum Herjólfi. Strax verði farið í endurskoðun gjaldskrár ferjunnar, enda sé hún ekkert annað en landsbyggðarskattur sem stendur byggð og atvinnulífi fyrir þrifum. - shá**






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Þurrt vestanlands**

Það er blautt í veðri þessa dagana. Sunnanlands má búast við síðdegisskúrum, og á Norður- og Norðausturlandi er súld eða rigning við ströndina. Líklegt er að þurrt verði á Vesturlandi og á sunnanverðum Vestfjörðum í dag. Hitinn er lægri en undanfarnar vikur, en hlýnar aftur í byrjun næstu viku. Vindátt breytist lítið í dag og á morgun, en á sunnudag má búast við suðvest lægum áttum

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðan 5-8, hiti 10-15 stig.

*um hádegi »*







*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skýjað | London | 20°C skúrir | Eindhoven | 22°C skýjað |
| Billund | 15°C rigning | París | 22°C léttskýjað | Basel | 26°C léttskýjað |
| Osló | 16°C rigning | Frankfurt | 24°C léttskýjað | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 18°C rigning | Friedrichshafen | 26°C léttskýjað | Róm | 33°C heiðskírt |
| Gautaborg | 16°C rigning | Berlín | 24°C léttskýjað | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Grillum saman

Kjöt & fisktorgið



Lambalæri
beint úr kjötborði

TILBOÐ 998 kr/kg
Verð áður 1.394,-



30% afsláttur við kassa

Íslandsnaut
**piparsteik**

TILBOÐ 1.838 kr/kg
Merkt verð 2.626,-



20% afsláttur við kassa

**Andabringur**
frosnar

TILBOÐ 2.549 kr/kg
Merkt verð 3.186,-

Jói FEL



## 2 fyrir 1

**Jói Fel sósur, tilvaldar:**

- á salatið
- sem brauðdýfa
- á reyktan og grafinn lax

TILBOÐ 99 kr/stk
Verð áður 149,-



**Cult orkudrykkur**
- á dúndur tilboði

TILBOÐ 199 kr/pk
Verð áður 249,-



**Ítölsk margherita pizza**
- 2 í pakka

Nýtt í Hagkaupum



**Green & Blacks lífrænn ís**
- 4 tegundir

Gildir til 29. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú jarðgöng til Vestmannaeyja?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 22,5% |
| NEI | 77,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þér þótt framhaldssagan um hundinn Lúkas áhugaverð?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Bæjarstjóri Vestmannaeyja fordæmir orð formanns samgöngunefndar um göng:

# Vill skýringu á gífuryrðum

**SAMGÖNGUMÁL** Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur krafið Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, alþingismann og formann samgöngunefndar alþingis, skýringa á orðum hennar um jarðgöng til Vestmannaeyja. Steinunn sagði í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag að heilbrigð skynsemi hefði sagt fólki í gegnum tíðina að jarðgöng til Eyja væru óraunhæfur kostur. Elliði hefur jafnframt farið fram á það við Steinunni að hún biðji Vestmannaeyinga afsökunar á ummælum sínum.

Steinunn Valdís er stödd í fríi úti á landi og hafði ekki séð bréf Elliða þegar Fréttablaðið náði sambandi við hana. „Mín fyrstu viðbrögð eru þau að það sé ekki málinu til framdráttar að bregðast við með þessum hætti. Þetta er stórt mál sem þarf að ræða af yfirvegun."

Elliði hefur skrifað Steinunni bréf þar sem hann biður þingmanninn um skýringar á orðum sínum. Hann fordæmir í bréfinu að formaður samgöngunefndar og þingmaður Samfylkingarinnar „skuli beita slíku tali í umræðu um jafn mikilvægt málefni sem varðar hagsmuni heils byggðarlags. Það er von mín að þú sjáir þér í framtíðinni fært að sýna samgöngumálum og því fólki sem að þeim koma tilhlýðilega virðingu," skrifar Elliði. - shá



**ELLIÐI VIGNISSON** Bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Alþingismaður og formaður samgöngunefndar.

Áttatíu yfir hámarkshraða:

# Í kappakstri á Hörgárbraut

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri handtók karlmann um tvítugt laust fyrir miðnætti á miðvikudagskvöld eftir að hann hafði verið í kappakstri við félaga sinn á Hörgárbraut á Akureyri. Maðurinn var á 132 km hraða. Hámarkshraði í götunni er 50 km.**

**Félagi mannsins, sem ók samhliða þeim sem náðist, var á sama hraða; hann náði að stinga af. Lögregluna grunar hver maðurinn er og leitaði hans á Akureyri í gær.**

**Lögreglan náði kappakstri mannanna upp á myndband. Að sögn lögreglunnar er ekki algengt að menn séu í kappakstri innanbæjar á Akureyri.** - ifv

VBS fjárfestingarbanki:

# Arðsemi eigin fjár 48 prósent

**VIÐSKIPTI** VBS fjárfestingarbanki hagnaðist um 1.352 milljónir króna á fyrri hluta ársins samkvæmt uppgjöri sem bankinn skilaði í gær. Hagnaðurinn jafngildir 48 prósenta ávöxtun eigin fjár á ári.

„Lætur nærri að hagnaður hafi numið 10 milljónum króna á hverjum virkum degi frá því að samruni VBS og FSP hf. tók gildi um áramótin," segir í tilkynningu. Jón Þórisson, framkvæmdastjóri VBS, segir árangurinn framar björtustu vonum, markvisst hafi verið unnið að því að auka fjölbreytni í starfseminni. Samkvæmt fyrsta hálfsársuppgjöri sameinaðs banka nemur eigið fé rúmum 7,7 milljörðum króna. - óká

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fíkniefni undir stýri

Árekstur varð milli tveggja bíla á Hafnargötu í Reykjanesbæ í gærdag. Annar ökumaðurinn er grunaður um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna.

**VEÐUR**

### Esjan brátt snjólaus

Allt bendir til þess að snjór hverfi alveg úr suðurhlíðum Esjunnar í sumar og verður það sjöunda árið í röð sem slíkt gerist. Aldrei áður hefur snjór horfið úr hlíðum fjallsins svona mörg ár í röð.

# Misskildu útboðsreglurnar

**Forsvarsmenn Sláturhúss Hellu töldu sig geta boðið í undirflokka tolla af kjötvörum í núllkvótaútboði í apríl. Þegar annað kom á daginn var hætt við kaup á öllu saman þar sem markaðsaðstæður höfðu breyst. Framkvæmdastjóri segir undarlegt að það hafi engar afleiðingar að fá úthlutað kvóta en sækja hann aldrei.**

**VIÐSKIPTI** Misskilningur á útboðsreglum og breytingar á markaðsaðstæðum ollu því að forsvarsmenn Sláturhúss Hellu hf. (SH) sóttu aldrei kvóta sem þeir fengu úthlutað úr núllkvótaútboði á kjötvörum sem haldið var í apríl. Núllkvótinn var liður í samningi við ESB sem ætlað var að stuðla að lækkun matvælaverðs á Íslandi. Hann hefur ekki verið boðinn út að nýju.

SH taldi sig geta boðið í undirflokka tolla af nautakjöti og bauð því lágt verð í hakkvöru, en hátt í dýrara kjöt, til dæmis lundir. Kvótanum var hins vegar ekki úthlutað eftir undirflokkum, heldur einungis yfirflokkum. Eðli málsins samkvæmt var einungis hæstu boðum tekið. Það þýddi að boði SH, sem og öðrum lágum boðum, í hakkvöru var hafnað en hærri boðum í fínna kjöt tekið, þar á meðal boði SH í lundir.

„Við skildum útboðið þannig að það ætti að bjóða í undirflokka," segir Þorgils Torfi Jónsson, framkvæmdastjóri SH. Hann segir að þegar annað hafi komið í ljós hafi SH ákveðið að hætta við allt saman. „Við höfðum ekki kaupendur að því magni að okkur þætti taka því að flytja hitt kjötið inn. Það kom líka aukið framboð inn hjá okkur á þessum tíma."

„Menn flytja almennt inn þá vöru sem vantar á markaðinn," segir Guðmundur B. Helgason, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Hann segir það aðallega vera dýrari vöruna og því klárist kvótinn jafnan í dýrari vöruna. „Við höfum brugðist við því með því að hafa bara opinn tollkvóta á föstum lækkuðum gjöldum fyrir nautahakkið til dæmis. Það fyrirkomulag hefur gefist býsna vel."

Auk þessa 550 tonna núllkvóta, það er kvóta sem bjóða má í allt niður í núll krónur, kveður samningurinn við ESB á um almenna lækkun tolla á þessar vörur um fjórutíu prósent. „Það skapar skilyrði fyrir því að hægt sé að flytja inn ótakmarkað magn fyrir utan núllkvótann. Það hefur verið talsvert um það," segir Guðmundur.

Þorgils gagnrýnir útboðskerfið. „Þegar maður fær kvóta úthlutað er maður ekki skuldbundinn af einu eða neinu.

Það var útgjaldalaust fyrir mig að halda kvótanum en gera síðan ekkert í því. Það er auðvitað mjög vitlaust."

Í Fréttablaðinu í gær er haft eftir Guðmundi að ráðgjafarnefnd muni líklega fara yfir útboðsreglurnar með tilliti til þessa í haust.

stigur@frettabladid.is



**SKROKKAR** Núllkvótinn var á 550 tonn af kjötvöru, nautakjöti, lambakjöti, alifuglakjöti og unnu kjöti. Hann var hluti af samningi við ESB sem átti að stuðla að lækkun matvælaverðs á Íslandi.



**GUÐMUNDUR B. HELGASON**



**ÞORGILS TORFI JÓNSSON**




## Hentugt við grillið

einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Tilboðið gildir út júlí 2007 eða meðan birgðir endast.

Á tilboði í júlí 2007

Plasthnífapör, pappadiskar og plastglös

Snæbjörn Árnason, sölumaður hjá RV

446 kr. Pappadiskar 18cm, 100stk (10ík)

356 kr. Pappadiskar djúpir 19cm, 50stk (20ík)

296 kr. Pappadiskar 23cm, 50stk (20ík)

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6238A




**Á RÁÐSTEFNU Í ÞJÓÐMINJASAFNINU** Pierre Bessard, forstöðumaður Constant de Rebecque-stofnunarinnar í Sviss, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, Birgir Þór Runólfsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, og Jón Þór Sturluson, dósent í hagfræði við Háskólann í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðstefna Félagsvísindastofnunar um skattalækkanir:

# Stimpilgjöldin næst

**VIÐSKIPTI** Frekari skattalækkana er hér þörf og er þar sérstaklega horft til afnáms stimpilgjalds og annarra samkeppnishindrandi gjalda. Þetta kom fram í máli Björgvins G. Sigurðssonar á ráðstefnu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um skattalækkanir í gær.

„Hluti af stjórnarsáttmálanum er afnám stimpilgjalda þegar svigrúm gefst, eins verða skoðuð uppgreiðslugjöld og önnur samkeppnishindrandi gjaldtaka. Vonandi verður það fyrr en seinna á kjörtímabilinu," segir Björgvin, en hann sótti ráðstefnuna og flutti lokaávarp, en ráðstefnuna opnaði Geir H. Haarde forsætisráðherra.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, sem er hluti af rannsóknarverkefni sem dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson annast, var nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, Edward C. Prescott, en hann er hagfræðiprófessor í Ríkisháskólanum í Arizona í Tempe og sérfræðingur í Seðlabankanum í Minneapolis. Fram kom í máli Prescotts að hér hafi margt áunnist í skattamálum með lækkun skatta. Hann taldi þó að enn lengra þyrfti að ganga í þeim efnum til að gera landið samkeppnishæfara og bæta um leið lífsskilyrði. „Mér finnst gaman að gefa einkunnir og Ísland fær -A fyrir árangurinn, sem er prýðiseinkunn," sagði hann í erindi sínu. - óká

Vatnsverksmiðja á Rifi:

# Tugir starfa ef samningar nást

**IÐNAÐUR Snæfellsbær hefur ákveðið að ganga til samninga við fyrirtækið Icelandic Glacier Product um að vatnsverksmiðja verði á Rifi.**

**Frá þessu er greint á fréttavefnum Skessuhorni.**

**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, segir að ef allt gangi fyrir sig eins og vænta megi muni samningar nást ekki seinna en í lok næstu viku.**

**Fjörutíu til fimmtíu starfsmenn munu starfa við verksmiðjuna þegar hún kemst á fullt skrið en ráðgert er að fyrirtækið nái fullum afköstum á þriðja starfsári.** - pal

**ENGLAND**

### Flóðin í rénun

Hundruð íbúa flóðasvæðanna í Bretlandi snúa nú til síns heima, en flóðin eru í rénun. Eignatjón er gífurlegt og rafmagnsleysi og vatnsskortur er víða.

**PORTÚGAL**

### Áfellast foreldra Madeleine

Portúgalskir fjölmiðlar gagnrýna foreldra Madeleine McCann. Krafist er þess að ákæra verði gefin út á hendur þeim fyrir að skilja börnin eftir.




# Þrjár sérverslanir - ein netverslun

## Alltaf meira úrval - Alltaf betra verð



**Simms Freestone öndunarvöðlur og Simms Freestone skór.** Einhverjar mest keyptu öndunarvöðlurnar á markaðnum.
**Fullt verð 32.800.**
**Pakkatilboð aðeins 27.880.**



**Simms L2 öndunarvöðlur og Simms L2 skór.** Þú færð ekki Gore-tex vöðlur á betra verði. Vöðlur með styrkingu á álagsstöðum. Léttir og sterkir skór með filtsóla.
**Fullt verð 44.800.**
**Pakkatilboð aðeins 37.990.**



**Ron Thompson Aquasafe öndunarvöðlur og skór.** Sterkar og góðar öndunarvöðlur. Lausar sandhlífar. Góðir vasar. Belti fylgir. Léttir og sterkir skór með filtsóla.
**Fullt verð 28.990.**
**Tilboð aðeins 19.990.**



**Ron Thompson neoprenvöðlur.** 4mm þykkt efni. Styrkingar á hnjám. Góður brjóstvasi. Fóðruð stígvél með filtsóla.
**Fullt verð 12.995.**
**Nú á tilboði aðeins 8.995**



**[Scierra] Canyon veiðijakki.**
Vandaður, vatnsheldur jakki með góðri útöndun. **Fullt verð 17.995.**
**Nú á tilboði aðeins 14.495**



**Ron Thompson vöðlutöskur.**
Nauðsynleg taska fyrir alla þá sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn, lok með loftun. Motta til að standa á.
**Verð aðeins 3.995.**



**Okuma SLV fluguhjól.**
Létt "large arbour" hjól með góðri bremsu. Margar stærðir. Frábært verð.
**Aðeins 8.995**



**Spinnhjól í ótrúlegu úrvali.**
Öll bestu hjólin á markaðnum frá DAM og Okuma.
**Verð aðeins frá 1.995 með girni**



**Scierra fluguveiðipakki.**
Scierra Avalanche einhenda ásamt Scierra fluguhjóli með góðri bremsu. Vönduð flotlína, undirlína, taumatengi og taumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
**Fullt verð 25.900. Pakkatilboð aðeins 19.900**



**Scierra tvíhendupakki.**
Scierra Avalanche tvíhenda í 4 hlutum. 12,6 eða 14 fet. Vandað Scierra fluguhjól úr áli. Scierra skotlína, undirlína og sökktaumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
**Fullt verð 44.900. Pakkatilboð aðeins 37.800.**



**Sage fluguveiðisett.** Sage Fli einhenda ásamt Sage hjóli og RIO flugulínu. Lífstíðarábyrgð frá Sage. Hólkur fylgir. Sage – tvímælalaust toppurinn í flugustöngum.
**Verð aðeins 39.900 fyrir allt þetta**



**Scierra hjólatöskur** – Góðar hjólatöskur í 3 stærðum. Fara vel með öll hjólin þín. Einnig pláss fyrir sökkenda, tauma og fleira smálegt.
**Verð aðeins frá 2.995**



**HMT skotlínurnar frá Scierra** fyrir þá sem vilja ná lengra. Að margra mati besta flugulínan á markaðnum í dag.
**Verð aðeins 5.995.-**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 | Krókháls 5 – Sími 517 8050 | Síðumúli 8 – Sími 568 8410

**Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is**

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hver leikur Jónas Hallgrímsson í nýrri kvikmynd um þjóðskáldið?
2. Hvað kallast heræfingarnar sem verða haldnar hér á landi í ágúst?
3. Hver er fjárfestingargeta Kaupþings talin vera?

SVÖR Á SÍÐU 42

Bindindismótið var aðalfjáröflun okkar en snerist í andhverfu sína, segir framkvæmdastjóri I.O.G.T.

# Seldu Galtalækjarskóg í fjárkröggum

**NÁTTÚRA** Bindindissamtökin I.O.G.T. hafa selt Galtalækjarskóg Vætti ehf., sem er í eigu Karls og Ingunnar Werner. Ástæðan er fjárhagsörðugleikar, en samtökin hafa tapað stórfé á bindindismótinu í Galtalæk undanfarin ár. Engin hátíð verður í sumar.

„Mótið var aðalfjáröflunin okkar en á seinni árum snerist það í andhverfu sína og kostaði okkur mikinn pening,“ segir Einar Hannesson, formaður svæðisráðs I.O.G.T. „Eftir að stórhátíðirnar fóru inn í þéttbýlið dró verulega úr aðsókn á mótið. Það er bara búið að dreifa þessum hátíðum of mikið.“

Hann segir súrt að þurfa að selja skóginn eftir svo langan tíma en samtökin hafa verið með starfsemi þar í fjörutíu ár, síðan 1967. „Þetta er mjög sorglegt, þarna hafa margir unnið mikið sjálfboðastarf og glæsileg aðstaða verið byggð upp. Fasteignirnar einar eru meira en hundrað milljóna króna virði samkvæmt brunabótamati.“ Hann vildi ekki gefa upp söluverðið, en kaupsamningurinn hljóðar upp á 84 hektara lands ásamt tjaldsvæði og þjónustumiðstöð.

Varðandi önnur verkefni I.O.G.T. þegar Galtalækjarskógur hefur verið seldur segir Einar ekkert ákveðið en ýmislegt komi til greina. „Nú eru skuldirnar að baki og við getum horft björtum augum fram á veginn.“

- sþs



**Á BINDINDISMÓTI** Á árum áður var algengt að í kringum tíu þúsund manns kæmu og skemmtu sér á bindindismótinu í Galtalæk um verslunarmannahelgina. Sú tíð er liðin, segir framkvæmdastjóri I.O.G.T. sem hefur selt skóginn.






# Reykingabann tókst betur en á horfðist

**Vertar segja reykingabannið almennt séð hafa tekist betur en þeir bjuggust við. Veltan var góð í júlí. Þeir kvíða þó vetrinum og útiloka ekki málarekstur svo reykherbergi verði leyfð. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki undan neinu að kvarta.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Vel hefur tekist til með reykingabannið, að mati heilbrigðiseftirlitsins og betur en á horfðist, að mati Kormáks Geirharðssonar og Ólafs S. Ólafssonar veitingamanna.

Hvorugum þeirra var þó kynnt fyllilega hver færi með eftirlit með banninu né hverjar sektir kunni að verða við brotum á því.

Við eftirgrennslan kom í ljós að eftirlitið er ekki á könnu lögreglunnar, heldur Heilbrigðiseftirlitsins og Vinnueftirlitsins, hvað starfsmenn veitingastaða varðar.

Gunnar Kristinsson, heilbrigðisfulltrúi hjá Reykjavíkurborg, segir að stofnunin hafi beint tilmælum sínum til veitingamanna um að þeir virði bannið og þeir hafi brugðist vel við því.

„Það hefur engin kvörtun borist vegna brota á banninu, né vegna aukins hávaða reykingamanna á götum úti,“ segir hann. Einungis einu sinni hafi verið kvartað vegna sígarettustubba og rusls.

Ekki hefur þótt ástæða til að gera eftirlitsmenn út af örkinni á kvöldin og ekki hefur verið ákveðið hverjar yrðu sektir við brotum.

Fari svo að vertar verði uppvísir að því að brjóta lögin væri ein tegund sektar að senda eftirlitsaðila á staðinn, til dæmis á hverju kvöldi. Veitingamenn bæru kostnaðinn af heimsókninni, en hann er minnst fimmtán þúsund krónur í hvert sinn. „Þá hæfist ákveðið þvingunarferli sem gæti farið út í að staðurinn missti rekstrarleyfið,“ segir Gunnar.



klemens@frettabladid.is

## ALMENNINGUR FYLGIST MEÐ



Ólafur S. Ólafsson, eigandi Café Amsterdam, hefur ekki séð nokkurn opinberan aðila fylgjast með því að reykingabann haldi. „Heilbrigðiseftirlitið gerir það ekki og lögreglan ekki heldur. Það er bara almenningur sem fylgist með þessu.“

Veltan á Amsterdam hefur staðið í stað, segir hann, en tóbakssala snarminnkað. „Fólk reykir bara minna og ég verð að viðurkenna að þetta tókst mun betur en ég átti von á.“

Ólafur hefur þó sitthvað að athuga við framkvæmd bannsins og sér í lagi segir hann óánægju ríkja meðal viðskiptavina sinna að mega ekki fara út fyrir með bjórflöskuna. „Það er vanhugsað. Fólk neyðist til að sturta í sig bjórnum eða biðja aðra um að passa upp á flöskuna. Svo kemur fyrir að reykt er á klósettunum, enda er það staður sem við megum ekki fylgjast með. Við óttumst stundum að kvikni í ruslafötunum út af þessu.“

Vertinn á Amsterdam segist reyna að vera jákvæður en játar að hann kvíði vetri.

## KVÍÐA VETRINUM



Veitingamenn á Ölstofu Kormáks og Skjaldar segja veðurblíðuna hafa hjálpað til með framkvæmd reykingabannsins. Þeir kvíða þó því sem koma skal er kólnar í vetur.

„Við misstum alveg þá sem komu til okkar í drekkutíma fyrripartinn, en þetta hefur annars gengið ágætlega og við höfum haldið sjó,“ segir Kormákur Geirharðsson. „Við vorum tæpum tíu prósentum undir veltu í júní, miðað við í fyrra, en júlí er búinn að vera ansi góður og verður ansi nærri því sem var í fyrra.

En svo kólnar, karlinn minn, og þá gjörbreytast aðstæður. Við erum því enn að pæla í að sækja mál okkar, ásamt nokkrum öðrum stöðum. Við viljum fá undanþágu til að hafa reykherbergi. Ég held reyndar að nýi heilbrigðisráðherrann sé til í að skoða það mál.“

Kormákur hefur ekki fengið greinargóðar skýringar á því hvaða opinber aðili framfylgi reglunum. „Ég veit það ekki, ef ég á að segja eins og er. Við heyrðum bara að brot á reglum leiði til sekta og ítrekað brot til þess að við missum veitingaleyfið.“






Veiðihúsið sem byggt er án leyfis skipulagsnefndar í Skaftárhreppi:

# Ríkið fékk ekki Grænalónið

**ÞJÓÐLENDUR** „Við erum nýbúin að fara í mál og það er nýbúið að dæma að þetta sé ekki þjóðlenda,“ segir Ásta Sverrisdóttir, íbúi í Skaftártungu og ein af þeim landeigendum sem leigt hafa Grænalónsfélaginu rétt til að veiða í Grænalóni.

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um framkvæmdir við Grænalón við Skeiðarárjökul. Lónið er í Skaftárhreppi og á þjóðlendu. Sagt var að sveitarstjórinn endurbyggði veiðikofa á þjóðlendunni og gekkst hann við því.




Í kjölfar umfjöllunarinnar hefur verið bent á að annað Grænalón er í þessum sama hreppi. Það er lítið veiðivatn í Jökuldölum, nær Landmannalaugum. Þetta er lónið þar sem Grænalónsfélag sveitarstjórans í Mýrdalshreppi, Sveins Pálssonar, endurbyggir veiðihúsið.

„Þeir eru ekki undanþegnir skipulags- og byggingarlögum, en þetta er ekki á þjóðlendu,“ segir Ásta. Hún telur líklegt að sveitarstjórinn hafi ekki heyrt af því, að dæmt hafi verið í málinu, enda búi hann ekki í hreppnum.

- kóþ




# Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

## Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**



**FORNBÍL VIÐ KREML** Gömul Rolls Royce-bifreið í Moskvu, en þangað var henni ekið frá París ásamt fleiri fornbílum og er ferðinni heitið til Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tugir hafa látist og þúsundir hektara brunnið í skógareldum í Suðaustur-Evrópu:

# Önnur stóra hitabylgjan í ár

**GRIKKLAND,AP** Skógareldar geisa og víðtækt rafmagnsleysi plagar íbúa í sunnanverðri Evrópu vegna mikillar hitabylgju. Er þetta önnur stóra hitabylgjan á þessu svæði í sumar og hefur hitinn valdið að minnsta kosti 33 dauðsföllum í Rúmeníu.

Þúsundir hektara af skógi vöxnu landi hafa orðið eldi að bráð á Ítalíu, í Búlgaríu, Makedóníu og Grikklandi. Talið er að um íkveikju hafi verið að ræða í mörgum tilfellum og hafa nokkrir verið handteknir vegna þess. Skógareldar hafa einnig geisað í Serbíu.

Þrír létust í suðurhluta Grikklands á miðvikudagskvöld þegar eldur barst í heimili í útjaðri bæjarins Aegio. Bjarga þurfti nokkrum sem voru innlyksa með því að hífa þá upp í þyrlu. Gífurlegt álag er á fólki sem vinnur við slökkvistörf á þessum svæðum og hafa flugmenn þyrlna og flugvéla sem flytja vatn á eldinn látist við störf bæði á Ítalíu og í Grikklandi.



**FÓLK SÆKIR Í SVALANN** Heldur kaldara er við árbakkana og hægt að skvetta á sig vatni ef þörf krefur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áttræð kona lést í norðurhluta Grikklands vegna hitaslags þegar hitinn fór upp í 45 gráður. Heilbrigðisyfirvöld í Ungverjalandi segja hitann hafa flýtt fyrir dauða hundraða alvarlegra veikra sjúklinga. Rafmagn hefur farið af stórum svæðum á vestanverðum Balkanskaga og hafa stjórnvöld ríkja þar beðið fólk um að takmarka notkun á loftræstingu til að spara rafmagn.

Gert var ráð fyrir svalara veðri í lok vikunnar en ekkert útlit er fyrir rigningu í bráð. **- sdg**

Líkindalögmálinu storkað:

# Dómari og kona hans í kviðdómi

**BANDARÍKIN Thomas Conklin, dómari í Kansas, og Judy, kona hans, storkuðu lögmálum stærðfræðinnar nýlega þegar þau voru bæði valin til að sitja í kviðdómi á sama degi. Þúsundir Kansasbúa koma til greina í slíka vinnu, en lögum samkvæmt skulu allir taka að sér setu í kviðdómi í Bandaríkjunum ef þeir eru kvaddir til þess.**

**Til að krýna ólíkindin kom síðan í ljós að réttarhöldin sem Thomas þurfti að vera viðstaddur og úrskurða um í félagi við aðra meðlimi kviðdómsins, áttu sér stað í dómsalnum sem hann dæmir alla jafna í sjálfur. - sh**

Úgandamenn hafa áhyggjur:

# Kynlífstré í útrýmingarhættu

**ÚGANDA Hætta er á að ákveðin tegund trjáa deyi út í Úganda, að sögn vísindamanna þar í landi. Rót trésins, sem kallast omuboro, er talin örva kynhvöt manna. Trén eru því rifin upp með rótum til að fólk komist yfir ræturnar. Þar sem trén vaxa mjög hægt eru þau í útrýmingarhættu.**

**Drykkur úr þessum rótum er mjög vinsæll í Úganda en áhrifin af honum hafa ekki verið vísindalega sönnuð. - þeb**

**AKRANES**

## Umhverfisráð skoðar garða

Fulltrúar í umhverfisnefnd Akraness fóru á miðvikudag og skoðuðu garða í bænum sem fengið hafa tilnefningu til umhverfisviðurkenningar. Niðurstöðu um verðlaunahafa er að vænta fljótlega.

Rannsókn Lúkasarmálsins gæti orðið á landsvísu:

# Fjölmennasta mál í sögu lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL** „Ég man í fljótu bragði ekki eftir fjölmennara máli, kærðir aðilar hafa stundum verið tíu til fimmtán, en ekki svona margir,“ segir Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík. Hann hefur verið laganna vörður hátt í fjörutíu ár.

Helgi Rafn Brynjarsson, fyrrum meintur hundaníðingur, hefur kært 100 netverja fyrir meiðyrði, hótanir og fleira. Eiginlegur glæpavettvangur er netið, þar sem mörg hundruð hótanir og ásakanir birtust.

„Aðalreglan er sú að brot skuli rannsakað þar sem það er framið,“ segir Sigurbjörn. Því gæti þurft að rannsaka það í öllum landsfjórðungum, en hann efast um að svo verði. Þetta er skoðað í lögfræðideild lögreglunnar.



**HVUTTINN LÚKAS**

Erlendur Þór Gunnarsson, lögmaður Helga, bendir á að það gæti markað tímamót hvað varðar netið og hvað megi þar segja og ekki.

„Við skoðuðum til dæmis eina síðu. Frá því að meiðandi ummæli komu fram og þangað til daginn eftir var búið að skoða hana mörgþúsund sinnum, samkvæmt teljaranum. Ef slíkur spjallvefur er ekki fjölmiðill, þá veit ég ekki hvað telst fjölmiðill.“ **- kóp**



**AF VETTVANGI** Maðurinn var handtekinn eftir nokkurra klukkustunda umsátur. Konan hafði þá flúið yfir til nágrannakonu sinnar. MYND/HAFÞÓR GUNNARSSON

# Hálft fimmta ár fyrir tilraun til manndráps

## Ólafur Þór Gunnarsson dæmdur fyrir að skjóta að konu sinni úr haglabyssu í Hnífsdal. Dómurinn taldi framburð mannsins um voðaskot að engu hafandi.

**DÓMSMÁL** Ólafur Þór Guðmundsson, rúmlega fimmtugur maður úr Hnífsdal, var í Héraðsdómi Norðurlands vestra í gær dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Hann skaut í átt að konu sinni á heimili þeirra í Hnífsdal að kvöldi 8. júní síðastliðins og telur dómurinn sannað að hann hafi ætlað að skjóta konuna.

Hjónin höfðu rifist talsvert áður en árásin átti sér stað og fullyrti konan að maðurinn væri haldinn sjúklegri afbrýðisemi. Hann fór í bað og jós yfir hana svívirðingum en hún var lögst til hvílu í öðru herbergi. Konunni leiddist þófið, stóð upp úr rúminu og klæddi sig í föt. Hún sagði manninum að hún vildi ekki sofa við hlið hans næstu nótt.

Við það reiddist hann mjög. Hann spratt upp úr baðkarinu og óð í átt að konunni, sem lokaði dyrunum á nefið á eiginmanni sínum. Því næst fór maðurinn niður í kjallara, og þegar hann kom aftur upp hafði hann að sögn konunnar byssuna meðferðis. Hann barði á lokaða baðherbergishurðina og eyðilagði hana áður en konan þorði ekki annað en að hleypa honum inn. Hún hélt því fram að hann hefði króað hana af inni á baðherbergi og miðað byssunni á hana, en skrikað fótur í bleytu og hún því komist undan.

Þessu mótmælti maðurinn. Sagði að hann hefði ekki haft byssuna meðferðis fyrr en seinna, og hefði þá ekki miðað á hana, heldur hún hlaupið rakleiðis fram hjá honum og niður í anddyri. Dómurinn taldi ósannað, gegn neitun mannsins, að hann hefði miðað byssunni á hana á baðherberginu, og sýknaði hann því af ákæru um að hafa ógnað konunni í greint sinn.

Þegar niður var komið lenti konan í erfiðleikum með að opna læstar útidyrnar, og var enn að bisa við það þegar maðurinn kom niður, miðaði á hana byssunni og hleypti af skoti af innan við metrafæri. Konan hlaut rispur í andliti af völdum haglanna og gataðist peysa hennar við öxl. Maðurinn bar við að um voðaskot hefði verið að ræða. Skotið hefði hlaupið af þegar hann missti byssuna í gólfið. Þann framburð segir dómurinn „að engu hafandi“ og að meta verði atvik svo „að ákærði hafi ætlað sér að skjóta eiginkonu sína“. Ásetningurinn hafi þó ekki verið einbeittur.

Hann var því dæmdur fyrir tilraun til manndráps. Hann var sömuleiðis dæmdur til að greiða konunni eina milljón króna í skaðabætur.

Konan komst út og yfir til nágranna síns. Sérsveit lögreglu handsamaði manninn eftir nokkurra klukkustunda umsátur og hefur hann setið í gæsluvarðhaldi síðan. Það kemur til frádráttar refsingu hans. **stigur@frettabladid.is**




Prófaðu pastrami!

Pastrami áleggið frá SS er úr nautakjöti. Þetta bragðgóða kjötálegg hæfir sérlega vel t.d. í forrétti eða smárétti og nettar rúllur með ýmsu góðgæti. Liturinn á pastrami gleður augað og fer vel á veisluborði. Bragðið er afgerandi en þó ekki ágengt. Og auðvitað hentar pastrami einnig vel í hvaða samloku sem er – frábær tilbreyting og skemmtileg viðbót við áleggsúrvalið frá SS.

VEISLA Í HEILA ÖLD 1907 SS 2007

www.ss.is

Starfsmenn á nautabúgarði:

## Stálu fokdýrum gallsteinum

**ÁSTRALÍA** Tveir fyrrverandi starfsmenn nautgripabúgarðs í Ástralíu þurfa á næstunni að svara til saka fyrir að hafa stolið nautgripagallsteinum sem geta selst fyrir allt að 20 þúsund dali kílóið, andvirði 1,2 milljóna íslenskra króna.

Þjófnaðurinn uppgötvaðist í kjölfar þess að niðursveifla varð í tekjum búgarðsins. Framkvæmdastjóri búgarðsins, Simon Stahl, segir þjófnaðinn mikið áfall fyrir vinnustaðinn og býst við að öryggi þar verði hert.

Steinarnir eru seldir til Kína þar sem þeir eru notaðir í náttúrulækningar. - sh

Vinnslustöð Vestmannaeyja hóf vinnu á lóð sem ekki er búið að ganga frá:

# Hefja framkvæmdir án deiliskipulags

**VESTMANNAEYJAR** Vinnslustöð Vestmannaeyja hefur sóst eftir leyfi til að byggja frystigeymslu á Eiðinu sem á að vera tilbúin fyrir loðnuvertíðina í vetur. Jarðvegsvinna er hafin á lóðinni, þrátt fyrir að deiliskipulag sé enn í auglýsingaferli og leyfi liggi ekki fyrir um að vinnan megi hefjast.

„Það á ekki að byrja að grafa fyrir húsi án þess að það séu komin formleg leyfi fyrir því að það megi vera þarna,“ segir Stefán Óskar Jónasson varabæjarfulltrúi. „Það þarf líka að bíða og fara í margar vikur í kynningu fyrir nágranna.“

Gunnlaugur Grettisson, forseti bæjarstjórnar, segir Vinnslustöðina hafa leyfi til að grafa átján tilraunaholur til að kanna jarðveginn. „Þessi lóð hefur verið til í tuttugu ár og enginn hefur sótt um hana þar til nú,“ segir Gunnlaugur.

„Ef niðurstaðan verður að þeir fái ekki lóðina eða deiliskipulagið verður þannig að þessu verði ekki úthlutað, þá eru þeir að gera þetta á sinn kostnað og ber að ganga frá því aftur,“ segir Gunnlaugur.

Stefán segir engan vera á móti Vinnslustöðinni, en nauðsynlegt sé að fara eftir lögum. „Þetta er í auglýsingaferli, það passar ekki að byrja framkvæmdir áður en búið er að ákveða hvernig þetta verður,“ segir Stefán. - sgj



**BYRJAÐ AÐ GRAFA** Vinnslustöðin hefur leyfi til að grafa átján tilraunaholur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**TRJÁGRÓÐUR** Á sínum tíma taldi Skógrækt Reykjavíkur að allt að þúsund plöntur hefðu farið forgörðum þegar vatnslögn var lögð í gegnum Þjóðhátíðarlundinn í Heiðmörk.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heiðmerkurmálið:

## Borgin tefur enn rannsókn

**LÖGREGLUMÁL Embættismenn Reykjavíkurborgar hafa enn ekki skilað inn umbeðnum gögnum til lögreglu vegna rannsóknar á meintum eignaspjöllum Kópavogsbæjar og framkvæmda í leyfisleysi í Heiðmörk.**

**Skógræktarfélag Reykjavíkur kærði Kópavogsbæ og verktakafyrirtækið Klæðningu í febrúarmánuði fyrir framkvæmdirnar.**

**Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, getur engu svarað um hvort töfin kunni að vera af pólitískum orsökum. Hins vegar segir hann það rétt að hún sé óvenju mikil.** - kóþ

Greitt fyrir bíla í eigu bæjarins:

## Kolefnisjafna bíla Garðabæjar

**GARÐABÆR** Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti í júní tillögu þess efnis að kolefnisjafna þær bifreiðir sem sveitarfélagið rekur. Erling Ásgeirsson, formaður bæjarráðs, lagði fram tillöguna.



**ERLING ÁSGEIRSSON**

Kostnaður við að kolefnisjafna bifreið fer eftir eyðslu og árlegum akstri, en þumalputtareglan er sú að árlega þurfi að greiða því sem nemur einni áfyllingu af eldsneyti, að því er kemur fram í tillögunni.

Bæjarstjórn Garðabæjar vill með þessu stemma stigu við styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. - sgj

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Lamb drapst við ákeyrslu

Ekið var á lamb á Arnarnesi á Vestfjörðum, milli Skutulsfjarðar og Arnarfjarðar, aðfaranótt fimmtudagsins. Ökumaður bílsins keyrði í burtu. Lambið drapst í ákeyrslunni. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði er algengt að keyrt sé á lömb á svæðinu því engar girðingar eru við þjóðveginn.


www.volkswagen.is




Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

**Golf Trendline kostar aðeins 25.490 kr. á mánuði.***

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka að verðmæti 280.000 kr.**

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur

*M.v. 10% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða.

**Volkswagen Golf er grænn bíll**

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-0844

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



**HELGUR MAÐUR** Helgir menn komu saman í Nýju-Delí þar sem haldinn var fundur í alþjóðlega hindúaráðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Krzysztof Dziubinski og Beata Mieczyslawa Dziubinska eignast sitt fjórða barn:

# Númer 17 þúsund á Akureyri

**FÓLK** Sautján þúsundasti Akureyringurinn kom í heiminn í byrjun júlí er sveinbarn fæddist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Drengurinn heitir Gabríel Óskar Dziubinski og er fjórða barn þeirra Krzysztofs Dziubinski og Beata Mieczyslawa Dziubinska.

Af þessu tilefni heimsótti Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, hjónin á heimili þeirra og færði þeim blómvönd og bókina Barnið okkar.

Fjölskyldan hefur átt lögheimili á Akureyri frá því í febrúar 2004 og líkar vel að búa í bænum, að því er segir í fréttatilkynningu. - sþs



**MEÐ KAPPANN Í FANGINU** Beata og Krzysztof fá hér blómvönd frá Sigrúnu Björk Jakobsdóttur bæjarstjóra. Hinn þriggja vikna gamli Gabríel fylgist áhugasamur með.

Forsætisráðherra Trínidad:

## Dreymir um að keyra rútu

**TRÍNIDAD OG TÓBAGÓ** Forsætisráðherra eyríkisins Trínidad og Tóbagó í Karíbahafi segir sig alltaf hafa dreymt um að keyra rútu. Forsætisráðherrann trínidadíski, Patrick Manning, upplýsti um þennan draum sinn í ræðu meðal flokksfélaga.

„Ég veit ekki hvort ég hef sagt ykkur öllum leynda löngun sem ég hef, sem er að keyra rútu,“ sagði Manning. „Ég mun upplifa þennan draum áður en ég dey.“

Forstöðumaður samgöngufyrirtækis í landinu segir það taka Manning mánuð að fá nauðsynleg próf til að keyra rútu, þó að hann sé forsætisráðherra. - sgj

Hellisheiðarvirkjun:

## Níu handteknir í mótmælum

**LÖGREGLUMÁL** Níu mótmælendur úr samtökunum Saving Iceland voru handteknir við Hellisheiðarvirkjun í gærmorgun. Mótmælendurnir höfðu lokað tveimur vegum að virkjuninni með því að hlekkja sig við bíla sem þeir höfðu komið á. Einn mótmælandinn hafði klifrað upp í þrjátíu metra háan byggingarkrana, hlekkjað sig við hann og fest við hann borða. Tvo tíma tók að ná manninum niður.

Með mótmælunum vildi Saving Iceland mótmæla stækkun virkjunarinnar og meintum óheiðarlegum viðskiptaháttum Orkuveitu Reykjavíkur.

Lögreglan í Reykjavík og á Selfossi yfirheyrði fólkið í gær. - ifv

Vísindaleg tilraun í Noregi:

## Hársnauðir stungnir af marglyttum

**OSLÓ, AP** Norskir vísindamenn við Oslóarháskóla óska eftir hugrökkum og hársnauðum einstaklingum sem eru tilbúnir til að bretta upp ermar og láta marglyttu stinga sig – í nafni vísindanna.

Verið er að prófa sólarvörn sem á að vernda fólk gegn stungum marglyttna. Óskað var eftir hársnauðum tilraunadýrum svo að marglytturnar ættu auðveldara með að stinga þau.

Tilraunin fer fram í dag og í gær höfðu aðeins fimm manns skráð sig til þátttöku. Talsmaður líffræðideildar háskólans var þó bjartsýnn á að ná í tíu manna hóp.

Þátttakendur verða síðan leystir út með þremur flöskum af sólarvörninni góðu sem vonandi gerir sitt gagn. - sdg

# Stjórnvöld í Kreml ábyrg fyrir morðum

**Mannréttindadómstóll Evrópu taldi rússnesk stjórnvöld ábyrg fyrir morðum rússneskra hermanna á meira en fimmtíu Tsjetsjenum árið 2000. Dómstóllinn taldi að rannsókn stjórnvalda í Moskvu hefði verið algerlega ófullnægjandi.**

**FRAKKLAND** Stjórnvöld í Rússlandi hafa verið dæmd ábyrg fyrir fjöldamorðum á meira en fimmtíu tsjetsjenskum borgurum árið 2000. Mannréttindadómstóll Evrópu kvað upp dóminn í gær.

Dómstóllinn dæmdi rússnesk stjórnvöld til að greiða fimm manns, sem misstu ellefu skyldmenni í fjöldamorðunum, 8,5 milljónir króna hverjum í skaðabætur og rúmar þrjár milljónir króna í kostnað.

Fórnarlömbin ellefu voru meðal meira en fimmtíu Tsjetsjena sem rússneskir hermenn myrtu í þorpinu Novye Aldy, sem er nálægt höfuðborg Tsjetsjeníu, Grosní, í febrúar árið 2000. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að rússneskir hermenn hefðu drepið fórnarlömbin ellefu og að stjórnvöld í Rússlandi væru þess vegna ábyrg fyrir dauða þeirra.

Sjö dómarar, þar af einn Rússi, gagnrýndu stjórnvöld í Kreml á óvanalega harkalegan hátt við dómsuppkvaðninguna. Dómararnir fordæmdu rannsókn stjórnvalda í Rússlandi á málinu og sögðu að þau hefðu ekki látið hermennina sem frömdu morðin svara til saka fyrir þau þrátt fyrir að mikið af sönnunargögnum, og vitnisburðir sjónarvotta, bentu til sektar þeirra. Í dómsorðunum kom fram að vegna þess hversu rannsókn rússneskra yfirvalda á morðunum var ábótavant benti ekkert annað til en að þau bæru ábyrgð á morðunum.



**RÚSSNESKIR HERMENN Í GROSNÍ ÁRIÐ 2004** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur dæmt rússnesk stjórnvöld ábyrg fyrir morðum á meira en fimmtíu óbreyttum borgurum í Tsjetsjeníu árið 2000. AP/FRÉTTABLAÐIÐ

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld í Rússlandi hefðu brotið gegn 2. grein mannréttindasáttmála Evrópu; að þau hefðu brotið gegn rétti fórnarlambanna til lífs og brugðist skyldmennum þeirra með því að rannsaka morðin á „algerlega ófullnægjandi hátt“. Engum af hermönnunum hefur verið refsað fyrir morðin.

Dómararnir komust einnig að þeirri niðurstöðu að Rússland hefði einnig brotið 3. grein mannréttindasáttmálans því rússnesku hermennirnir hefðu komið fram við einn af ættingjum fórnarlambanna, Yusp Said-Aliyevich Musayev, á ómannúðlegan hátt. Hermennirnir myrtu sjö ættingja Yusups fyrir framan hann og hótuðu að drepa hann ef hann gerði ekki það sem þeir segðu.

ingifreyr@frettabladid.is



**BOÐAGRANDI 7** Eigandi gervihnattadisksins notar hann mest til að horfa á útsendingar frá Balkanskaga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áfram deilt á Boðagranda 7:

## Enn þá andvíg sjónvarpsdiski

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur þakíbúðanna á Boðagranda 7 krefjast þess enn að gervihnattadiskur sem einn íbúinn festi utan á blokkina árið 2004 verði fjarlægður. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur í tvígang gefið leyfi fyrir diskinum en felldi fyrra leyfið úr gildi þar sem húsfundur sem samþykkti diskinn var ekki löglegur. Eigendur þakíbúðanna segja að umboð frá öðrum íbúðareigendum sem diskeigandinn kom með á seinni húsfundinn hafi ekki verið rétt vottuð og hafa kært leyfisveitingu byggingarfulltrúans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem nú aflar gagna í málinu. - gar





HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5000

Eigum frábært úrval nýlegra lúxusfólksbíla og jeppa frá Volkswagen, Audi og Mercedes Benz með allt að 90% lánum á afar hagstæðum kjörum. Bílarnir eru til sýnis á Bílaþingi, Laugavegi 174.

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

# SJÓNVÖRP

allt að 37% afsláttur

## HÁFAR OG GUFUGLEYPAR

allt að 50% afsláttur

# ÞVOTTAVÉLAR

allt að 29% afsláttur

## ÍSSKÁPAR

15% afsláttur

# HLJÓMTÆKI

15% afsláttur

allt að 70% afsláttur

## SMÁTÆKI

# OFNAR HELLUBORÐ

allt að 46% afsláttur

# ÚTSALAN ER HAFIN!

# ÚTSALAN ER HAFIN!

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Life's Good



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Myllu heimilisbrauð
129 KR.
770g
HEIMILISBRAUÐ
Túnfiskur í olíu eða vatni
Olía/vatn
59 KR.
185g
Bónus býður betur!
30% afsláttur við kassann
Hangiframpartur úrb. kílóverð nú:
1126 KR.
Merkt verð 1876KR.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
Góu þrenna
398 KR.
Hraun BITAR
Góuþrennan
EKKERT BRUÐL
2 lítrar
89 KR.
Sprite
KF BAJONSKINKA kílóverð nú:
1049 KR.
Merkt verð 1499KR.
40% afsláttur við kassann
3x Kappi kakómjólk
KAKÓMJÓLK
98 KR.
3 saman
Grillkryddaðar Íslandsgríss svínakótelettur og svínahnakki
ÍSLANDSGRÍSS KÓTELETTUR EÐA SVÍNAHNAKKI kílóverð nú:
1013 KR.
Merkt verð 1698KR.
Gæði á grillið
40% afsláttur við kassann
ERAN/Landlist
3 eldhúsrúllur
298 KR.
TRÖLLA
Fínt í bílinn! 3 XL góðar við grillið
Sjáðu verðið!
www.bonus.is
Nýtt!
SOIA SOIA Cacao
SOIA SOIA Vaniglia
Lífrænn búðingur
159 KR.
PAKKNINGIN
RICE RICE DESSERT Vaniglia
LÍF RÆNT
Einn lítri
RICE & RICE DRINK +Calcio
RICE & RICE DRINK Natural
SOIA & SOIA DRINK +Calcio
Lífræn rísmjólk
198 KR.
1 lítri
Lífræn sojamjólk
179 KR.
1 lítri
LÍF RÆNT
LÍF RÆNT
Lífrænt tagliatelle
259 KR.
250g
TAGLIATELLE


Saltað KF folaldakjöt
SALTAÐ FOLALDAKJÖT kílóverð nú:
382 KR.
MERKT VERÐ 637 KR.
Kofareykt bjúgu kílóverð nú:
303 KR.
Merkt verð 337 KR.
EKKERT BRUÐL
Vinsælustu bjúgun í Bónus!
...fyrir góðan dag!
KS LAMBASVIÐ kílóverð nú:
279 KR.
Frosnar danskar svínalundir
Svínalundir -kílóverð nú:
1528 KR.
Merkt verð 1798 KR.
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
Alls kyns ævintýri á grillið!
Blandaðir bitar kílóverð nú:
298 KR.
Merkt verð 497 KR.
Ferskir blandaðir bitar
40% afsláttur við kassann
30% afsláttur við kassann
VILLI LAMBAKÓTELETTUR kílóverð nú:
1399 KR.
Merkt verð 1998 KR.
Lambakótelettur í villibráðarkryddi
Kinda innralæri -kílóverð nú:
1998 KR.
BEINLAUS STEIK
Villibráðarkryddað kinda innralæri & beinlaus steik
EKKERT BRUÐL
...fyrir góðan dag!
FERSKUR KRYDDAÐUR KS LAMBABÓGUR
679 KR.
Merkt verð 799 KR.
Nýtt!
Lífrænar rískökur
129 KR.
100g
LÍF RÆNT
LÍFRÆNN SAFI
259 KR.
1 LÍTRI
Einn lítri
LÍF RÆNT
KF SALAT
95 KR.
350g
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### Benz fátækari

**„Svo bara brann hann, bíllinn minn. Þessi fíni Benz.“**

LEIGUBÍLSTJÓRANUM GUÐNA RAGNARI EYJÓLFSSYNI VAR SKILJANLEGA BRUGÐIÐ ÞEGAR ELDUR BLOSSAÐI UPP Í BÍL HANS Á HAFNARFJARÐARVEGI Í FYRRADAG.
**Fréttablaðið 26. júlí.**

### Ætli það sé sárt?

**„Ég vil meina að Jónas sé að tala í gegnum mig.“**

KVIKMYNDAGERÐARMAÐURINN VALDIMAR LEIFSSON, SEM VINNUR AÐ GERÐ MYNDAR UM JÓNAS HALLGRÍMSSON, SEGIST FÁ ÁBENDINGAR AÐ HANDAN FRÁ SKÁLDINU.
**Fréttablaðið 26. júlí.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MÖRÐUR ÁRNASON ÍSLENSKUFRÆÐINGUR

## Orðinn róttækari og raunsærri



„Fyrr í mánuðinum fór ég í tíu daga ferð til Kólumbíu með eiginkonu minni, Lindu Vilhjálmsdóttur skáldi, sem flutti ljóð á ljóðahátíð í borginni Medellín,“ segir Mörður Árnason, íslenskufræðingur og fyrrverandi alþingismaður. „Þetta var skemmtilegt því ég hef aldrei heyrt jafn mikið af ljóðum á jafn stuttum tíma, og aldrei á eins mörgum tungumálum sem ég kann ekki,“ segir Mörður og bætir því við að ljóðin hafi öll verið þýdd yfir á spænsku - tungumál sem hann kann ekki. „Mér heyrðist samt að í öllum ljóðunum kæmu fyrir orðin palabra, corazón og mariposa, sem einnig má heyra í ansi mörgum spænskum dægurlögum,“ segir Mörður.

Mörður segist hafa fundið fyrir ólgunni í kólumbísku borginni. „Ég fann alls staðar fyrir ógninni af styrjöldum og átökum; þær eru hluti af lífinu í borginni. Í lyftunni á hótelinu var til dæmis miði þar sem stóð að bannað væri að nota hana í eldsvoðum, jarðskjálftum og sprengingum,“ segir Mörður og bætir því við að einu sinni hafi leiðsögumaður hans þurft að múta lögreglunni án þess að hafa gert neitt af sér,“ segir Mörður og bætir því við að upp í honum blossi gömul róttækni þegar hann sér slíkt félagslegt óréttlæti, en einnig raunsæi því „barnalega vinstrirómantíkin“ sem hann heyrði víða í landinu sé ekki svarið við vandamálum landsins.

Spurður hvað taki við hjá sér í haust segir Mörður að það sé ekki komið á hreint en það sé að skýrast. „Ég mun hins vegar ekki yfirgefa stjórnmálin í bili.“

## TÖLVULEIKIR
### ENDURGERÐUR MARIO

■ Flestir kannast við Super Mario Bros. leikina fyrir upprunalegu Nintendo-leikjavélina, og margir hafa jafnvel spilað einhvern þeirra. Færri vita að annar leikurinn í seríunni, Super Mario Bros. 2, var ekki búinn til af Nintendo eins og fyrri leikurinn. Sú útgáfa af Super Mario Bros. 2 sem kom út í Japan þótti allt of erfið fyrir hinn vestræna heim, og því keypti Nintendo útgáfuréttinn að japanska leiknum Doki Doki Panic, skipti öllum persónum út fyrir persónur úr Mario-heiminum og gaf leikinn út undir nafninu Super Mario Bros. 2 í Bandaríkjunum. Leikurinn sem þótti of erfiður var síðar gefinn út þarlendis sem aukapakki, og heitir Super Mario Bros.: The Lost Levels.

## SJÓNARHÓLL
### FRÍTT Í STRÆTÓ FYRIR STÚDENTA

## Ætti að vera frítt fyrir alla



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR LAGANEMI

„Það er frábært ef allt skólafólk fær frítt í strætó en mér finnst að það eigi að skoða að hafa frítt í strætó fyrir alla. Þannig getum við sparað útgjöld til vegamála og minnkað umferð og mengun í borginni,“ segir Anna Pála Sverrisdóttir, laganemi og ritstjóri Vefritsins.

Anna Pála er sannfærð um að sjálf eigi hún eftir að nýta sér þessa þjónustu. „Ég á pottþétt eftir að hoppa oftar upp í strætó þegar ég þarf ekki að borga fyrir það. Það þarf hins vegar að bæta þjónustuna og laga kerfið. Það var ekki sterkur leikur hjá Strætó bs. að skerða þjónustuna í sumar. Það fælir kúnnana frá sem annars hefðu komist upp á lagið með að taka strætó og haldið því áfram í vetur,“ segir Anna Pála sem skorar á stjórnmálamenn að vera framsýnir og gefa öllum frítt í strætó. „Það er gaman að fylgjast með hvað það hefur reynst vel á Akureyri og það ætti að vera öðrum gott fordæmi,“ segir Anna Pála.

# Öflugasti sendiherra Íslands

**Heimsmeistaramót íslenska hestsins fer fram í Oirshot í Hollandi 6. til 12. ágúst næstkomandi. Íslenska landsliðið hefur verið valið og hópurinn fer utan á næstu dögum.**

„Þetta er flottur hópur og ég er viss um að íslenska liðinu á eftir að vegna vel,“ segir Sigurður Sæmundsson, liðstjóri íslenska landsliðsins. Þrettán íslenskir knapar taka þátt á mótinu á þrettán keppnishestum en auk þess taka sex hross þátt í kynbótasýningunni. Hópurinn var kynntur síðastliðinn þriðjudag.

Heimsmeistaramótið er haldið annað hvert ár og er hápunktur allra áhugamanna um íslenska hestinn. Sigurður segir að mikil tilhlökkun sé í hópnum enda sé það ógleymanleg upplifun að fá að keppa fyrir Íslands hönd. „Þarna eru á bilinu 15 til 17 þúsund áhorfendur og það skapast mögnuð stemning,“ segir Sigurður sem reiknar með því að hátt í 1.500 Íslendingar fylgi landsliðinu til Hollands og fylgist með mótinu. Þangað kemur einnig fólk frá öllum heimshornum og meðan á mótinu stendur fara fram alls kyns kynningar og sýningar þar sem Ísland er í aðalhlutverki. Sigurður segir erfitt að finna betri sendiherra en íslenska hestinn og segir mótið mikla og jákvæða landkynningu.

Mót sem þetta krefst mikils undirbúnings. „Það má eiginlega segja að undirbúningur hafi staðið í nokkur ár því hrossin hafa verið í stífri þjálfun. Lokaæfingarnar fara fram úti og þar hjálpast allir að við að ná sem bestum árangri,“ segir Sigurður.

Þótt það sé gaman að taka þátt í mótinu fylgir því líka tregi. Þeir hestar sem fara frá Íslandi eiga ekki afturkvæmt og það getur tekið á að skilja gæðinginn sinn eftir þegar mótinu lýkur. „Menn tíma ekki að fara með besta hestinn sinn nema þeir eigi góðan kandídat heima sem getur tekið sæti hans. Auðvitað er alltaf erfitt að kveðja góðan hest,“ segir Sigurður. **thorgunnur@frettabladid.is**



**MIKIL STEMNING** Heimsmeistaramótið árið 2005 var haldið í Svíþjóð. Þar gekk Íslendingum vel og sópuðu þeir til sín fjölda titla.



**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ** Einvala lið íslenskra knapa keppir fyrir Íslands hönd í Oirshot. Þrír knapanna eru á leið á sitt fyrsta heimsmeistaramót. MYND/EIÐFAXI

### LANDSLIÐ ÍSLANDS Í HESTAÍÞRÓTTUM 2007

**Fullorðnir:**

Anna Valdimarsdóttir á Fönix frá Klosterbach. Keppir í fimmgangi.
Bergþór Eggertsson á Lótus frá Aldenghoor. Keppir í 250 m skeiði, 100 m skeiði og gæðingaskeiði.
Eyjólfur Þorsteinsson á Háreki frá Vindási. Keppir í fjórgangi og slaktaumatölti.
Olil Amble á Svaka frá Holtsmúla. Keppir í tölti og fjórgangi.
Rúna Einarsdóttir Zingsheim á Frey frá Nordsternhof. Keppir í fimmgangi, slaktaumatölti, gæðingaskeiði, 100 m skeiði og 250 m skeiði.
Sigursteinn Sumarliðason á Kolbeini frá Þóroddsstöðum. Keppir í 250 m skeiði, 100 m skeiði og gæðingaskeiði.
Þórarinn Eymundsson á Krafti frá Bringu. Keppir í tölti, fimmgangi, gæðingaskeiði, 100 m skeiði og 250 m skeiði.
Jóhann Skúlason á Hvin frá Holtsmúla. Keppir í tölti og fjórgangi.
Sigurður Sigurðarson á Flugar frá Holtsmúla. Keppir í tölti, fimmgang, gæðingaskeiði, 100 m skeiði og 250 m skeiði.
Styrmir Árnason á Hrana frá Schlossberg. Keppir í slaktaumatölti, fimmgangi, gæðingaskeiði, 100 m skeiði og 250 m skeiði.

**Ungmenni:**

Camilla Petra Sigurðardóttir á Sporði frá Höskuldsstöðum. Keppir í tölti og fjórgangi.
Katla Gísladóttir á Órator frá Grafarkoti. Keppir í tölti og fjórgangi.
Valdimar Bergstað á Vatnari frá Vatnsholti. Keppir í slaktaumatölti og fjórgangi.

**Kynbótahross:**

Stóðhestar 5 vetra: Fránn frá Vestri-Leirárgörðum, knapi: Erlingur Erlingsson
Hryssur 5 vetra: Finna frá Feti, knapi: Ævar Örn Guðjónsson
Stóðhestar 6 vetra: Dalvar frá Auðsholtshjáleigu, knapi: Erlingur Erlingsson
Hryssur 6 vetra: Ísól frá Keldudal, knapi: Sigfús Sigfússon.
Stóðhestar 7 vetra: Garri frá Reykjavík, knapi: Jóhann Skúlason.
Hryssur 7 vetra: Urður frá Gunnarsholti, knapi: Uli Reber.


Hringdu í síma
512 50 60


ef blaðið berst ekki




# BRÚÐKAUP FRAMUNDAN?

## BRÚÐARGJAFALISTAR • GJAFABRÉF • KLASSÍSKAR BRÚÐARGJAFIR



Á kaffihúsinu sem Te og kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

ENNEMM / SIA / NM28735

## Svona erum við

> Íbúafjöldi í Fjarðabyggð




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MYSPACE

# *Langvinsælasti samskiptavefur heims*

Forsvarsmenn samskiptavefsins MySpace hafa lokað á síður tæplega þrjátíu þúsund dæmdra kynferðisafbrotamanna. Í maí hafði sjö þúsund slíkum síðum verið lokað.

**Hvað er MySpace?**
Á MySpace getur hver sem er búið til sína eigin heimasíðu ókeypis, og haldið þar til haga upplýsingum um sjálfan sig, bloggi og ljósmyndum. Einnig er hægt að hlaða inn tónlist og myndböndum á síðuna, og sérsníða útlit hennar að vild. Aðalskemmtunin er fólgin í því að skoða síður annarra, kynnast þeim og senda skilaboð á milli. Vefurinn opnaði árið 2003 og varð fljótt sá langvinsælasti sinnar tegundar á internetinu, að miklu leyti vegna þess hve einfalt er að setja upp síðu og hlaða efni inn á hana. Yfir hundrað milljónir manna hafa búið sér til MySpace-síðu, og vex sú tala um tvö hundruð þúsund á dag.

**Hver á MySpace?**
Upphaflega var vefurinn í eigu lítils fyrirtækis, eUniverse, sem var á almennum hlutabréfamarkaði. Í júlí 2005, þegar vefurinn var orðinn einn sá vinsælasti á netinu, keypti News Corporation fyrirtækið á rúma 35 milljarða króna. News Corporation er þekktast fyrir að eiga bandarísku sjónvarpsstöðina Fox ásamt fleiri miðlum.

**Hvers vegna eru kynferðisafbrotamenn bannaðir?**
Allt frá því vefurinn opnaði hefur hann verið notaður af misyndismönnum til að komast í samband við ungar stúlkur og drengi. Nafnleysið á netinu og trúgirni krakka gera þeim kleift að ljúga til um aldur og spjalla við viðkomandi á fölskum forsendum. Með því að banna síður dæmdra kynferðisafbrotamanna eru forsvarsmenn MySpace að koma til móts við þá sem gagnrýnt hafa vefinn fyrir að gera þessum mönnum auðvelt fyrir að komast í samband við börn. Einnig hefur lágmarksaldur til að stofna síðu verið hækkaður í þrettán, en tiltölulega auðvelt er að komast fram hjá þeim takmörkunum.

**SPURT & SVARAÐ**
ALÞJÓÐLEGT FÓTBOLTAMÓT

## *Fótbolti og fjör á Reycup*



**ÁSMUNDUR VILHELMSSON** Mótsstjóri Reycup.

Reycup-knattspyrnumót Þróttar hófst í Laugardalnum í gær. Keppt er í þriðja og fjórða flokki drengja og stúlkna. Mótið er alþjóðlegt og koma meðal annars lið frá Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku ásamt því að erlendir dómarar dæma leiki á mótinu. Ásmundur Vilhelmsson er mótsstjóri.

**Í hvaða skipti er mótið haldið?** Þetta er í sjötta skiptið. Mótið var fyrst haldið árið 2002 og hefur vaxið og dafnað síðan. Núna eru um 900 keppendur af báðum kynjum. Það eru næstum jafn margar stelpur sem keppa og strákar.

**Er gert eitthvað fleira en að spila fótbolta?** Slagorð mótsins er fótbolti og fjör og er dagskráin eftir því. Krakkarnir fara meðal annars í sundlaugarpartí og grillveislu í Fjölskyldugarðinum. Erlendu krakkarnir fara síðan í Bláa lónið og fá smá kynningu á því sem Ísland hefur upp á að bjóða.

HEYR
HEYR

• Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
• Heyrnarmælingar, heyrnartæki
• Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
• Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin Uppsölum Kringlunni • www.heyrnarstodin.is
Tímapantanir virka daga frá 9-18 í síma 568 6811

# Þrír eins frystitogarar til landsins

**Brimnesið, nýr frystitogari útgerðarfélagsins Brims hf., kom til hafnar í gær frá Noregi. Þormóður rammi-Sæberg hf. fær afhenta tvo eins togara og Brimnesið árin 2008 og 2009. Starfsmenn útgerðarfélaga segja að þau muni þurfa að selja skip út af kvótaskerðingunni. „Nauðvörn“ segir útgerðarstjóri Samherja.**



**BRIMNESIÐ OG GUÐMUNDUR** Forstjóri Brims segir að nýi frystitogarinn sé afar vandað og gott skip og var hann hæstánægður með komu þess til landsins í gær. Brimnesið heldur á miðin á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er alltaf gaman að fá nýtt skip til landsins. Það er ekki bara helvítis barlómur í sjávarútveginum, þorskniðurskurður og annað slíkt,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, um komu nýja skipsins til landsins.

Guðmundur segir að Brimnesið sé fyrsta skipið sem Brim kaupi síðan árið 2003, þegar fyrirtækið keypti togarann Guðmund í Nesi. Brimnesið mun halda til veiða á Íslandsmiðum strax á laugardaginn segir Guðmundur.

### Ný tækni eykur hagræði

Guðmundur segir að Brimnesið sé afar tæknivætt skip, það geti dregið þrjú troll í einu á rækjuveiðum, sem auki aflann mikið. Auk þess segir Guðmundur að skipið sé búið rafmagnsspili sem noti miklu minni orku og þegar að trollinu sé slakað út sé framleitt rafmagn inn á kerfi skipsins. „Það eru mjög fá skip sem hafa slíkt spil hér á landi, ekkert af stóru skipunum. Við munum því nota miklu færri lítra af olíu til að veiða hvert kíló af fiski,“ segir Guðmundur.

### Fækkar skipum?

Spurður hvort hann telji útgerðarfélög munu fækka skipum eftir kvótaskerðingu ríkisstjórnarinnar á þorski á næsta fiskveiðiári segir hann að tilhneigingin í sjávarútvegi landsins síðastliðin tuttugu ár hafi verið sú að skipum hafi fækkað. „Þessi þróun mun ekki hætta núna en kvótaskerðingin mun þrengja ennþá meira að útgerðarfélögum. Þau munu bara halda áfram að fækka skipum til að gera reksturinn arðbærari,“ segir Guðmundur.

### Þormóður rammi kaupir eins skip

Brimnesið er eins skip og tveir nýir togarar sem Þormóður rammi-Sæberg hf. er með í smíðum hjá skipasmíðastöðinni Solstrand As í Noregi, en Brimnesið var byggt þar árið 2003. Togararnir tveir, sem Þormóður rammi fær í nóvember 2008 og í apríl 2009, kosta samtals um fjóra milljarða króna. Ólafur Marteinsson, framkvæmdastjóri Þormóðs, segir að eini munurinn á skipunum sem þeir muni fá og Brimnesinu sé að þeir verði búnir öðrum veiðarfærum. Hann segir að þeir verði hannaðir til þess að draga tvö troll en ekki þrjú.

Ólafur segir að Þormóður rammi hafi selt einn togara fyrirtækisins og hyggist selja tvo til viðbótar því þeir séu orðnir gamlir. „Þessi nýju skip eru miklu hagkvæmari: eitt skip á að geta afkastað eins miklu og tvö af þessum gömlu.“

### Skipum mun fækka

Ólafur segir að forsvarsmenn Þormóðs ramma hafi vissulega haft væntanlega kvótaskerðingu á þorski í huga þegar þeir keyptu togarana tvo en að þá hafi ekki grunað að kvótinn yrði skertur eins mikið og raunin varð. „Við töldum að kvótinn myndi hugsanlega fara niður fyrir 150 þúsund tonnin en aldrei niður fyrir 130 þúsund tonn. En við erum samt sannfærðir um að þetta hafi verið rétt hjá ríkisstjórnni, öfugt við það sem margir halda.“ Ólafur segir að sér þyki afar sennilegt að útgerðarfélög muni annað hvort fækka skipum hjá sér í kjölfar kvótaskerðingarinnar eða stytta úthöld, stunda veiðar í skemmri tíma en síðustu ár.

### Hættu við að kaupa skip

Andrés Guðmundsson, útgerðarstjóri hjá Þorbirni fiskanesi hf., segir að fyrirtækið hafi hætt við að kaupa sér skip þegar fréttist af væntanlegri kvótaskerðingu, og það hafi selt eitt af skipum sínum í mars. „Við ætlum ekki að fækka skipum að svo stöddu. Ætli við styttum ekki úthaldið hjá okkur frekar og sjáum svo til; vonum að menn sjái villu síns vegar og auki kvótann aftur,“ segir Andrés.

Hann er sannfærður um að útgerðarfélög muni annaðhvort fækka skipum hjá sér eða stytta úthaldið. „Það gefur augaleið,“ segir Andrés.

## BRIMNES RE-27

**Eigandi:** Brim hf.
**Gerð:** Frystitogari
**Smíðaár:** 2003
**Verð:** Um 2 milljarðar
**Hönnun:** Skipsteknisk
**Smíðað hjá:** Solstrand As í Tomrefirði í Noregi
**Lengd:** 7,10 metrar
**Breidd:** 14,60 metrar
**Þyngd:** 2.880 brúttótonn
**Kraftur vélar:** 8.046 hestöfl
**Áhöfn:** Pláss fyrir 27 menn. 20 verða í áhöfninni.
**Mun veiða:** Bolfisk og rækju
**Hefur veiðar:** Á laugardaginn
**Einkenni:** Þrjú troll. Rafdrifið spilkerfi, sextíu tonna frystigeta.



**BRIMNESIÐ** Nýi frystitogari Brims kom til hafnar í Reykjavík um eittleytið í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Nauðvörn útgerðarfyrirtækja

Kristján Vilhelmsson, útgerðarstjóri hjá Samherja, segir að fyrirtækið ætli líklega að fækka um einn togara hjá sér út af kvótaskerðingu ríkisstjórnarinnar. Hann segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um það hvaða togari það verði en að það muni skýrast með haustinu. „Við munum fækka skipum eftir svona sex mánuði,“ segir Kristján.

„Útgerðarfélög um allt land munu þurfa að fækka skipum hjá sér, það bara hlýtur að vera. Ég vil kalla þetta nauðvörn hjá útgerðarfélögunum,“ segir Kristján. Hann segir að Samherji muni líklega verða af um milljarði króna vegna kvótaskerðingarinnar. Enn fremur muni fyrirtækið þurfa að segja um þrjátíu starfsmönnum upp og í heildina muni líklega um tvöhundruð manns starfsmenn í sjávarútvegi í Eyjafirði missa vinnuna.



FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is



NÝJAR VÖRUR
NON STOP PARTY
Bolur 999kr
LOVE RAVE MUSIC
Bolur 999kr
Peysa 2.499kr
true
Peysa 2.999kr
true
Peysa 3.999kr
true
Bolur 1.999kr
true
Leggings 1.699kr
Leggings 1.499kr
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.797 **-0,82%**

**Fjöldi viðskipta:** 1049
**Velta:** 15.168 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **NÝHERJI** | +2,44% | **CENTURY ALUMINUM** | -3,56% |
| **365** | +0,90% | **EIK BANKI** | -2,85% |
| **FØROYA BANKI** | +0,81% | **ATORKA** | -2,45% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,56 -2,45% ... Bakkavör 69,50 -0,71% ... Eimskipafélagið 40,45 +0,00% ... Exista 39,25 -0,63% ... FL Group 29,00 -1,70% ... Glitnir 30,10 -0,99% ... Icelandair 29,25 -1,18% ... Kaupþing 1.262 -0,24% ... Landsbankinn 40,25 -0,98% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,90 -2,01% ... Össur 110,50 -1,34% ... Teymi 5,67 -1,05%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Skondin gagnrýni

William Fall, forstjóri fjárfestingarbankans Straums, furðar sig dálítið á gagnrýni greiningardeildar Glitnis um ógagnsæi bankans. Hann segir enga af íslensku bönkunum sérlega gagnsæja þegar kemur að upplýsingagjöf. Í samanburði við alþjóðlega samkeppnisaðila íslensku bankanna séu þeir hreinlega ógagnsæir. „Þess vegna finnst mér dálítið skondið að Glitnir skuli kalla Straum ógagnsæjan,“ segir forstjórinn. Hann er þó sammála því að Straumur þurfi að bæta sig á ákveðnum sviðum upplýsingagjafar, enda sé það ferli þegar farið í gang eins og sjá megi á þeim gögnum sem fylgdu ársfjórðungsuppgjöri bankans sem birt var í gær. „Við getum vissulega gert betur,“ segir William. „En það getur Glitnir líka gert.“



### Falinn kraftur í orku

Viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, snertir á vef sínum á útrásarklemmu orkufyrirtækjanna. Útrás fylgir nefnilega ákveðin áhætta og spurning hvenær og hvort réttlætanlegt sé að spila með almannafé. Björgvin segir samt nauðsynlegt að ná meiri slagkrafti í útrás orkufyrirtækjanna og hefur eftir ónefndum „útrásarmanni“ að næðum við að „leysa úr læðingi kraftinn í orkufyrirtækjunum yrði sú útrás margföld á við útrás fjármálafyrirtækjanna“. Hann segir ljóst að aðkomu einkaaðila sé þörf, en telur að undanskilja þurfi frá útrásarstarfinu einkaleyfisstarfsemi veitufyrirtækjanna. „Enda meginhlutverk þeirra að framleiða og dreifa orku og vatni til almennings á sem lægstu verði,“ segir ráðherrann.

## MARKAÐSPUNKTAR

Bandaríski bílaframleiðandinn Ford skilaði hagnaði í fyrsta sinn síðan árið 2005 á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Hann hagnaðist um 750 milljónir Bandaríkjadala, sem nemur rúmum 45 milljörðum íslenskra króna.

Apple skilaði jafnvirði fimmtíu milljarða króna hagnaðar á þriðja ársfjórðungi. Góða afkomu má meðal annars þakka sölu á iPhone í Bandaríkjunum, jafnvel þótt hann hafi einungis verið á markaði í tvo daga af fjórðungnum. Á þeim tveimur dögum seldust 270 þúsund slíkir símar.

Hagnaður Royal Dutch Shell á öðrum ársfjórðungi jókst um tuttugu prósent frá sama fjórðungi í fyrra. Nam hann 7,6 milljörðum Bandaríkjadala, rúmlega 450 milljörðum íslenskra króna.

# Róbert Wessman fékk 12,2 milljarða

Ellefu fruminnherjar í Actavis og aðilar tengdir þeim fengu 233,4 milljónir evra, jafnvirði 19,3 milljarða króna, þegar Novator gekk frá greiðslu kaupverðs vegna yfirtöku á félaginu. Til þessa hóps teljast forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjórar og stjórnarmenn auk tengdra félaga og maka.

Beinir eignarhlutir fruminnherja námu 109,5 milljónum evra eða 9.086 milljónum króna. Hlutur forstjórans og stjórnarmannsins Róberts Wessman nam þar af 2.966 milljónum króna. Róbert er jafnframt eigandi að eignarhaldsfélaginu Aceway Ltd. sem fékk um 9.234 milljónir króna fyrir sinn snúð. Alls fékk Róbert því um 12,2 milljarða króna við yfirtöku Novators á Actavis.

Eignarhlutur Guðbjargar Eddu Eggertsdóttur, framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs, gaf henni rúma 2,2 milljarða króna við söluna. Sindri Sindrason, stjórnarmaður og fyrrum forstjóri Pharmaco, fékk um það bil 1,9 milljarða.

Flestir framkvæmdastjórar félagsins eiga kauprétt að hlutabréfum í Actavis og nemur ónýttur réttur tæpum átta hundruð milljónum króna miðað við tilboðsverð Novators og gengi evrunnar.

Árni Harðarson hjá Actavis reiknar með því að Novator ákveði það eftir helgi hvernig gengið verði frá ónýttum kaupréttum. Hann segir að flestir þessara kauprétta séu nýtanlegir í nóvember næst komandi.



**RÓBERT WESSMAN** Alls fengu fruminnherjar og tengdir aðilar yfir nítján milljarða við sölu á bréfum til Novators. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eggert@frettabladid.is

# Tæpir 8 milljarðar í hús

**Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki skilaði 7,7 milljarða króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi. Það var lítillega undir spám greiningardeilda bankanna sem vanmátu kostnað vegna fyrirtækjakaupa á fjórðungnum.**



**AFKOMAN KYNNT** William Fall, forstjóri Straums, kynnti ársfjórðungsuppgjör bankans í gær. MYND/GVA

Hagnaður Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka nam 94,19 milljónum evra á öðrum ársfjórðungi. Það jafngildir um 7,7 milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar var hagnaðurinn 69,16 milljónir evra á fyrsta fjórðungi þessa árs. William Fall, forstjóri Straums-Burðaráss, segir bankann hafa aukið verulega við fjölbreytni í rekstri sínum. Unnið sé að því að fá dreifðari tekjur inn í reksturinn, auka eigi hlutdeild vaxta- og þóknanatekna og draga frekar úr stöðutökum í hlutabréfum. Þetta gerir hann ráð fyrir að minnki verulega þær sveiflur sem verið hafa í afkomu bankans.

Hagnaður fjórðungsins var nokkuð lægri en greiningardeildir bankanna höfðu gert ráð fyrir. Meðaltalsspá þeirra hljóðaði upp á rúmlega hundrað milljóna evra hagnað. Tekjur voru í samræmi við spár en munurinn stafaði af hærri kostnaði en gert var ráð fyrir. Hann kom að mestu til vegna einskiptiskostnaðar sem til féll á ársfjórðungnum.

Mikinn vöxt er að merkja á flestum sviðum Straums. Hreinar rekstrartekjur fjórðungsins námu 148,20 milljónum evra, samanborið við 92,51 milljón evra á fyrsta fjórðungi ársins. Heildareignir jukust um 1,64 milljarða evra og námu 6,8 milljörðum þann 30. júní. Heildarútlán jukust um 266 milljónir evra. Þá hefur starfsmannafjöldi bankans tífaldast á síðustu átján mánuðum. William Fall segist ekki gera ráð fyrir eins hröðum vexti það sem eftir er af árinu eins og á fyrri helmingnum. Áherslan verði nú heldur á samþættingu þeirra félaga sem keypt voru fyrr á árinu, eQ og Wood&Company. „Straumur er þó í þeirri sérstöku stöðu að eiga of mikið fjármagn úr að spila. Eiginfjárstaða hans er mjög rúm. Ef gott tækifæri kemur til spilanna, eitthvað sem vit er í á góðu verði, munum við að sjálfsögðu líta á það. Það er hins vegar ekkert í pípunum eins og er.“

Fall hefur nú vermt forstjórastól Straums í sjö vikur. Hann hefur gefið út að eftir níutíu daga í starfi verði skerping á stefnu og framtíðarsýn bankans kynnt. „Straumur hefur náð langflestum þeim markmiðum sem voru sett fyrir átján mánuðum. Nú er kominn tími til að innleiða ný markmið, ekki einungis fjárhagsleg heldur einnig um aukið gagnsæi til hluthafa og bætta þjónustu. Við ætlum að verða leiðandi fjárfestingarbanki í Norður- og Mið-Evrópu. Þetta eru nauðsynleg skref til þess.“

# Meta Kaupþing á við landsframleiðslu

## Citigroup hækkar verðmat sitt á Kaupþingi í 1.500.

Citigroup hefur hækkað markgengið á Kaupþingi upp í 1.500 krónur á hlutinn og mælir með kaupum í bankanum. Þetta er um 17,5 prósenta hækkun frá fyrra verðmati og kemur í kjölfar hálfs árs uppgjörs Kaupþings sem var langt umfram væntingar markaðsaðila, þar á meðal Citigroup.

Miðað við verðmatið er markaðsvirði Kaupþings um 1.111 milljarðar króna en til samanburðar var verg landsframleiðsla síðasta árs um 1.142 milljarðar króna samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Í skýrslunni kemur fram að mikill tekjuvöxtur hafi einkennt afkomu síðasta ársfjórðungs. Tekjur jukust um 67 prósent á milli ára sem er mun meiri vöxtur en sem nemur aukningu kostnaðar á sama tíma.

Citigroup reiknar með að hagnaður Kaupþings verði um 90,8 milljarðar á árinu en fari upp í 98,3 milljarða á næsta ári.

Hlutabréf í Kaupþingi lækkuðu um 0,24 prósent í gær og var lokagengi félagsins 1.262.

- eþa

# Hagnaður Bakkavarar 3,2 milljarðar króna

Bakkavör hagnaðist um 3,2 milljarða króna eftir skatta á fyrri helmingi árs. Hagnaður félagsins jókst um tuttugu og sjö prósent sé miðað við sama tímabil í fyrra. Bakkavör hagnaðist um tvo milljarða króna á öðrum ársfjórðungi.

Ágúst Guðmundsson forstjóri segir krefjandi viðskiptaumhverfi, afleitt veðurfar í Bretlandi og innköllun varnings fyrr á árinu hafa haft áhrif á rekstur Bakkavarar fyrstu sex mánuði ársins. „Þegar á heildina er litið jókst sala félagsins samt sem áður umfram breska matvælamarkaðinn.“



**BRÆÐURNIR Í BAKKAVÖR** Hagnaður Bakkavarar nam 3,2 milljörðum króna á fyrri helmingi árs. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Heildarvelta Bakkavarar fyrstu sex mánuði ársins nam 90,2 milljörðum króna.

- jsk

# Exista hf. slær hvergi slöku við

## Mesti hálfsárs hagnaður íslensks fyrirtækis.

Exista skilaði 221,4 milljóna evru hagnaði, um 18,4 milljörðum króna, á öðrum ársfjórðungi. Þetta var um fjörutíu prósentum meiri hagnaður en meðaltalsspá Glitnis og Kaupþings hljóðaði upp á.

Hagnaður félagsins var borinn uppi af fjárfestingastarfsemi undir undir þann þátt falla eignarhlutir í Bakkavör, Kaupþingi og Sampo Group. Þessi liður skilaði 185,5 milljónum evra en rekstrarstarfsemi, þ.m.t. af vátryggingarekstri og eignaleigustarfsemi, um 36 milljónum evra

Á fyrri hluta ársins hagnaðist Exista um 862 milljónir evra sem er um 71,5 milljarðar króna. Þetta er mesti hálfs árs hagnaður íslensks fyrirtækis fyrr og síðar.

Arðsemi eigin fjár á síðasta fjórðungi var 32 prósent á ári en sjötíu prósent fyrir fyrstu sex mánuðina. Rekstrartekjur fjórðungsins voru 290 milljónir evra en rúmur helmingur af þeim er hlutur Existu af áætluðum hagnaði Kaupþings og Sampo á síðasta ársfjórðungi.

Rekstrarkostnaður og tjónagjöld námu 40 milljónum evra á ársfjórðungnum.

Eignir Existu námu 7.709 milljónum evra (640 milljarðar) í lok júní og höfðu aukist um 75 prósent frá ársbyrjun. Skýra kaup félagsins í Sampo miklu um þennan vöxt en Exista á nú tæpan fimmtungshlut í finnska fjármálafyrirtækinu.

Eigið fé var komið í 2,8 milljarða evra, um 234 milljarða, og hafði aukist um helming á árinu. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 36,7 prósent um mitt árið.

Hlutabréf félagsins lækkuðu um 0,63 prósent í gær en uppgjörið var birt eftir lokun markaða.

- eþa

**HAGNAÐUR EXISTU OG SPÁR Á 2. ÁRSFJ. 2007***

| | |
|---|---|
| **Hagnaður** | **221,4** |
| Spá Glitnis | 149,0 |
| Spá Kaupþings | 166,9 |
| **Meðaltalsspá** | **158,0** |

* Í milljónum evra.



**MARNER JACOBSEN, FORSTJÓRI EIK BANKA** Hagnaður Eik Banka nam 2,3 milljörðum króna á fyrri helmingi árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gott uppgjör í Færeyjum

Hagnaður hins færeyska Eik banka nam tæpum 2,3 milljörðum íslenskra króna á fyrri helmingi árs. Um er að ræða rétt rúma þrjátíu prósenta hagnaðaraukningu sé miðað við sama tímabil í fyrra.

„Þetta er methagnaður. Við höfum vaxið gríðarlega á þessu ári, bæði í Danmörku og í Færeyjum. Þá hafa fjárfestingar okkar á Íslandi og í Danmörku skilað góðum hagnaði,“ sagði Marner Jacobsen forstjóri.

Fram kemur í tilkynningu frá Eik banka að vænta megi rúmlega 3,7 milljarða hagnaðar fyrir árið í heild. Þá segir að árið 2007 verði lengi í minnum haft innan félagsins, enda hafi Eik banki verið skráður tvíhliða á markað í Danmörku og á Íslandi fyrr á árinu.

- jsk

# Full búð af frábærum tilboðum




**1.679** kr/kg. áður 2.099 kr/kg
Kjötsels grillsneiðar úr lambalæri




**1.759** kr/kg. áður 2.199 kr/kg
Kjötsels grill lambakótilettur




**393** kr/kg. áður 562 kr/kg
Matfugls grill rauðvínslæri/leggir




**149** kr/pk
Nóa kropp

**149** kr/pk
X-tra kaffi




**996** kr/kg. áður 1.172 kr/kg
Goða lambalæri sagað í poka




**599** kr/kg. áður 714 kr/kg
Goða lambaframpartur grillsagaður




**199** kr/stk
Yggó appelsínusafi, eplasafi, rísmjólk og rísmjólk með kalki

## Veruleg verðlækkun




**49** kr/ds
Náttúruaspas í bitum, bakaðar baunir, sveppir í sneiðum og maískorn

H.N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 26. – 29. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ný tímamót í varnarmálum:

## Önnur nálgun

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Ratsjárstofnun hefur í tvo áratugi annast einn þátt loftvarnareftirlits með mjög öflugu ratsjárkerfi. Starfsemin hefur verið snar þáttur í vörnum landsins. Bandaríkjamenn hafa greitt rekstrarkostnaðinn. Um miðjan næsta mánuð heyrir kostun þeirra á verkefninu hins vegar sögunni til.

Hér eru því nokkur tímamót. Þau vekja eðlilega upp ýmsar spurningar um stefnu stjórnvalda í varnarmálum. Hversu mikil umsvif eru til að mynda nauðsynleg af Íslands hálfu til þess að fullnægja varnarsamningnum við Bandaríkin og aðildarsamningnum að Atlantshafsbandalaginu?

Segja má að allir grundvallarþættir varnarstefnunnar séu skýrir. En um það sem snýr að eigin umsvifum á þessu sviði og stjórnsýslu er eitt og annað enn óljóst. Utanríkisráðherra sagði snemma sumars að ýmsir ættu ugglaust eftir að hrökkva í kút þegar kostnaðartölur þar að lútandi birtust á haustdögum í fjárlagafrumvarpi.

Það vekur þá spurningu hvort fjárlögin eru réttur vettvangur til þess að birta í fyrsta sinn þá stefnu sem Ísland ætlar að framfylgja varðandi einstök verkefni og umsvif í varnarviðbúnaði. Þarf ekki stefnumótun þar um að liggja fyrir með rökstuddu mati á nauðsynlegri starfsemi? Er ekki eðlilegt að sjálfstæð umræða fari fram um þá stefnumótun?

Ratsjárkerfið hér er vissulega hlekkur í starfsemi af því tagi sem teygir sig frá Evrópu til Norður-Ameríku. Brottför Bandaríkjahers bendir hins vegar til þess að bandarísk stjórnvöld telji ekki þörf á þessu eftirliti hér eins og sakir standa. Hafi annað komið fram liggur það ekki opinberlega fyrir.

Danir lokuðu ratsjárstöð í Færeyjum. Gilda önnur sjónarmið þar? Ekki er ólíklegt að svo sé. Eigi að síður þarf í því falli að gera skilmerkilega grein fyrir því. Þó að hér sé um veigamikla starfsemi að ræða er rétt að taka ákvarðanir um framhald hennar í víðu samhengi og með skýrum rökum.

Eðlilegt er að upp komi spurningar um það hvort þetta ratsjáreftirlit á alfarið að vera á hernaðarlegum forsendum eða hvort borgaralegir hagsmunir almannavarna eigi eða geti tengst því. Er unnt að sinna verkefninu með minni kostnaði?

Loftvarnareftirlit er rekið til þess að koma í tíma auga á ástand sem bregðast þarf við. Hverjir munu taka slíkar ákvarðanir? Íslensk stjórnvöld eða hernaðaryfirvöld innan Atlantshafsbandalagsins? Rétt er og mikilvægt að gera grein fyrir þeim ákvarðanaferli til þess að fá samhengi í nauðsyn eftirlitsins.

Mikilvægt er að stjórnsýsla á þessu sviði verði vönduð og byggi á skýrum heimildum. Á hún að vera óbreytt eða kallar hún á breytingar? Er þörf á sérstökum lögum um hernaðarlega starfsemi á vegum ríkisins? Hvernig á að byggja upp íslenska sérþekkingu á þessu sviði og lýðræðislegan samráðsvettvang?

Varnir landsins eru meðal mikilvægustu viðfangsefna á hverjum tíma. Ekkert bendir til annars en haldið hafi verið á þeim málum af yfirvegun og festu eftir að þau komu með skyndilegum hætti í fangið á íslenskum stjórnvöldum.

Meðan varnarmálin voru alfarið á herðum Bandaríkjamanna lutu efnislegar umræður um þau fyrst og fremst að milliríkjasamningum þar að lútandi. Kostnaðurinn var ekki áhyggjuefni. Nú eru þessi mál í okkar höndum. Það kallar á opna opinbera umræðu um einstök viðfangsefni, stefnumótandi ákvarðanir og kostnaðarmat.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

www.oryggi.is

Prófaðu Heimaöryggi í tvo mánuði í sumar – ókeypis!

Engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti, engin skuldbinding! Tilboðið er í boði á þeim þéttbýlisstöðum þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

Vegna frábærra undirtekta framlengjum við tilboðið til 15. ágúst

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

Hringdu í 530 2400 og kynntu þér málið!

Himinn og haf / SÍA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nærbuxur

Saving Iceland-hópurinn virðist starfa eftir nokkurs konar anarkó-kommúnísku skipulagi. Meðlimir skiptast á að tala fyrir hönd hópsins. Sigurður Harðarson, Jaap Krater, Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson og Haukur Hilmarsson (allt karlar?) hafa komið fram sem talsmenn Saving Iceland í tengslum við aðgerðir síðustu vikna. Það mætti segja að Saving Iceland skipti um talsmenn jafn oft og nærbuxur. Jafnvel oftar.



### Vestfirði í Vatnsmýrina

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, óskar á bloggi sínu Akureyringum til hamingju með að vera orðnir 17.000 talsins. Hann bendir þó á að Akureyri sé fámennara en mörg hverfi Reykjavíkur og að sú staðreynd gleymist oft í pólitíkinni. „T.d. búa um 21.000 manns í Breiðholtinu. Það eru fleiri en búa á öllu Eyjafjarðarsvæðinu og meira en helmingi fleiri en búa á öllum Vestfjörðum. Það búa einnig um 20.000 manns í Grafarvoginum," skrifar Ágúst.



### Stóra bomba

Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, lýsir yfir áhyggjum af byggðastefnu stjórnvalda í bloggfærslu sinni um samgöngur til Vestmannaeyja. Hann segir einn stjórnarliða meira að segja hafa efast um andlegt heilbrigði sitt fyrir að vilja bæta samgöngur til Eyja. Það þarf kannski ekki að koma Bjarna á óvart. Allt frá tímum Jónasar frá Hriflu hafa hinir og þessir reglulega vænt Framsóknarmenn um geðveiki. Í þetta sinn var það þó ekki yfirlæknir á Kleppi.

steindor@frettabladid.is

# Fleira ríkt fólk!

Þótt Stefán Ólafsson prófessor hafi verið iðinn að safna gögnum um tekjuskiptingu, hafa honum verið mislagðar hendur um úrvinnsluna. Skömmu fyrir síðustu þingkosningar hélt hann því til dæmis fram með skírskotun til svokallaðra Gini-stuðla, sem mæla ójafna tekjuskiptingu, að ójöfnuður hefði aukist hér langt umfram Norðurlönd og væri orðinn eins mikill og á Bretlandseyjum. En hann hafði reiknað Gini-stuðulinn fyrir Ísland rangt út. Hann átti að sleppa söluhagnaði af hlutabréfum, eins og gert er í alþjóðlegum samanburði, til dæmis í nýlegri skýrslu Evrópusambandsins. Tekjuskipting er hér svipuð og annars staðar á Norðurlöndum.



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

**Í DAG** | Tekjuskipting

### Fleiri reikningsskekkjur Stefáns

Um svipað leyti kvartaði Stefán undan því, að fjármagnseigendur greiddu aðeins 10% skatt af tekjum sínum, en launþegar hátt í 40%. Þetta er líka rangt. Fjármagnseigendur greiða í raun 26,2% af tekjum sínum (fyrst 18% tekjuskatt fyrirtækja, síðan 10% fjármagnstekjuskatt af arði út úr fyrirtækinu). Þar eð skattleysismörk eru 90 þúsund krónur á mánuði, greiða launþegar misjafnlega hátt hlutfall af tekjum sínum: Aðili með 90 þúsund króna mánaðartekjur greiðir í raun 0% tekjuskatt; aðili með 180 þúsund krónur greiðir 18% (0% af fyrstu 90 þúsund krónunum og 36% af því, sem umfram er) og svo framvegis. Vegna skattleysismarkanna kemst enginn alveg upp í 36%.

Þriðja reikningsskekkja Stefáns var, þegar hann fullyrti, að tölur norrænu tölfræðinefndarinnar um lífeyristekjur í nýlegri skýrslu væru rangar. Samkvæmt þeim voru lífeyristekjur á mann á Norðurlöndum að meðaltali hæstar á Íslandi árið 2004. Stefán benti hróðugur á, að samkvæmt sömu skýrslu væru lífeyrisgreiðslur á mann á Norðurlöndum að meðaltali næstlægstar á Íslandi. Hann gáði ekki að því, að fyrri talan var um lífeyristekjur á hvern lífeyrisþega, en seinni talan um lífeyrisgreiðslur á hvern mann á lífeyrisaldri. Á Íslandi tóku 26 þúsund manns lífeyri árið 2004, en 31 þúsund manns voru á lífeyrisaldri. Það breytir miklu, hvort deilt er í tölu með 26.000 eða 31.000.

### Framlag ríka fólksins

Margt er þó hnýsilegt í gögnum Stefáns. Hann birtir til dæmis á heimasíðu sinni töflur um þróun tekjuskiptingar frá 1995 til 2004. Þar greinast skattgreiðendur í tíu jafnfjölmenna tekjuhópa. Samkvæmt gögnum Stefáns hafa kjör allra tekjuhópa batnað, en kjör hinna tekjuhæstu þó talsvert örar en hinna tekjulægstu. Hér reiknar Stefán líklegast ekki rangt. En þótt kjör hinna tekjulægstu hafi ekki batnað hér eins ört og hinna tekjuhæstu, skiptir það minna máli en hitt, að kjör hinna tekjulægstu á Íslandi hafa batnað miklu örar en kjör hinna tekjulægstu að meðaltali í aðildarlöndum Efnahags- og samvinnustofnunarinnar í París, OECD. Kjör 10% tekjulægsta hópsins hafa hin síðari ár batnað að meðaltali hér um 2,7% á ári, en um 1,8% í löndum OECD.

Annað er merkilegt í gögnum Stefáns. Árið 2004 var munur á tekjum 10% tekjulægsta hópsins fyrir og eftir skatt um 100 þúsund krónur á hvern aðila (hjón og sambýlisfólk). Munurinn á tekjum 10% tekjuhæsta hópsins fyrir og eftir skatt var hins vegar um fjórar milljónir króna. Með öðrum orðum námu beinar skatttekjur af tekjulægsta hópnum um 100 þúsund krónum á hvern aðila, en af tekjuhæsta hópnum um fjórum milljónum króna. Um sex þúsund manns voru í hverjum tekjuhóp, svo að 10% tekjulægsti hópurinn lagði samtals fram um 600 milljónir króna í almannasjóði, en 10% tekjuhæsti hópurinn um 24 milljarða króna (en það var 2004 röskur fjórðungur af heildartekjum hins opinbera af tekjuskatti). Á þessu sést vel, hversu mikilvægt efnafólk er. Það leggur miklu meira í almannasjóði.

### Allir græða á auðjöfrum

Hugsum okkur, að þessir tíu tekjuhópar yrðu skyndilega ellefu og við bættist hópur með jafnháar tekjur að meðaltali og tekjuhæsti hópurinn (Mónakó yrði til dæmis sýsla á Íslandi). Þá myndu tekjur hins opinbera í einu vetfangi aukast um 24 milljarða króna. En það væru aðeins fyrstu áhrifin. Margt myndi síðan bætast við. Ríkt fólk notar ráðstöfunarfé sitt eftir skatt ýmist til fjárfestingar eða neyslu. Það sem rennur til fjárfestingar hleypir fjöri í atvinnulífið. Bankar lána út fé, og fyrirtæki eru stofnuð. Það sem efnamenn nota í neyslu hefur einnig sín áhrif. Hús hækka í verði, bílar seljast betur, veitingahús fyllast. Við þetta batna kjör almennings, og hagur ríkissjóðs vænkar. Jafnaðarmenn, sem vilja öflugt velferðarríki, ættu því að fagna, ef og þegar ríkum Íslendingum fjölgar. Það gerist með auknu atvinnufrelsi, ekki síst skattalækkunum.

# Vopnasalar borða líka fisk

**UMRÆÐAN**

Álframleiðsla



**GÚSTAF ADOLF SKÚLASON**

Undanfarnar vikur höfum við fylgst með óhefðbundnum aðgerðum um það bil 30 manna hóps gegn álverum og ýmsu fleiru, með dyggri aðstoð sumra fjölmiðla. Í sumum tilvikum höfum við einnig hlýtt á viðtöl við talsmenn hópsins. Þar hefur meðal annars ítrekað komið fram að mótmæli gegn álverum snúist um að ál sé notað til vopnaframleiðslu og í „hernaði".

Nú vitum við auðvitað öll að ál er notað til ótal margra hluta, til dæmis í matvæla- og lyfjaiðnaði, í bíla, skip, flugvélar, ljósastaura, hljómflutningstæki, myndavélar, úðabrúsa, farsíma… og þannig mætti afar lengi telja. Ætla verður að mótmælendurnir fyrrnefndu takmarki af fremsta megni eigin notkun á öllu sem áli tengist.

Hvað vopnaframleiðsluna varðar þá vitum við hins vegar líka öll að þar koma ýmis efni og aðrar bjargir til sögunnar en ál. Þess má til dæmis geta að íslensk hugbúnaðarfyrirtæki hafa þróað hugbúnað samkvæmt samningum við bæði breska og bandaríska herinn. Gott ef norski herinn átti ekki einhvern tímann samstarf við íslenska framleiðendur hlífðarfatnaðar. Allt er þetta gott og blessað. Þarna er um að ræða arðbær viðskipti við bandamenn, ríki sem við höfum áratugum saman starfað með í varnarbandalagi og höfum átt við beint samstarf um varnir Íslands.

### Hlusta hermenn á Björk?

Eða hvað? Geta þessi hugbúnaðarfyrirtæki átt von á málningarslettum á sín húsakynni? Að starfsemi þeirra verði trufluð þar til fjölmiðlar hafa náð að mynda uppákomurnar? En hvað þá með aðra aðila sem hafa framleitt varning sem hermenn og jafnvel hershöfðingjar nota? Ætli bandarískir hermenn hlusti á Björk? Ætli sovéskir hershöfðingjar hafi jafnvel sporðrennt íslenskri saltsíld áður en haldið var með skriðdrekana inn í Búdapest eða Prag? Hver er þá samviska fólksins sem saltaði hér síldina niður í tunnur? Hvað ef jafnvel vopnaframleiðendur, til dæmis í Svíþjóð, borða fisk? Getum við þá verið að veiða hann og selja þangað út?

Er kannski orðið tímabært að fjölmiðlar fari að hlífa okkur við þessum málflutningi?

*Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja.*

WWW.SEAKAYAKICELAND.COM

SJÓKAYAK NÁMSKEID LEIGA VERSLUN OG LENGRI FERDIR
FRÁ REYKJAVÍK OG STYKKISHÓLMI
SÉRMENNTAD FAGFÓLK Í KENNSLLU OG LEIDSÖGN Á SJÓKAYAK
S:6903877





**Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur**

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

**Hringið og biðjið um mynda- og verðlista**

HEIMILISPRÝÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400



512 50 50 Auglýsingasími

Mest lesið




Lífrænt spelt-brauð, heimalagað lífrænt ananas-chutney, eplasalat, rauðrófusalat, hjónabandssæla og gulrótar- og engifersúpa að hætti Pacasar og Guðlaugar. Uppskrift að hjónabandssælunni er á næstu síðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hæfilegur skammtur af ást og kærleik

***Veitingastaðurinn Gló verður opnaður í Listhúsinu við Laugardal um helgina, en þar er boðið upp á lífrænt hráefni.***

„Við munum leggja mikið upp úr lífrænu hráefni og komum til með að bjóða upp á ferska safa, hveitigras og súpur frá Örlygi Ólafssyni hjá Súpubarnum,“ segir Guðlaug Pétursdóttir, eigandi og rekstrarstjóri Gló, sem einnig rekur Rope Yoga-setrið í sama húsnæði ásamt eiginmanni sínum, Guðna Gunnarssyni.

Guðlaug segir hugmyndina að staðnum hafa kviknað þegar þau hjónin fluttu heim til Íslands eftir fimmtán ára búsetu í Los Angeles, þar sem Guðni lagði grunninn að rope yoga, sem er nú útbreitt um allan heim. Þeim fannst vanta veitingastað sem byði upp á mat úr lífrænum hráefnum, sem væri jafnframt hægt að taka heim, og þannig varð Gló til.

„Okkur langaði líka til að opna stað með mat sem fólk býr að öllu jöfnu ekki til heima í eldhúsi og mikil alúð og kærleikur er lagður í,“ bendir Guðlaug á. „Við gerum þetta út frá hjartanu og höfum fengið til liðs við okkur brasilíska listakokkinn Inacio Pacas da Silva Filko, sem er á sömu bylgjulengd.“

Að sögn Guðlaugar verður áhersla lögð á grænmetisrétti, fisk og kjöt að einhverju marki, rétt dagsins, ásamt tveimur súpum til að velja á milli, salat, heimabakað spelt-brauð, hummus og lífrænt chutney.

Auk þess sem boðið verður upp á alls kyns girnilega rétti á Gló er viðbúið að viðskiptavinum eigi eftir að finnast staðurinn glæsilegur umhorfs, þar sem hann var hannaður af Guðlaugu Jónsdóttur arkitekt. Guðlaug hefur starfað hjá Dodd Mitchell Design í Los Angeles og átt mikilli velgengni að fagna. Á hún meðal annars heiðurinn að endurhönnun Rosewelthótelsins í Hollywood, hönnun Hótels Þingholts við Þingholtsstræti og Rope Yoga-setursins.

Ákveðin tenging verður því á milli Gló og Rope Yoga-setursins, auk þess sem Guðlaug segir tilvalið að fá sér hollan morgunmat eftir jógatíma í vetur þegar veitingastaðurinn verður opnaður klukkan hálfátta.

*roald@frettabladid.is*


Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmum.
Allt upp í 90 % afsláttur.
Allt á að seljast.

Erum í Dugguvogi 2 (innan við Slippfélagið).
S: 557 9510



Sófar, svefnsófar, rúm, rúmgaflar sófaborð, borðstofuborð, eldhúsborð, eldhúsinnréttingar, stólar, garðhúsgögn og fleira.

**Grillmaturinn** er langbestur þegar grillið er hreint og fínt. Eftir grillið margborgar sig að þrífa það versta og síðan þegar grillið er orðið kalt að taka rest.










Stanislaw kom hingað á sjálfan þjóðhátíðardaginn fyrir sjö árum síðan. Hér sést hann fyrir framan Mini Market-verslunina sem var nýlega opnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Versla með miklu meira en Prins póló

***Stanislaw Piotr Kowal er annar eigandi nýrrar Mini Market verslunar í Breiðholti. Þar má fá bæði íslenska og pólska matvöru.***

Stanislaw Piotr Kowal kom hingað til lands fyrir sjö árum síðan í atvinnuleit. Hann hafði ekki annað með sér en eina ferðatösku og bjartsýni í ótæpilegu magni. Nú er hann stoltur eigandi tveggja Mini Market-matvöruverslana, en aðra þeirra opnaði hann nýlega í Drafnarfelli í Breiðholti.

„Þetta er matvöruverslun með bæði íslenska og pólska matvöru," segir Stanislaw hress í bragði, eða Stan eins og hann er kallaður.

„Ég rak áður verslun í Eddufelli, þar sem eingöngu var boðið upp á pólskar vörur. Íslendingar voru hins vegar svolítið feimnir, sem varð til þess að okkur Piotr Jakubek, samstarfsfélaga minn, langaði að opna verslun með íslenska matvöru. Þegar 11-11 lokaði létum við verða af því að opna hverfisverslun með blandaðri matvöru."

Eins og fyrr sagði er matvörubúðin í Breiðholti önnur af tveimur verslunum sem þeir Stan og Piotr reka. Er því óhætt að segja að félagarnir hafi komið ár sinni vel fyrir borð, þar sem ekki er langt síðan Stan kom hingað til landsins sem atvinnulaus maður.

„Ég var atvinnulaus í Póllandi og ákvað að leita að vinnu á Íslandi, sem ég hafði frétt af í gegnum vinkonu mína, búsettri hérlendis," útskýrir Stan. „Þá vissi ég lítið um Ísland, til dæmis hversu fáir búa hérna og hve erfitt yrði að fá vinnu. Ég gafst samt ekki upp."

Stan segist hafa orðið fyrir vissu menningarlegu áfalli við komuna til landsins, sem minnti hann í fyrstu á aðra plánetu, með sínum svarta sandi, snjó og grjóti hvert sem augað eygði. Hann var feginn að finna líf í Reykjavík en fannst í byrjun lítið til borgarinnar koma, þótt hann sé á öndverði skoðun í dag.

Stuttu eftir komuna til landsins fékk hann vinnu á bóndabæ og vann þar næstu sjö mánuðina. Þótt launin hafi ekki verið sérstök segist Stan verða bóndanum ævinlega þakklátur fyrir að hafa veitt sér tækifæri til að koma undir sig fótunum á Íslandi.

„Svo flutti ég í bæinn og vann um tíma við aðhlynningu aldraðra," segir Stan og bætir við að þar hafi menntunin komið að góðum notum, þar sem hann er lærður sjúkraþjálfari. „Þarna var ég orðinn ákveðinn í að setjast að og fékk mér því kvöldvinnu hjá Dominos til að geta keypt íbúð," bætir hann við.

Stan vann eins og brjálaður maður næstu mánuðina, stundum allt að 400 tíma á mánuði, og með peningunum sem honum tókst að safna, ásamt láni og góðum ráðum frá vinnuveitendunum, tókst honum ætlunarverkið. Nokkru síðar fóru þeir Piotr að flytja inn pólskan bjór og vegna þess hve vel gekk ákváðu þeir að ganga alla leið með opnun pólskrar matvöruverslunar. Fyrst í Breiðholti og síðan Keflavík. Eins og fyrr sagði sóknuðu félagarnir þó Íslendinga og sáu því ekki annað í stöðunni en að opna búð með íslenska vöru.

„Við viljum að Íslendingar viti að þeir eru velkomnir í búðina okkar," segir Stan. „Hérna verður íslensk og pólsk matvara í boði og þá ekki bara Prins póló. Við Pólverjar kunnum nefnilega að búa til margt fleira en súkkulaði. Okkar markmið er að gera það besta fyrir alla og vonum við að sjá sem flesta."

*roald@frettabladid.is*







**Sérfræðingar í saltfiski**

**Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.**

**Fyrir verslanir:**

**Til suðu:**
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

**Til steikingar:**
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

**Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:**
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum

**Sími: 466 1016**
**ektafiskur@emax.is**


## Uppskrift Gló

### Hjónabandssæla

220 g hveiti (má blanda hveiti og spelti)
150 g hrásykur
180 g smjör (hafa við stofuhita)
120 g haframjöl
3/4 tsk. vínsteinslyftiduft
3/4 tsk. matarsódi
1 stk. egg

**Fylling:**
Rabarbarasulta
1 dl döðlur (má sleppa)
1 dl súkkulaði (má sleppa)
1/2 dl rúsínur (má sleppa)
1/2 dl kókos (má sleppa)
Mikið af ást og kærleik.

Skiptið deiginu í tvo hluta. Öðrum þrýst í botn á góðu formi. Setjið rabarbarasultuna yfir botninn. Stráið fyllingunni yfir. Hinn hluti deigsins mulinn yfir eða settur í lengjum þvers og kruss upp á gamla mátann. Hitið ofn í 190 gráðu hita. Bakið í 20-25 mínútur við sama hita.


**Heiti potturinn** hjá Iceland Express er reglulega með mjög ódýrar ferðir til og frá áfangastöðum flugfélagsins.


Anna segir að tími hjá sálfræðingi sé eins og einkatími í háskóla.

# Sálfræði og bremsulaust hjól

***Anna Björnsdóttir keypti eitt sinn hjól sem hún hjólaði aldrei á. Sálfræðin er hennar bestu kaup.***

Bestu kaup Önnu S. Björnsdóttur ljóðskálds eru ekki af veraldlegum toga. „Ég verð að segja að sálfræðiþjónusta sem ég keypti mér þegar ég var 36 ára hafi verið mín bestu kaup,“ segir Anna. „Þá var lífið frekar erfitt allt saman en ég náði mér aftur á strik með sérfræðihjálp.“

Anna hefur þó aldrei tímt að hætta að leita til sálfræðingsins síns enda segir hún tímana ekki bara bestu kaupin heldur einnig þau skynsamlegustu. „Ég lít eiginlega á þetta sem einkatíma í háskóla,“ segir Anna. „Þarna kaupi ég þekkingu og tíma sálfræðingsins og fæ í staðinn einkakennslu og fræðslu.“

Anna segir að fólk sé oft kjánalega feimið við að leita sér aðstoðar. „Það eru svo margir sem hjakka í sama farinu og eru alltaf að lenda í sama mótlæti. Með aðstoð getur fólk rofið þennan hring og loks orðið ánægt,“ segir Anna.

Verstu kaup Önnu voru, öfugt við þau bestu, afar veraldleg. „Fyrir nokkrum árum ætlaði ég að vera „sporty“, sem ég er alls ekki. Ég keypti mér hjól sem ég sá auglýst, lét senda það heim til mín en svo komst ég að því að það voru engar fótbremsur á hjólinu,“ segir Anna og hlær. „Ég er svo gamaldags að ég get ekki haft bara bremsur á stýrinu svo ég hringdi í son minn og bað hann um að sækja nýja hjólið sem nú var hans.“

Anna hefur nýverið gefið út sína 12. ljóðabók, Currents, og er hún á ensku. „Ég á stóra ætt í Kanada og þau fór ég og heimsótti í vetur,“ segir Anna. „Ég er að fara á næstu Íslendingadagana þarna úti og mig langaði að fara með ljóðabók þangað svo ég fékk Hallberg Hallmundsson, yndislegt ljóðskáld, til að þýða ljóð eftir mig og útkoman varð Currents.“

*tryggvi@frettabladid.is*

# Skósprengja í Toppskóm

Í TOPPSKÓM ER NÚ AÐ LÁGMARKI 50 PRÓSENTA AFSLÁTTUR.

Allir þurfa skó og þeir sem þurfa að endurnýja, eða eru að hugsa um að auka úrvalið heima við, ættu að kíkja á skósprengjuna sem hófst í gær klukkan 10 í Toppskóm. Þar bjóða Steinar Waage, Ecco og Kaupfélagið upp á skó með að minnsta kosti 50 prósenta afslætti.

Toppskórinn - Outlet er við Vínlandsleið 6. Opið er mánudaga til föstudaga frá 11 til 18, laugardaga frá 11 til 16 og sunnudaga frá 12 til 16.

Nánari upplýsingar er að fá í síma 533-3109.


Skó af nær öllum gerðum má fá á góðum afslætti nú í Toppskónum.

# Eldavélar og háfar í Fríformi

Í VERSLUNINNI FRÍFORMI Í KÓPAVOGI STANDA NÚ YFIR GLÆSILEG SUMARTILBOÐ Á ELDAVÉLUM, VIFTUM OG HÁFUM FRÁ ELBA. AFSLÁTTURINN NEMUR ALLT AÐ 40 PRÓSENTUM Í JÚLÍ.

Þar má finna keramik- og gashelluborð af ýmsum stærðum auk eldavéla með gasi eða keramikhellum og ofni. Þá má fá viftur og háfa á frábæru verði og má nefna að ódýrasti háfurinn kostar aðeins 12.900 krónur. Jafnt er hægt að fá vegghháfa sem eyjuháfa af mismunandi stærðum og gerðum á góðu verði út júlí.

Í Fríformi er boðið upp á magnafslátt ef fleiri en eitt tæki eru keypt samtímis. Verslunin er opin alla virka daga kl. 9-18 en í sumar er lokað á laugardögum og sunnudögum.



Sumartilboð

Vorum að fá nýja sendingu frá ELBA og bjóðum nú í júlí þessi frábæru tæki með 20-40% afslætti meðan birgðir endast.

Við bjóðum enn betur, því við veitum einnig magnafslátt, 3% af tveimur tækjum, 4% af þremur og 5% séu keypt 4 eða fleiri tæki samtímis.

20-40% afsláttur í júlí



BETRI STOFAN

ELBA

Velkomin í Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana

Opið virka daga kl. 9-18
Sumarlokun á laugardögum

Fríform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

## Síðustu útsöludagar Whistles



WHISTLES Í KRINGLUNNI LÝKUR BRÁTT ÚTSÖLUNNI.

Breska kvenfataverslunin Whistles í Kringlunni auglýsir nú síðustu daga útsölunnar. Á lokadögunum eru aðeins fimm verðflokkar á útsöluvörunum sem eru frá 1000-5000 kr.

Verslunin er að taka upp haustfatnaðinn um þessar mundir og nýjar vörur verða því á boðstólum í byrjun ágúst.

## Ódýrt á grillið

ALLAR GRILLVÖRUR ERU Á 20 PRÓSENTA AFSLÆTTI Á GRILLDÖGUM Í SHELL.



Flestir eru uppteknir við að grilla þessa dagana enda býður veðrið svo sannarlega upp á það. Shell ætlar að styðja við bakið á þeim sem velja þessa eldunaraðferð og er nú með grilldaga í verslunum sínum fram til 29. júlí. Allar grillvörur og -áhöld eru á 20 prósenta afslætti, þar á meðal SS-pylsuþrenna og ORA-grillsósur.

Ekkert mál
-að verða mál

TravelJohn

TravelJohn pokarnir eru fínn ferðafélagi þegar manni verður mál.

Fást á eftirtöldum stöðum:
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmiðjan,
www.donna.is www.traveljohn.com

Tivoli Audio — Stero Combo

Hljómtækin sem smellpassa í hjólhýsið!



FM/AM stereó útvarp, með CD spilara, og fjarstýringu.
Einstakt tæki með frábærum móttakara og hljómgæðum. Afar einfalt í notkun.
Afar stöðugt og hentar vel í ferðalagið.
Hefur fengið bestu meðmæli í hönnunar-og fagtímaritum. Tengi fyrir iPod.

KORTER.IS



HLJÓMSÝN
www.hljomsyn.com
ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5010



# SIRKUS

27. JÚLÍ 2007

■ Nörd í kröppum dansi ■ Ari Magg kaupir íbúðir ■ Stormurinn á jeppa

Ragna Lóa Stefánsdóttir
kona Hemma Hreiðars

## ÁSTIN ER ÖLLU YFIR STERKARI

PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ
ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# fréttir



## Simbi í siglingu

Simbi klippari, oft kenndur við Jóa og félaga, og Ingibjörg Pálmadóttir, unnusta Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eru góðir vinir. Vinátta þeirra er víst svo góð að Simbi siglir nú um strendur Suður-Frakklands í glæsilegri snekkju ásamt þeim hjónum og fimm öðrum gestum. Glamúrinn er allsráðandi um borð í snekkjunni, svona eins og oftast þegar þau hjónakorn eiga hlut að máli, og hermir sagan að gestirnir séu átta en þjónustufólkið sextán talsins.



## Kalli í knattspyrnu

Lítið hefur farið fyrir Idol-stjörnunni Kalla Bjarna síðan hann var tekinn með kókaín í Leifsstöð fyrir nokkru. Kalli Bjarni situr nú inni á Litla-Hrauni og þykir öðrum föngum til fyrirmyndar. Kalli lék knattspyrnuleik með Hrottunum, knattspyrnufélagi fanga á Litla-Hrauni, síðastliðinn sunnudag og þótti standa sig nokkuð vel. Hann klúðraði að vísu nokkrum dauðafærum en það virtist ekki fara fyrir brjóstið á erlendum samföngum hans sem studdu við bakið á Hrottunum því þeir kölluðu: „It´s alright. He´s a great singer.“

sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir, kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

GUNNLAUGUR ÓLAFSSON, EINN AF LEIKMÖNNUM NÖRDANNA, STARFAR SEM ÖRYGGISVÖRÐUR Í KRINGLUNNI. HANN TÓK Á HONUM STÓRA SÍNUM FYRIR













**ALLT UNDIR STJÓRN** Gunnlaugur Ólafsson hafði fulla stjórn á mótmælendum og sýndi hvers hann er megnugur.
MYNDIR/GABRI

# Nörd í kröppum dansi

Gunnlaugur Ólafsson lenti í kröppum dansi í Kringlunni fyrir skömmu þegar hann þurfti að vísa mótmælendum Saving Iceland-hópsins út fyrir hússins dyr fyrir ólæti. Gunnlaugur, sem starfar sem öryggisvörður í Kringlunni, er einn af liðsmönnum FC Nörd sem slógu eftirminnilega í gegn á sjónvarpsstöðinni Sýn í fyrra og gerðu gott betur í ár þegar þeir völtuðu yfir FC Z, nördalið Svíþjóðar, í opnunarleiknum á Landsmóti ungmennafélaganna.

Gunnlaugur sýndi mikla ákveðni og þrautseigju þegar hann átti við mótmælendurna. Reyndi meðal annars að koma í veg fyrir að mótmælin væru mynduð og hrópaði til mótmælenda setningar á borð við: „Stop filming!“, „This is private property! You have no right to be here!“ og „You will have to leave now!“ Gunnlaugi tókst ágætlega til eins og myndirnar hér til hliðar sýna.

Gunnlaugur gat vegna starfs síns ekki tjáð sig um atvikið eða starfið sjálft. Sirkus leitaði því til Loga Ólafssonar sem þekkir vel til Gunnlaugs enda er Logi þjálfari Nördanna.

„Gunnlaugur er ákveðinn drengur og stendur sig vel í þessu starfi. Í Nördaþættinum sem við gerðum í kringum leikinn á móti Svíum spurði ég hann, fyrir framan myndavélina, hvort hann hefði orðið var við einhverja frægð vegna þátttöku sinnar í þættinum. Hann sagði svo vera og viðurkenndi það meðal annars að hann hefði verið beðinn um eiginhandaráritanir af þjófunum sem hann stóð að verki,“ segir Logi hlæjandi. En hvernig skyldi þjálfarinn lýsa þessum harðduglega og ákveðna dreng? „Gunnlaugur er að stórum hluta alinn upp í Noregi og er mikið snyrtimenni. Stundum er hann klæddur eins og hann sé rifinn út úr auglýsingum frá Dressman. Hann var til dæmis ekki hrifinn af því að fara í make-over þáttinn hjá okkur þar sem tískufrík völdu föt á hann,“ segir Logi. „Gunnlaugur er mikill sjálfstæðismaður og vill svolítið vera þannig í útliti. Hann er annars vænn piltur og skemmtilegur. Mér þótti gaman að sjá hann í sjónvarpinu og hann sýndi mikla röggsemi þegar hann bað fólkið að yfirgefa bygginguna. Sagði meðal annars að þetta væri „private property““, segir Logi og skellir upp úr.

Meðal þess sem Gunnlaugur gekk í gegnum í sjónvarpsþáttunum um Nördana var að bregða sér í líki lífvarðar sem þurfti að snúa niður meintan óþokka. „Við fengum Eirík Beck sem rekur lífvarðafyrirtæki til að hjálpa okkur og Gunnlaugur fékk það verkefni að snúa þrjótinn niður. Ég sá það greinilega á öllu hans yfirbragði í sjónvarpinu að hann hefur lært mikið af þeim þætti. Ég legg til að hann fái kauphækkun sem gæslumaður í Kringlunni,“ segir Logi Ólafsson, þjálfari Nördanna.









## Barinn í ruglið

Arnar Þór Gíslason og félagar sem standa að Café Oliver hafa selt hlut sinn í Barnum við Laugaveg og hommastaðnum Q-bar. Kaupendur eru Ragnar nokkur úr Hafnarfirði og Baddi sem áður var kenndur við Rugl.is. Ekki er vitað til þess að þeir félagar hafi áður komið að veitingabransanum en þeir hafa hins vegar verið tíðir gestir á slíkum stöðum.

# Aftur í skólann




## Mikið úrval af skólavörum




Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Ýmsir | — | Í brekkunni: Eyjalögin 2cd |
| 2 | KK og Maggi Eiríks | — | Langferðalög |
| 3 | Ýmsir | — | 100 íslensk 80's lög |
| 4 | Hvanndalsbræður | ↑ | Skást of |
| 5 | Ljótu Hálfvitarnir | ↓ | Ljótu Hálfvitarnir |
| 6 | Amy Winehouse | N | Back To Black |
| 7 | Mika | ↓ | Life in Cartoon Motion |
| 8 | Garðar T. Cortes | ↑ | Cortes 2007 |
| 9 | Ýmsir | ↓ | Number 1 3CD |
| 10 | Jógvan | ↑ | Jógvan |
| 11 | Ýmsir | A | Óskalög Sjómanna (2CD) |
| 12 | Gus Gus | ↑ | Forever |
| 13 | Ýmsir | N | Gleðilegt sumar |
| 14 | Smashing Pumpkins | N | Zeitgeist |
| 15 | Lay Low | ↓ | Please Don't Hate Me |
| 16 | White Stripes | A | Icky Thump |
| 17 | Björk | ↓ | Volta |
| 18 | Ýmsir | N | Heimilistónar 2c |
| 19 | Chemical Brothers | N | We Are The Night |
| 20 | Tríó B. Thor & A. Gylfa | ↓ | Vorvísur |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækka frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

Listinn gildir vikuna 26. júní - 2. ágúst 2007

## Amy Winehouse

Amy Winehouse hin grindhoraða selur plötuna sína Back To Black gríðarlega vel þessa dagana. Hörku plata með fanta fínni söngkonu.







## Forever

Það fer að líða að því að Gus Gus fari að verða aldursforsetar Skífulistans, búin að vera ansi lengi á Topp 20 sem verður að þykja nokkuð gott. Frábær plata.

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N




GLÆSILEGT HÚS Íbúðirnar sem Ari keypti eru í þessu stórglæsilega húsi við Ásvallagötu.

ARI MAGNÚSSON HEFUR KEYPT SÉR GLÆSILEGA EIGN Á ÁSVALLAGÖTU 24

# Kaupir hæð og ris fyrir 60 milljónir

Ari Magnússon, einn heitasti tísku- og auglýsingaljósmyndari landsins, hefur keypt tvær íbúðir við Ásvallagötu 24 í Reykjavík. Íbúðirnar, sem eru hæð og ris, eru tæpir tvö hundruð fermetrar að flatarmáli en auk þess fylgir 27 fermetra bílskúr með.

Ari vildi ekki tjá sig um íbúðakaupin þegar Sirkus hafði samband við hann en samkvæmt heimildum blaðsins er kaupverðið um 60 milljónir króna.

Ásvallagatan, sem og aðrar götur í gamla Vesturbænum, eru einn eftirsóttasti staður höfuðborgarsvæðisins og því er fermetrinn dýr eftir því. Ari reiðir fram rúmar 280 þúsund krónur fyrir fermetrann og þá er bílskúrinn innifalinn. Ari Magg lætur verðið þó ekki aftra sér frá kaupunum enda er nóg að gera hjá honum sem eftirsóttasti auglýsinga- og tískuljósmyndari landsins.

Íbúðirnar sem Ari keypti eru frá árinu 1947. Samkvæmt heimildum Sirkuss ætlar hann að taka íbúðirnar í gegn enda margrómaður fagurkeri. Ari hefur meðal annars komið sér upp glæsilegu ljósmyndastúdíói á Hverfisgötu, ásamt Magnúsi föður sínum og Silju systur sinni, sem þau starfrækja undir nafninu Magg. Silja mun að vísu kveðja fjölskyldufyrirtækið innan skamms þar sem hún er á leið í nám við virtan ljósmyndaskóla í New York. Ari hyggst búa í annarri íbúðinni en leigja hina út.

Í sama húsi býr annar fagurkeri, Börkur Arnarson, sem oft hefur verið kenndur við Gallerí i8. Meðal nágranna Ara og Barkar á Ásvallagötunni má nefna Kristján Guy Burgess, fyrrverandi blaðamann og fréttastjóra á DV, sem og Skafta Jónsson og son hans Jón. Skafti starfar í Malaví á vegum Sameinuðu þjóðanna og er bróðir Gests Jónssonar lögmanns.



ARI MAGG Ljósmyndarinn stækkar nú við sig en hefur hann látið fara vel um sig í miðbæ Reykjavíkur síðustu ár.


ÚTSALAN HEFST Á MÁNUDAG

10 til 50%

afsláttur af öllum
vörum í búðinni, nýjum og eldri

Ótrúlegt úrval af fallegum gjafavörum




Verið velkomin

Evita
- hárgreiðsla og gjafavörur
Starmýri 2 • 108 Rvík • s. 553 1900 • evita.is


# Stormurinn þeysist um á sjö milljóna króna

„Ég keypti mér þennan jeppa fyrir mánuði síðan – fékk hann rétt áður en ég fór í sumarfrí," segir veðurfréttamaðurinn Siggi stormur, sem hefur keypt sér glænýjan Discovery-jeppa. Og það engin smásmíði. Bíllinn, sem er þriðja kynslóð Discovery-jeppa, er tvö hundruð hestafla lúxustæki af bestu gerð sem kostar um sjö milljónir króna samkvæmt verðlista.

„Ég er mikill bíladellukall. Var að skipta út ársgömlum Patrol fyrir þennan. Þetta er skemmtilegasti jeppi sem ég hef átt og samt hef ég átt fimmtíu bíla um ævina," segir Siggi sem vill alltaf vera á jeppa. „Mér finnst ég vera bíllaus ef ég er á fólksbíl. Svo finnst mér óskaplega gott að komast út fyrir malbikið en ég ber virðingu fyrir umhverfinu. Fer bara leyfilega slóða," segir stormurinn sem hefur átt jeppa síðan hann var sautján ára, eða í tuttugu og þrjú ár. „Ég vil bara original jeppa, ekki breytta. Ég geri samt miklar kröfur til þeirra um þægindi og akstureiginleika. Þessi bíll uppfyllir þær kröfur og er ógeðslega góður."



SIGGI STORMUR OG JEPPINN GÓÐI Siggi er hæstánægður með nýja jeppann sem er hlaðinn lúxusbúnaði.






G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007

**Lokahelgi útsölunnar**
endar á morgun laugardag opið 10-17
**50%** afsláttur.

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · marc newson · g-star.com

heima Öndvegi

# ÚTSALAN ER HAFIN 15 - 60% AFSLÁTTUR

RAFEMAR, KRISTALIA, KASTHALL, CHATEAU D'AX, CALLIGARIS, HÜLSTA OG JENSEN.







heima

Öndvegi

HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 I Sími 5684242 I www.heimahusgogn.is I heima@heimahusgogn.is

Opið: Virka daga 10 - 18 laugardaga 11 - 16



PRJÓNAVESTI FRÁ ÖMMU „Rauðu gallabuxurnar fékk ég í Kringlunni en stígvélin í Primark í London. Mér þykir rosalega vænt um prjónavestið sem amma kærasta míns prjónaði handa mér.“ MYND ANTON BRINK



UPPÁHALDSKJÓLLINN „Mér þykir ótrúlega vænt um þennan tiger-kjól en kærastinn minn keypti hann í San Fransisco.“



JÓLAGJÖF FRÁ KÆRASTANUM „Þessi hvíta ullarkápa er Patrizia Pepe og var keypt í GK. Hún er ofsalega falleg en ég fékk



FALLEG OG SPARILEG „Þennan æðislega Vivienne Westwood-kjól fékk ég í þrítugsgjöf frá kærastanum en hann var keyptur í Kronkron. Skórnir eru úr Kaupfélaginu en skartgripirnir úr Trilógíu.“



FLOTT Í HVERSDAGSGALLANUM „Gallabuxurnar eru úr Vero Moda en stígvélin úr GS skóm. Regnkápuna keypti ég í HM í Amsterdam.“

ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR LEIKKONA OG EIGANDI REYKJAVÍK CASTING KAUPIR FÖT SEM HENNI FINNST FALLEG SAMA HVAR ÞAU FÁST.

# Penn rokkari sem prjónar

fötin mín

Að sjálfsögðu hef ég áhuga á tísku, maður kemst ekkert hjá því í lífinu,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona og eigandi Reykjavík Casting. Alexía Björg segir smekk sinn sambland af ódýrum hlutum á mörkuðum upp í dýrari hluti í verslunum eins og Kronkron og GK. „Ég kaupi bara það sem mér finnst fallegt, sama hvaðan það kemur,“ segir hún og bætir við að kærastinn hennar sé ótrúlega duglegur að finna handa henni falleg föt. „Hann er ótrúlega naskur og ég gæti þess vegna látið hann um þetta,“ segir hún brosandi. Aðspurð segist hún kaupa mikið erlendis og þá séu verslanir eins og HM og Primark í miklu uppáhaldi, sér í lagi þegar hún hafi verið fátækur námsmaður á Englandi. Þegar hún er beðin um að lýsa stíl sínum segir hún smá rokkara í sér. „Samt reyni ég að vera pen svo ætli ég sé ekki voðalega penn rokkari,“ segir hún hlæjandi og bætir við að sem betur fer hafi stíll hennar breyst mikið með árunum. Aðspurð um tískuna í dag segist hún kunna vel við hana. „Það skemmtilega er að það er allt leyfilegt og því er enginn púkó. Ég gæti þess vegna farið í gamla krumpugallann og allir myndu gúddera það,“ segir Alexía sem bjó í London í fjögur ár. Hún segir tískuna hér og þar afar svipaða þótt mannflóran sé vissulega meiri í London. „Allt sem er í tísku þar kemur strax hingað og svo öfugt, heimurinn er svo lítill. Allavega Evrópa,“ segir Alexía sem fékk langþráða saumavél í afmælisgjöf á árinu og hefur verið að dunda sér við að sauma sér föt. „Saumaskapurinn er samt á algjöru byrjunarstigi en ég prjóna líka mikið og finnst mjög róandi að setjast niður með prjónana. Það eru svo margar prjónakonur í fjölskyldunni að maður verður að sýna fram á að maður geti eitthvað svo þær haldi ekki að prjónaskapurinn deyi út með þeim.“

*indiana@frettabladid.is*



# ÞREFALT HÚRRA!






Egils Lite hlaut gullverðlaun Monde Selection 2007 og 2006.
Einnig gullverðlaun í World Beer Cup 2006.
Bronsverðlaun European Beer Star 2006.

Premium hlaut gullverðlaun Monde Selection
2007 og silfur 2006.
Silfurverðlaun European Beer Star 2006.

Egils Gull hlaut gullverðlaun Monde Selection
2007 og silfur 2004 og 2006.

Frá margverðlaunaðri Ölgerð Egils Skallagrímssonar. Egils

Léttöl



RAGNA LÓA „Ég lifi mjög skemmtilegu lífi og hef það alveg hrikalega gott, get ferðast mikið og hef nógan tíma fyrir börnin mín og manninn. Ég var búin að mennta mig áður en við fórum út og er að mennta mig enn frekar og er fullkomlega sátt.“ MYND/ANTON

# Í FJARBÚÐ Í HEILT ÁR

viðtal

**RAGNA LÓA STEFÁNSDÓTTIR** er eiginkona knattspyrnumannsins Hermanns Hreiðarssonar. Ragna Lóa er alsæl með lífið og tilveruna og segist myndu elta Hermann til Kína. Fjölskyldan er að koma sér fyrir í litlum strandbæ í Bretlandi og framtíðin er björt.

„Við erum að flytja þar sem Hermann var að skipta um klúbb og höfum keypt hús í Poole, litlum strandbæ við suðurströnd Englands. Næst á dagskrá er að koma okkur fyrir,“ segir Ragna Lóa Stefánsdóttir eiginkona knattspyrnumannsins Hermanns Hreiðarssonar. Hermann á að baki farsælan knattspyrnuferil en hann hefur starfað sem atvinnumaður á Englandi frá árinu 1997. Nú hefur hann verið keyptur frá Charlton til Portsmouth og Ragna Lóa er himinlifandi með nýja liðið. „Þetta er allt í vinnslu og það er alltaf erfitt að skilja við vini og flytja burt. Það er skuggahliðin á lífi knattspyrnumannsins. Við þurfum að pakka öllu niður og flytja þangað sem hann er seldur. Mér líst mjög vel á Poole, þetta er skemmtilegur og líflegur strandbær og það verður gaman að upplifa þá menningu í Englandi. Portsmouth er líka spennandi kostur því þjálfarinn, Harry Redknapp, sem er hálfgerð þjálfaragoðsögn hér í Englandi, er búinn að vera á eftir Hermanni í mörg ár og hefur nú loksins tekist að negla hann svo það eru spennandi tímar framundan,“ segir Ragna Lóa brosandi.



FLOTTUR GÆI Hemmi Hreiðars er í ótrúlega góðu formi eins og atvinnumanna er siður.

### Tvístígandi í fyrstu

Ragna Lóa og Hermann eiga saman tvær dætur en Ragna Lóa átti tvö börn fyrir. Þegar Hermanni bauðst að fara út að spila ákvað Ragna Lóa að vera heima á Íslandi fyrst um sinn. „Hann bjó úti í heilt ár áður en við komum út til hans. Við vildum fara hægt í sakirnar og vorum því í fjarsambandi til að flana ekki að neinu. Þegar við sáum að allt gekk að óskum ákvað ég að flytja til hans. Ég var mjög tvístígandi í fyrstu en ástin er öllu yfirsterkari,“ segir Ragna Lóa og bætir við að börnum hennar og Hermanni hafi ávallt komið vel saman. Í dag eru elstu börnin flutt aftur heim til Íslands og eyðir Ragna Lóa því miklum tíma á Íslandi. „Ég rek eiginlega tvö heimili, eitt hér og annað úti og yfirleitt er ég hérna yfir sumarið og kem öðru hvoru yfir veturinn,“ segir Ragna Lóa sæl með lífið og tilveruna. Aðspurð segist hún ekki hafa þurft að fórna eigin frama fyrir Hermann, hún hafi sjálf átt sinn knattspyrnuferil á sínum tíma og eigi marga titla í farteskinu, bæði sem leikmaður og þjálfari. Hún geri það sem henni langi til að gera og sé til að mynda í fjarnámi frá Kennaraháskóla Íslands. „Ég myndi elta hann til Kína, það væri ekki málið. Ferðalög eru hluti af fjölskyldunni og við förum þangað sem atvinnan kallar. Ég lifi mjög skemmtilegu lífi og hef það alveg hrikalega gott, get ferðast mikið og hef nógan tíma fyrir börnin mín og manninn. Ég var búin að mennta mig áður en við fórum út og er að mennta mig enn frekar og er fullkomlega sátt.“

„HANN ER ALVEG FRÁBÆR EIGINMAÐUR OG FÉLAGI, TRAUSTUR OG HEIÐARLEGUR OG BARA ALVEG ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGUR OG GÓÐUR FAÐIR.“

### Njótum þess að vera til

Aðspurð hvort eitthvert sannleiksgildi sé í sjónvarpsþáttunum Footballer's Wives segir hún svo vera. „Auðvitað er hægt að finna þessar týpur hvar sem er og ég á vini sem lifa svona lífi. Það er samt ekkert endilega fólk í fótboltaheiminum heldur líka viðskiptamenn og aðrir sem hafa áhuga á þessu innantóma lífi þar sem allt snýst um peninga, útlit og skemmtanir. Hins vegar eru mun fleiri sem lifa þessu eðlilega fjölskyldulífi.“ Hinn týpíski dagur í lífi Rögnu Lóu hljómar afar vel og það er greinilegt að samverustundir fjölskyldunnar eru í fyrirrúmi. „Dagurinn byrjar á því að ég fer með stelpurnar í skólann sem getur tekið langan tíma, fer eftir umferð. Svo sinni ég heimilinu og hugsa um heilsuna. Eins og flestir vita hef ég alltaf verið mikið fyrir íþróttir og er dugleg að hlaupa og æfa í ræktinni og svo hef ég einnig verið dugleg að sækja þjálfaranámskeið hjá Knattspyrnusambandi Íslands og hef áhuga á að starfa því tengt í framtíðinni. Hermann kemur svo heim í síðasta lagi um tvöleytið og þá erum við að dúlla okkur saman það sem eftir lifir dagsins og njóta þess að vera til. Við lifum ótrúlega afslöppuðu lífi fyrir utan fótboltann og eyðum miklum tíma saman.“

Ragna Lóa á í engum erfiðleikum með að lýsa Hermanni og lýsingarorð eins og frábær og heiðarlegur koma fyrst upp í huga hennar. „Hann er alveg frábær eiginmaður og félagi, traustur og heiðarlegur og bara alveg ótrúlega skemmtilegur og góður faðir,“ segir hún og stoltið leynir sér ekki. Þegar hún er beðin um að lýsa sjálfri sér hugsar hún sig um. „Ég myndi segja að ég væri lífsglöð og traustur vinur vina minna. Það borgar sig samt ekkert að styggja mig. Ég er mjög gestrisin og hef gaman af því að taka á móti fólki, húsið mitt er alltaf opið. Síðast en ekki síst er ég afar hamingjusöm og mjög ástfangin,“ segir hún og brosir.

### Munum alltaf hafa gaman af lífinu

Ragna Lóa segir að frægð Hermanns aukist með hverju árinu. Honum hafi tekist að skapa sér góðan orðstír og sé orðinn einn af þekktustu varnarmönnum Englands. „Hermann er þessi týpa sem er allstaðar vel liðinn. Það fer allstaðar gott orð af honum og fjölmiðlar hafa aldrei haft neitt neikvætt um hann að segja. Hann gefur




# ferðahelgin

FÖSTUDAGUR 27. JÚLÍ 2007



## Hátíðir kortlagðar

Helstu viðburðir sem í boði eru um verslunarmannahelgina BLS. 8

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







Árni Sigfússon reyndi tíu ára gamall að bjarga dauðadrukknum þjóðhátíðargestum frá meiri brennivínsdrykkju með afar nýstárlegri aðferð.

# Pissaði í brennivínsflöskur á Þjóðhátíð

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum. Eins og sönnum eyjapeyja sæmir fer hann á Þjóðhátíð nú í ár. „Þjóðhátíð var fastur liður á mínum yngri árum alveg fram að unglingsárunum,“ segir Árni. „Svo varð eitthvað hlé á þessu eftir að ég flutti frá Eyjum tólf ára gamall en ég stefni sem sagt þangað nú í ár.“

Ef marka má þá hörðu baráttu er Árni hélt uppi gegn áfengisdjöflinum á sínum yngri árum þá mega þeir sem ganga of hratt um gleðinnar dyr vara sig. „Þegar ég var tíu ára polli blöskraði mér og félaga mínum drykkjuskapurinn á Þjóðhátíð. Við fórum eldsnemma um morgun á svæðið og sáum þá drukkna menn liggjandi í hlíðum Dalsfjallsins með flöskurnar sér við hlið,“ segir Árni og glottir. „Til að forða þeim frá frekari drykkju helltum við niður áfenginu og migum í flöskurnar.“

Þarna töldu drengirnir sig framkvæma hina mestu samfélagsþjónustu. Annað kom á daginn og auðvitað fengu þeir orð í eyra fyrir uppátækið. „Ég ráðlegg mönnum að hafa tappann vel fastan á flöskunum,“ segir Árni og hlær. „Bara ef einhver skyldi vera að gera þetta ennþá. Annars hef ég lagt af þessa iðju svo fólk þarf ekki að óttast mig á Þjóðhátíð.“



**● HVÍTLAUKSHUMAR Á GRILLIÐ** Þeir sem elska humar þekkja líklega hve erfitt getur verið að borða hann án þess að verða subbulegur á fingrunum. Með auðveldum hætti má gera humarmáltíðina að ánægjulegri og hreinlegri athöfn.

Byrjað er á að taka humarhalann og klípa af honum stélið og hreinsa þar með um leið svörtu röndina sem liggur meðfram skelinni.

Næst eru tekin upp góð skæri og klippt sínum hvorum megin við magann svo kjötið komi í ljós. Hölunum er síðan raðað á álbakka með skelina niður og kjötið upp.

Smjör er brætt og hvítlauksrif eru kreist ofan í það. Hve mörg fer eftir humarmagninu. Með pensli eða skeið er smjörinu og hvítlauknum dreift yfir humarinn.

Þessu er síðan skellt á grillið í um tíu mínútur eða þar til humarinn er orðinn fallega hvítur. Með því að matreiða humarinn með þessum hætti er vel hægt að borða hann með hníf og gaffli.



Eyjan er flatlend og falleg og segir Birgir að fuglalífið þar sé einkar mikið og fjölbreytt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tíminn stendur í stað

**Gönguhópurinn Krummafætur brá sér í skemmtilega ferð á dögunum út í Flatey á Skjálfanda. Birgir Ottósson var einn ferðalanganna og segir það mikla upplifun að koma út í eyjuna þar sem er eins og tíminn hafi staðið í stað.**

„Þetta var mjög skemmtilegur dagur og mikil upplifun fyrir okkur, borgarbörnin, að koma í svona eyju. Þetta var eins og að vera kippt út úr nútímanum og inn í umhverfi sem hefur staðið í stað í tugi ára. Það er ekki stress þarna og hjartað slær rólega,“ segir Birgir en honum fannst þessi upplifun eitt af því eftirminnilegasta úr ferðinni. „Síðan var líka mjög eftirminnileg stund í kirkjunni en þar fengum við góðfúslegt leyfi til að syngja einn sálm og ég spilaði undir á gamalt fótstigið orgel,“ bætir hann við.

Birgir var einstaklega ánægður með leiðsögnina sem hópurinn fékk um eyjuna. „Leiðsögumaðurinn var Guðmundur A. Hólmgeirsson sem er innfæddur þarna og þekkir þetta allt saman mjög vel,“ segir Birgir sem hreifst mikið af eyjunni. „Það er gaman að sjá að þarna er verið að gera upp gömul hús en engu öðru bætt við. Það eru engar hugmyndir um að breyta neinu þarna og það vorum við mjög ánægð með enda hefur það mikið varðveislugildi að halda öllu eins og það var.“

Birgir segir eyjuna mjög flatlenda, eins og nafnið gefur til kynna, og að mikið og fjölbreytt fuglalíf sé í eyjunni enda hafi minkurinn ekki komist þangað. „Það tekur um hálftíma að sigla út í Flatey frá Húsavík en það eru engar skipulagðar ferðir þangað. Við sungum að sjálfsögðu gamla sjóaraslagara báðar leiðir við harmóníkuundirleik og þótti það mjög viðeigandi,“ segir Birgir hæstánægður með upplifun sína af Flateyjarferðinni. sigridurh@frettabladid.is



Hópurinn var svo heppinn að hafa harmóníkuleikara um borð í bátnum svo gömlu sjóaralögin voru sungin hástöfum meðan á hálftíma siglingunni til og frá eyjunni stóð.



Birgir segir það hafa verið mikla upplifun að koma í Flatey enda sé eins og tíminn hafi staðið í tugi ára.



# VERÐHRUN

## Á SUMARVÖRUM

allt að 50 AFSLÁTTUR




33% afsláttur
1.990 ~~2.990~~
Vnr. 88015972/4
**Svefnpoki**
Svefnpoki -5°, grár eða dökkblár.
Stærð 200x80 cm.

30% afsláttur
1.390 ~~1.990~~
Vnr. 88015950
**Tjald**
2ja manna tjald.

25% afsláttur
668 ~~890~~
Vnr.88098157/8
**Útilegustóll**
Útilegustóll, grænn eða blár.

50% afsláttur
149 ~~299~~
Vnr. 88016002
**Einnotagrill**
Einnotagrill.

40% afsláttur
594 ~~990~~
Vnr. 88015968
**Teppi**
Flísteppi.

30% afsláttur
903 ~~1.290~~
Vnr. 88015984
**Útileguljós**
Útileguljós, 12V
eða með rafhlöðu.

20% afsláttur
1.592 ~~1.990~~
Vnr. 88098175
**Útilegustóll**
KELSYUS útilegustóll
með röndum eða blár.

40% afsláttur
354 ~~590~~
Vnr. 88015986
**Ferðastóll**
Ferðastóll.

40% afsláttur
594 ~~990~~
Vnr. 88015960
**Barnatjald**
Barnatjald, stærð: 120x120x90 cm.

30% afsláttur
343 ~~490~~
Vnr. 88015715
**Vatnsbrúsi**
Vatnsbrúsi, 15 ltr.

50% afsláttur
495 ~~990~~
Vnr. 88015988
**Ferðaborð**
Ferðaborð.

50% afsláttur
100 ~~199~~
Vnr. 87927600
**Gaskútur**
Gaskútur, 190 g.

25% afsláttur
1.418 ~~1.890~~
Vnr. 88015580/2
**Bakpoki**
Bakpoki,
52x30x18 cm, blár eða rauður.

35% afsláttur
773 ~~1.190~~
Vnr.88098156
**Útilegustóll**
Útilegustóll, grænn, stór.

BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Út að leika

**Margar fjölskyldur leggjast í ferðalög um verslunarmannahelgina. Þá er nauðsynlegt að huga að afþreyingu í bílnum og á áfangastað.**



Ferðahengi fyrir vatnsflösku, smá nammi, Andrésblað, liti og ferðaspilara. Sumir krakkar verða bílveikir við lestur og þá er gott ráð að hlusta frekar á hljóðbækur sem fást á flestum bókasöfnum. Penninn Eymundsson kr. 2.430



Svifdiskur fyrir mömmur og pabba sem hafa ekkert þarfara að gera í fríinu annað en að leika sér. Leikbær kr. 195




Víkingakubb er miklu betra en sjónvarp og tölvuspil í sumarbústaðnum. Útilíf kr 4.999




Blakbolti kemur að góðum notum í fjörunni eða við tjaldið. Útilíf kr.1250



Línuskautar eru góð leið til að leika sér og hreyfa sig. Passa að nota hjálm og allar hlífar. Útilíf kr 9.990

Ferðahandbók fjölskyldunnar er skipt eftir landshlutum. Bókin tekur fyrir skemmtilega staði og fróðleik sem hentar vel börnum. Penninn Eymundsson kr 3.690







Rúbbíbolti sem kemur allri fjölskyldunni í gott skap eftir ærlega grillveislu. Útilíf kr. 1.590

# Beinum skilaboðunum til strákanna

**Stígamót hafa frá stofnun samtakanna verið með aðstöðu fyrir fórnarlömb nauðgana á helstu útihátíðum verslunarmannahelgar en að sögn Thelmu Ásdísardóttur, starfsmanns Stígamóta, hefur slíkt smátt og smátt færst yfir á sveitarfélögin og mótshaldarana og samtökin því dregið sig í hlé í þessum efnum.**




Thelma Ásdísardóttir, starfsmaður Stígamóta, segir að skilaboðin eigi að beinast til strákanna en ekki stelpnanna þar sem þeir eru alla jafna gerendur í nauðgunarmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Fyrst og fremst þarf að vera aðstaða á útihátíðum fyrir fólk til að koma á ef eitthvað kemur fyrir," segir Thelma og bætir því við að stundum hafi slík aðstaða ekki verið nógu vel merkt eða ekki auglýst nægilega vel. „Við höfum fengið til okkar fólk eftir útihátíðir sem hafði ekki hugmynd um að það hafi verið aðstaða fyrir það á staðnum, þannig að það er til lítils að hafa þessa aðstöðu ef enginn veit af því."

Thelma segir Stígamót vilja leggja áherslu á strákana í forvörnunum, frekar en stelpurnar, því í langflestum tilfellum séu það þeir sem nauðga og þess vegna eigi skilaboðin að vera til þeirra. „Okkur leiðast þessi skilaboð um að stelpurnar eigi alltaf að passa sig enda er ábyrgðin ekki þeirra. Ábyrgðin er þeirra manna sem nauðga þessum stelpum og í sumum tilvikum strákum líka," segir Thelma.

Spurð hvaða skilaboð séu þá réttust til strákanna fyrir verslunarmannahelgina, segir Thelma: „Það er fyrst og fremst þessi gamla góða klisja að nei þýðir nei. Það að stelpa hafni ekki kynlífi þýðir ekki endilega að hún vilji það. Síðan vil ég minna strákana á það að stúlku sem er ofurölvi og getur ekki tjáð sig eða rönd við reist á að láta vera en ekki líta þannig á að hún sé að samþykkja kynlíf þótt hún sýni einhverja smá viðleitni." Thelma bætir því við að samfarir án samþykkis sé nauðgun og eins ef mök eru höfð við áfengisdauða stúlku.

„Nauðgun fylgja alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann þannig að það má alls ekki líta léttvægt á slíkt því nauðgun er stór glæpur en ekki eitthvað léttvægt sem hægt er að humma fram af sér," segir Thelma. „Eitt atriði finnst mér líka rétt að benda öllu fólki á en það er að hafa auga hvert með öðru og standa ekki aðgerðalaus hjá ef það sér eitthvað gerast. Grípið inn í því það hefur allt áhrif," bætir hún við og minnir að lokum fólk á að vera óhrætt við að taka afstöðu gegn nauðgunum. *- sig*

# Forvarnastarf gegn nauðgunum

Karlahópur Femínistafélagsins ætlar að vera á faraldsfæti um verslunarmannahelgina eins og undanfarin ár en hópurinn hefur unnið að forvörnum gegn nauðgunum á útihátíðum og víðar.

Gísli Hrafn Atlason er forsvarsmaður karlahópsins og segir hópinn verða á tveimur útihátíðum um verslunarmannahelgina, í Eyjum og á Akureyri. „Svo ætlum við að vera núna um helgina á frönskum dögum á Fáskrúðsfirði," segir Gísli.

„Það sem við gerum er að vera sýnilegir á staðnum, selja svifdiska og dreifa límmiðum og barmmerkjum og þess háttar. Við spjöllum við gestina um alvarleika og eðli nauðgana."




Gísli Hrafn Helgason er talsmaður karlahóps Femínistafélagsins og segir hópinn ætla að verða á tveimur stöðum um verslunarmannahelgina að sinna forvörnum gegn nauðgunum, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gísli segir það gríðarlega mikilvægt að fá umræðuna upp, bæði meðal karla og kvenna. „Þetta er mál sem er alltaf verið að ræða eitthvað en ristir oft ekki nægilega djúpt."

Spurður hvort hann hafi séð árangur af forvarnastarfi karlahópsins, segir Gísli: „Já, ég sé árangur og augljósan mun á því hvað fólk hefur rætt þetta mun meira núna en fyrir fjórum árum þegar við vorum að byrja. Yfirleitt tekur fólk mjög vel í að spjalla við okkur og margir koma gagngert til okkar til að ræða þessi mál." *- sig*

Íslensk list
gerir hús að heimili
. . .





LISTMUNASALA fold

Opið laugardaga,
í Kringlunni 10–18, Rauðarárstíg 11–14

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni



# FERÐAFÉLAGI

| | |
|---|---|
| Tegund: | **Arna** |
| Litir: | **Beinhvítur / Burnt Orange / Svartur** |
| Efni: | **Pontetorto - No Wind Teflon** |
| Verð: | **17.980 kr.** |

TAX FREE

CINTAMANI

CINTAMANI CENTER // LAUGAVEGUR 11 // 101 REYKJAVÍK

SPJARAÐU ÞIG!



Tiltölulega einfalt er að elda kjúkling.



Ljúffengt lambafillet að hætti Rúnars.



Lax penslaður með ólífuolíu og engiferrót.

# Auðveldara en það sýnist

**Rúnar Gíslason kokkur segir tiltölulega einfalt að grilla góðan mat.**

Nú þegar verslunarmannahelgin er framundan er tilvalið að taka fram grillið, hvort sem maður ætlar að hafa það með í ferðalagið eða hafa það náðugt heima hjá sér um helgina.

Maður þarf ekki að vera neinn meistarakokkur til að grilla gómsæta rétti og satt best að segja er það tiltölulega auðvelt, ef marka má matreiðslumanninn Rúnar Gíslason hjá Kokkunum veisluþjónustu, sem hefur meðal annars getið sér góðs orðstírs fyrir grilluppskriftir fyrir Hagkaup.

„Ég ákvað að setja saman fjóra góða grillrétti, byggða á grillréttum fyrir Hagkaup og sem tiltölulega auðvelt er að búa til, þótt myndirnar gefi annað til kynna en það má helst rekja til framsetningar," útskýrir Rúnar. „Staðreyndin er sú að réttirnir eru samansettir úr algjörum grunnhráefnum. Yfirleitt eru ekki fleiri en fimm atriði í hverri uppskrift."

Til marks um það bendir Rúnar á að meginuppistaðan í kjúklingarétt, einum hinna fjögurra rétta, sé kjúklingur, barbeque-sósa og mango chutney. Sömu sögu sé að segja um lambafillet, þar sem megin uppistaðan er ólífuolía, hvítlaukur, salt og pipar, fyrir utan kjötið sjálft. Uppistaðan í laxrétt er lax penslaður með ólífuolíu, blandaðri með niðurrifinni engiferrót. Hvítlauk og chili megi alltaf bæta út í til að skerpa bragðið.

„Það er nær engin fita í réttunum enda skiptir máli að hafa fersk og góð hráefni, sem nýta má sem best í matargerð," bendir Rúnar jafnframt á. „Þá er ekki verið að flækja hlutina."

Fjórði og síðasti rétturinn er reyndar ekkert sérstaklega fituskertur, en alveg ofboðslega góður að sögn Rúnars. Það eru kókosbollur sem eru grillaðar ofan á berjablöndu í eldföstu móti og tilvalið að bera fram með vanilluís, sem bráðnar ofan á gotteríinu. Sannkölluð rúsína í pylsuendanum.

*roald@frettabladid.is*

**Allar uppskriftir eru fyrir fjóra:**

**KJÚKLINGUR:**
800 gr kjúklingabringur.
**Grilllögur**
2 dl BBQ-sósa.
5 msk. Geetas mango chutney.
**Aðferð:**
Marinerið bringurnar í legi í einn til tvo tíma. Grillið á hefbundinn hátt, um það bil átta mínútur á hvorri hlið. Gott að pensla aðeins í lokin með restinni af leginum.
**Meðlæti:**
Gott að bera fram með grilluðum kartöflusneiðum, súkíni og tómötum.

Kókosbollur á berjablöndu. Kannski ekkert ofboðslega hollar, en rosalega góðar að sögn Rúnars.





Rúnar Gíslason kokkur segir mikilvægt að hafa grillið vel heitt í upphafi, sérstaklega þegar grilla á fisk svo hann festist ekki við grillið. Í því samhengi skiptir líka máli að vera búinn að pensla grillið með olíu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**LAMBAFILLET:**
1,2 kg lambafillet m/fitu.
**Grillmarinering:**
2 dl ólífuolía.
4 stk. hvítlauksgeirar.
salt og pipar eftir smekk.
**Aðferð:**
Búið marineringu til úr ólífuolíu og fínt söxuðum hvítlauksgeirum og salti og pipar eftir smekk. Látið lambið marinerast í þessu í einn til tvo tíma. Grillið með fituna niður, fyrst í um það bil tíu mínútur á fitu hliðinni og sex mínútur á hinni.
**Meðlæti:**
Gott að bera fram með kartöflusalati með ólífuolíu, fersku salati og kaldri sósu.

**LAX:**
900 gr laxaflök.
**Marinering:**
2 dl ólífuolía.
50-70 gr engiferrót (rifin niður).
salt og pipar eftir smekk.
**Aðferð:**
Blandið marineringu saman. Penslið lax og grillið á roði, fyrst í um það bil þrjár mínútur á hvorri hlið.
**Meðlæti:**
Gott að bera fram með grillaðri sætri kartöflu og aspas.

**KÓKOSBOLLU EFTIRRÉTTUR:**
300 - 400 gr berjablanda, til dæmis jarðarber, bláber og hindber.
100 gr rjómasúkkulaði.
2 stk. kókosbollur.
**Aðferð:**
Skerið niður rjómasúkkulaði og stráið yfir berjablöndu. Skerið niður kókosbollur og setjið yfir réttinn. Bakið svo á grilli. Hægt að borða eitt og sér eða með ís.




18 ÁRA
ALDURSTAKMARK Á TJALDSVÆÐUM -NEMA Í FYLGD FORRÁÐAMANNS
VOICE 98.7
VINIR AKUREYRAR
KYNNA
FJÖLSKYLDUHÁTÍÐINA
EIN MEÐ ÖLLU
2007
EIN
MEÐ ÖLLU
3.–6. ÁGÚST 2007
www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI
TÍVOLI UK
AFRIKA LOLE
PÁLL ÓSKAR
BÚRI OG BÍNA
GALLERÍ RÓLÓ
SÖNGVABORG
DANSKENNSLA
LEIKSÝNINGAR
BARNASTARF Í GLERÁRKIRKJU
RATLEIKUR
LEIKJANÁMSKEIÐ
SINGSTARKEPPNI
HRAÐSKÁKMÓT
GRILLVEISLUR
BREKKU- OG STÚKUSÖNGUR
FLUGELDASÝNING
GEIMSTOFAN / FREMRI
Björgvin Halldórsson • Bjössi bolla • Diagon • Gulli og Halla með lög úr söngleiknum Abbababb • Hafstraumar • Hara systur
Helena Eyjólfsdóttir • Helgi og hljóðfæraleikararnir • Hvítir mávar • Jógvan • Jump Fit – Valdís og Saga • Leikfélagið Sýnir
Ljótu hálfvitarnir • Magnús „Prins Póló“ Ólafsson • Mc Gauti og Siggi Bahama • Orri trúður • Ódáðahraun • Skúli Gautason
Sniglabandið • Sprengjuhöllin • Stuðmenn • Tina Turner Tribute • Tortímandinn • Tortýri • 2 leikmenn • Von
BÓNUS
EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ
10 11
...þegar þér hentar
GOÐI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Egils
APPELSÍN
LÍMONAÐI
þetta eina sanna

# Verslunarmannahelgi um allt land

**Hátíðir um verslunarmannahelgina eru ekki af skornum skammti. Á kortinu hér að neðan má sjá helstu viðburði sem í boði eru fyrir fólk um verslunarmannahelgina. Geymið kortið, boðið til fundar og ráðfærið ykkur við fjölskyldu og vini um áfangastaði helgarinnar.**

## MÝRARBOLTINN 2007

**1** Mýrarboltinn verður haldinn í Tunguskógi í Skutulsfirði 3. til 5. ágúst. Er þetta í fjórða sinn sem mótið er haldið og verður nú stærra og glæstara en nokkru sinni. Keppt verður á fjórum keppnisvöllum auk þess sem keppendum og öðrum áhugamönnum stendur ýmis afþreying til boða.
Að móti loknu verður haldið lokahóf, að líkindum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

*Sjá nánar á www.myrarbolti.net*

## SÆLUDAGAR Í VATNASKÓGI

**5** Í Vatnaskógi fer fram árleg vímulaus fjölskylduhátíð. Góð aðstaða til útivistar er fyrir hendi. Meðal listamanna sem troða upp á Sæludögum eru Jón Víðis töframaður, Pétur Ben tónlistarmaður og Björgvin Franz Gíslason skemmtikraftur. Bænastundir og málstofur fara einnig fram um helgina.

## SÍLDARÆVINTÝRIÐ

**2** Síldarævintýri á Siglufirði verður haldið í sautjánda sinn um verslunarmannahelgina. Boðið verður upp á mikið úrval afþreyingar og skemmtiefnis fyrir alla aldurshópa. Aðgangseyrir á hátíðina er enginn og í bænum er fyrsta flokks tjaldaðstaða. Meðal þeirra sem skemmta munu Siglfirðingum og fjölmörgum gestum eru Páll Óskar og hljómsveitirnar Sprengjuhöllin, Bermúda og Karma. Geirmundur Valtýsson og hljómsveit hans verða í góðu stuði ásamt fjölmörgum öðrum skemmtikröftum sem leiða hesta sína til Siglufjarðar í ár. Börnunum mun ekki leiðast enda verða tívolí, andlitsmálun, trúðar og söngvarakeppni í boði fyrir þau.

*Sjá nánar á www.siglo.is*

## EIN MEÐ ÖLLU

**3** Mikil og spennandi dagskrá fyrir alla fjölskylduna verður á Einni með öllu á Akureyri. Hátíðin er sett klukkan hálf níu á föstudagskvöldið og er dagskráin þéttskipuð þar til henni verður slitið með mikilli flugeldasýningu á sunnudagskvöldið klukkan hálf tólf.
Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni eru Hara-systur, Ljótu hálfvitarnir, Sniglabandið, Björgvin Halldórsson og hljómsveitin Von ásamt fjölmörgum öðrum.
Annað sem er í boði fyrir fjölskylduna og kostar ekki neitt er leikjanámskeið fyrir börn, línudanskennsla, ratleikur á Hamrakotstúni og Singstar-söngvakeppni. Þá verður tívolí í hjarta miðbæjarins, skemmtisiglingar með Húna II og margt margt fleira.

## ÁLFABORGARSÉNS

**4** Borgarfjörður eystri er íðilfagur og hefur verið vinsæll tónleikastaður. Dansleikir verða á kvöldin en auk þess verður haldið Neshlaup og hagyrðingamót á föstudeginum, Henson-mót í knattspyrnu, útimarkaður og rommtunnukvöld á Álfacafé á laugardag. Á sunnudag verður fjölskyldudagur í Breiðuvík, fjölskylduganga á Svartfell, grill og söngur.

## NEISTAFLUG

**6** Á Neistaflugi í Neskaupstað verður margt í boði fyrir gesti. Dansleikir með ólíkum hljómsveitum á hverju kvöldi, meðal annars hljómsveitunum Out Loud, Dichmilch, Buff og Todmobile.

Afþreying er af ýmsum toga. Til dæmis Neistaflugsgolfmót, Barðsneshlaup fyrir hlauparana, dorgveiðikeppni, kajakleiga og barnaídolkeppni.




## INNIPÚKINN

**7** Á Innipúkanum sem haldinn verður í Reykjavík á tónleikastaðnum Organ við Naustið á laugardags- og sunnudagskvöld um verslunarmannahelgina koma fram hljómsveitirnar Bogomil Font og Flís, FM Belfast, Forgotten Lores, Ghostigital, Hjaltalín, Hudson Wayne, Jeff Who?, Mínus, Motion Boys, Seabear, Steypa og Stórsveit Nix Noltes. Á milli hljómsveita munu plötusnúðarnir DJ Frank og DJ Arnar Eggert þeyta skífum en tónleikarnir standa yfir frá 20.00 til 03.00 bæði kvöldin. Auk þess verður hátíð í portinu á sunnudeginum frá fimm til átta þar sem boðið verður upp á grillaðar pylsur og trúbadorar stíga á svið.

*Sjá nánar á myspace.com/innipukinn2007*

## FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í ÖLFUSI

**8** Kristileg hátíð á vegum Kirkju sjöunda dags aðventista verður haldin um verslunarmannahelgina í Hlíðardalsskóla, Ölfusi. Hátíðin hefst föstudaginn 3. ágúst kl. 20.00 og lýkur mánudaginn 6. ágúst upp úr hádegi. Fjölbreytt dagskrá er í boði, sambland af forvitnilegum fyrirlestrum, tónlist og samveru. Sérstök barnadagskrá verður út helgina þar sem vatn verður í fyrirrúmi. Næg tjaldstæði, möguleiki á gistingu í húsi og boðið verður upp á góðan mat alla helgina gegn vægu verði.

## ÞJÓÐHÁTÍÐ

**9** Þjóðhátíð hefur verið haldin í Eyjum frá árinu 1901. Hátíðin verður sett klukkan 14.30 á föstudag. Kvöldvakan hefst klukkan 21.00 með frumflutningi Þjóðhátíðarlagsins. Flugeldasýningin verður á sínum stað á laugardagskvöldið en á sunnudaginn er komið að hinum víðfræga brekkusöng þar sem Árni Johnsen leiðir gesti í fjöldasöng. Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni eru XXX Rottweiler, Á móti sól, Í svörtum fötum, Wulfgang, Foreign Monkeys, Dans á rósum, Hálft í hvoru og Logar. Verð á hátíðina í ár er 11.900 krónur en 9.900 í forsölu sem lýkur 30. júlí.

*Sjá nánar á www.dalurinn.is*

## UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

**10** Um verslunarmannahelgina verður tíunda Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Höfn í Hornafirði. Mótið er vímuefnalaus fjölskylduhátíð þar sem börn og unglingar á aldrinum 11 – 18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum. Samhliða er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Keppt verður í frjálsum íþróttum, fótbolta, körfubolta, sundi, glímu, hestaíþróttum og skák. Hljómsveitir og skemmtikraftar munu halda uppi fjörinu alla helgina og á sunnudagskvöld verður kvöldvaka sem endar með flugeldasýningu.

## NÚ ER LAG Í ÁRNESI

**11** Félag harmóníkuunnenda í Reykjavík stendur fyrir harmóníkumóti í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um verslunarmannahelgina. Dagskráin hefst á föstudegi og klukkan 23.00 verður hitað upp fyrir langa helgi með spili og söng. Á sunnudag spilar sænski harmonikusnillingurinn Lars Ek á tónleikum í félagsheimilinu í Árnesi.

## KOTMÓT

**12** Kotmót er kristileg samkoma fyrir alla fjölskylduna á vegum Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu. Mótið fer fram á Kirkjubæjarklaustri en meðal viðburða eru bænir, lofgjörðir, biblíufræðsla, varðeldur og söngur.

# Góðir í sumarbústaðinn

## Fjölnota upphækkaðir Golfbílar.



### Tegund E-Z-GO

Aukabúnaður
Útvarp / CD / 4 hátalarar
Hiti í stýri
Gashitari
Læst hanskahólf
Yfirbygging með rennihurðum
Sæti fyrir 4 / hægt að breyta aftur sætum í pall
Dráttarkúla
Geymslu hólf undir sæti og í toppi
Sætis cover
Hliðar speglar
Ljós að aftan og framan
Flauta
Gsm sími með handfrjálsum búnaði
Álfelgur og fl.

**Verð 1.490 þ**




**Klick-N-Go 3ja hjóla kerrur**
Tilboð kr 15.990
áður kr 19.990





**Par aide Golfvallarvörur**



**Hill Billy Rafmagnskerrur**
Tilboð kr 69.900
áður kr 85.980

**Hús á allar teg Golfbila**
Tilboð kr 169.500
áður kr 199.970



**Klick-N-Go Explorer Rafmagnskerrur**
Tilboð kr 179.990
áður kr 199.990

**Tilboðsverð gilda til 11. Ágúst**

LEXA

**Stórhöfða 37** - Tel +354 565 2000 - Mobil +354 897 1100 - e-mail lexa@lexa.is

# Veitingastaðirnir við veginn



**NARFEYRARSTOFA Í STYKKISHÓLMI** Narfeyrarstofu við Aðalgötu 3 í Stykkishólmi (við hlið gömlu kirkjunnar) er boðið upp á ferskan afla úr Breiðafirði. Þar á meðal humar, rauðsprettu og skötusel. Af eftirsóttum réttum má nefna hörpuskel, þorsk, reyktan svartfugl, léttsoðið egg í brauðbollu með salati og fiskisúpu byggða á soði af humarskeljum, trjónukrabba og fiski, sem hefur notið samfelldra vinsælda frá upphafi.



**INGÓLFSSKÁLI Í EFSTALANDI** Ef þú vilt upplifa sannkallaða víkingastemningu þá er Ingólfsskáli í Efstalandi í Ölfusi málið. Skálinn er í víkingastíl og matur að hætti landnemanna. Reykt hangikjöt, silung, síld, harðfisk og rúgbrauð má fá í forrétt, lambasteik eða kjúkling í aðalrétt, og skyr og bláber eru vinsælir eftirréttir. Hægt er að panta bjór og hornasnafs með matnum.



**HÓTEL HÖFÐABREKKA** Vinalegt sveitahótel í um fimm kílómetra fjarlægð frá Vík í Mýrdal. Á hótelinu eru 62 tveggja manna herbergi með sérbaðherbergi og að auki eru heitir pottar fyrir utan hótelið. Veislusalurinn tekur yfir 200 manns í sæti og getur staðurinn boðið upp á hvort sem er veisluhlaðborð eða þriggja rétta kvöldverð. Á svæðinu við hótelið er auðvelt að finna eitthvað við að vera. Þar eru veiðivötn, boðið er upp á fjórhjólaferðir í fjörunni og jeppaferðir upp á afrétt. Í grenndinni er einnig níu holu golfvöllur auk þess sem mikið er um fallegar gönguleiðir í umhverfinu. Mýrdalsjökull er ekki fjarri en þangað er hægt að fara í göngu- og eða sleðaferðir.



**CAFÉ RIIS** Strandamenn eru þekktir fyrir fjölkynngi sína og það virðist koma kokkunum á Café Riis að góðum notum í eldhúsinu. Veitingastaðurinn, sem er á Hólmavík, býður upp á fjölbreyttan matseðil í skemmtilegu húsi sem byggt var árið 1897. Þegar kvölda tekur um helgar færist svo fjör í leikinn enda er Café Riis opið til 03.00 föstudaga og laugardaga.



**RÁIN Í KEFLAVÍK** Ráin er einn af þekktari veitingastöðum Keflavíkur. Eins og Suðurnesjamönnum sæmir er sjávarfang fyrirferðarmikið á matseðlinum og er staðurinn rómaður fyrir hvítlauksristaða humarhala sína. Fyrir þá sem vilja heldur leita til fjalla eftir mat er ekki úr vegi að panta purusteikt lambafille með hunangssteiktu grænmeti og bakaðri kartöflu.



**ÞRASTALUNDUR** Þrastalundur er þægilegur veitingastaður sem býður upp á yfirvegað andrúmsloft í sannkallaðri náttúruparadís við árbakka Sogsins. Áhersla er lögð á góða þjónustu og góðan mat en auk fjölbreytts matseðils er boðið upp á rétti dagsins alla virka daga í hádeginu. Fyrir þá sem ekki vilja missa af fyrsta leik tímabilsins í enska boltanum þá sýnir Þrastalundur alla leiki beint, þar með talið leikinn um góðgerðaskjöldinn sem fram fer sunnudaginn 5. ágúst.



**HALASTJARNAN Í ÖXNADAL** Halastjarna er við þjóðveg 1 í um 20 mínútna akstri frá Akureyri. Leitast er við að bjóða gestum upp á fallegan og góðan mat í skemmtilegu umhverfi. Matseðillinn er breytilegur frá degi til dags og innihald miðast við hvað er mest spennandi og ferskast á fiskimarkaðnum, í matjurtagarðinum, náttúrunni og hjá slátraranum. Veitingahúsið tekur um 25 manns og er opið flesta daga frá kl. 12.00 yfir sumarið. Halastjarnan stendur á jörðinni Hálsi í Öxnadal undir Hraundröngum og mjög skemmtileg og vinsæl gönguleið er frá Halastjörnu upp að Hraunsvatni.



**GISTIHÚSIÐ EGILSSTÖÐUM** Húsakynni Gistihúss Egilsstaða eru einkar glæsileg. Umhverfið er ekki síður fallegt en húsið er á bökkum Lagarfljóts um 300 m frá þéttbýlinu á Egilsstöðum. Rómantík og gamlar hefðir eru hafðar í öndvegi á gistiheimilinu á meðan ferskir vindar blása um veitingastaðinn. Meðal aðalrétta má nefna grænmetistortillur með fersku salati, jarðarberjum, furuhnetum og hvítlaukssósu, og að sjálfsögðu Egilsstaðanaut með strengjabaunum og kirsuberjatómötum.






● **NÁTTÚRUPERLAN ÞAKGIL** er á Höfðabrekkuafrétti milli Mýrdalsjökuls og Mýrdalssands um 14 kílómetra frá þjóðveginum. Gilið er ægifagurt og þar er mikil veðursæld.

Til að komast að Þakgili er beygt út af þjóðveginum við Höfðabrekku um fimm kílómetrum austan við Vík. Ekið er sem leið liggur inn á heiðar, eftir vegi sem var þjóðvegur númer 1 til 1955, þar til komið er að skilti sem bendir inn í Þakgil. Vegurinn inn í Þakgil er fær öllum bílum og er leiðin mjög falleg. Þar ber meðal annars fyrir augu hrikalegar sandsteinamyndanir sem meðal annars voru notaðar sem bakgrunnur í kvikmyndinni Astrópía, sem kemur út innan skamms.

Á svæðinu kringum Þakgil eru margar gönguleiðir við flestra hæfi. Tjaldsvæði, snyrting og sturta eru á staðnum. Í gilinu er náttúrulegur hellir sem þjónar sem eins konar matsalur með borðum og grillum.

Nánari upplýsingar um svæðið má finna á www.thakgil.is eða www.vik.is.

# Fáðu Mac-book í bitum




PIPAR · SÍA

Safnaðu 3 flipum af bitaboxum frá Góu-Lindu og sendu til okkar. Þú gætir unnið Mac-book.

Góa
Stofnað 1968

**Bitaboxin frá Góu-Lindu eru frábær í fríið**



Nafn

Heimilisfang

Netfang

Símanúmer

Dregið 15.ágúst. Góa-Linda ehf. Garðahrauni 2, 210 Garðabær



Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona afrekaði það að rífa tjald foreldra sinna og rispa bíl þeirra eina verslunarmannahelgina.

# Heldur tryggð við Innipúkann

Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona er ekki mikið fyrir það að fara út úr bænum um verslunarmannahelgar. „Ég hef haldið tryggð við Innipúkann og geri það áfram í ár,“ segir Maríanna.

Hún hefur þó tvisvar sinnum lagt land undir fót með æði skrautlegum árangri. „Ég fór á Uxa ´95 þar sem öll eiturlyfjaneysla fór gjörsamlega framhjá mér,“ segir Maríanna og hlær. „Í hitt skiptið fór ég út á land í útilegu með fyrrverandi kærastanum mínum.“

Sú ferð fór ekki eins og til stóð. Veðrið var svo vont að tjaldið sem þau ætluðu sér að gista í rifnaði og fauk að lokum. „Við neyddumst til að hörfa inn í bíl og fengum svo inni í sumarbústað hjá fólki í stórfjölskyldu kærasta míns,“ segir Maríanna.

Þar var hrakförunum langt í frá lokið. Maríanna átti enn eftir að rispa bílinn endilangan, en bíllinn var einmitt líka fenginn að láni hjá foreldrum hennar. „Kærastinn minn ætlaði að kenna mér að keyra, en ég var ekki með bílpróf þá og er ekki enn, og ég keyrði einfaldlega út í skurð.“

Allt fór vel að lokum, Maríanna komst heim og þar sem foreldrum hennar þótti mikilvægast að það voru bara hlutir sem rispuðust og rifnuðu, ekki Maríanna sjálf, var henni fyrirgefið.

# Tjöld í minnihluta

**Tjaldsvæðið í Skaftafelli er skemmtilegt og hentar jafnt fyrir húsbíla, fellihýsi, tjaldvagna og svo hin venjulegu tjöld sem orðin eru í minnihluta á tjaldsvæðum.**

Skaftafell er vinsæll áfangastaður ferðalanga, bæði erlendra og innlendra. Þar er skemmtilegt tjaldsvæði sem býður upp á marga möguleika. Að sögn Hafdísar Roysdóttur, einnar af fjórum þjóðgarðsvörðum, hefur hlutfall húsbíla og fellihýsa aukist mjög undanfarin ár og telur hún að fólk sem notist við venjuleg tjöld séu nú komin í tæpan minnihluta gesta. Tjaldbúðarmenningin breytist óneitanlega þegar svo er, og þurfa nútíma tjaldstæði að bjóða upp á ýmsa nýja þjónustu. „Við erum nýkomin með rafmagn; átta rafmagnsstaura og sex tengla í hverjum staur fyrir alla þá sem þurfa rafmagn. Fólk spyr mikið um hvernig það getur losað úr ferðaklósettum sínum og bjóðum við því upp á seyrulosun. Í Skaftafellsstofu eru svo nettengdar tölvur,“ segir Hafdís en í Skaftafellsþjóðgarði eru fjórir heilsársstarfsmenn og ellefu sumarstarfsmenn. Starf þeirra getur falist í því að losa stíflur í klósettum, leggja stíga, taka á móti túristahópum og búa til bæklinga um svæðið.

Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvort starfsmenn þurfi stundum að elta uppi bíræfna gemlinga sem stelast undan að borga fyrir tjaldplássið sitt. „Jú, jú, það er alls staðar. Ef fólk vill spara sér peninginn þá bara gerir það það. Sem betur fer eru nú flestir sem koma og borga, svo göngum við á svæðið tvisvar á dag og rukkum. En það eru alltaf einhverjir sem sleppa og það þýðir ekkert að ergja sig yfir því. Það er ýmislegt sem viðgengst þó menn séu ekkert kátir með það. Manni finnst það hins vegar sérstaklega broslegt að horfa á eftir margra milljón króna drossíu sem dregur á eftir sér tveggja hæða einbýlishús stinga af og spara sér 750 krónur. Manni finnst það svolítið fyndið, en skilur það aðeins betur ef það eru fátækir námsmenn,“ segir Hafdís.



Tjaldsvæðið í Skaftafelli samanstendur af níu stórum flötum sem henta vel fyrir húsbíla og fellihýsi.

Tjaldsvæðið í Skaftafelli er mjög skemmtilegt. Það samanstendur af níu stórum flötum sem henta vel fyrir húsbýla, fellihýsi og tjaldvagna vegna þess hve undirlagið er hart. Tjaldstæðið er gamall árbotn þar sem Skeiðará rann yfir í flóðum áður en flóðvarnargarðar voru byggðir á sínum tíma í tengslum við brúarframkvæmdir 1974. Svæðið er nú vel skógi vaxið, og þeir sem kjósa að sofa í hógværum tjöldum geta fundið yndislega staði til að tjalda inni í limgerðunum í friði og ró. Sumir tjaldgestir kvarta þó yfir þvi að erfitt sé að koma tjaldhælunum niður sökum steinmettaðs jarðvegar, en þá er mikilvægt að hafa með í för hamar til að berja hælana niður. Tjöldun utan tjaldsvæðis í Skaftafellsþjóðgarði er óheimil nema með sérstöku leyfi. Til dæmis má ekki tjalda í heiðinni, við Svartafoss né við Skaftafellsjökul. Nánasta umhverfi tjaldstæðisins er mjög fallegt og margar gönguleiðir beggja vegna gilsins sem tjaldstæðið stendur við. Í sumar hafa hins vegar verið svo miklir þurrkar að áin sem kemur neðan úr giljunum rennur ekki fram, heldur hverfur ofan í aurinn fyrir framan








10. Unglingalandsmót UMFÍ

# Velkomin

## á frábæra íþrótta- og fjölskylduhátíð

## 3.-6. ágúst 2007 á Hornafirði um verslunarmannahelgina

- Fjölmargar íþóttagreinar
- Keppendur 11–18 ára
- Frábærar kvöldvökur
- Fjölbreytt afþreying
- Flugeldasýning

**Sjáumst hress á 10. Unglingalandsmótinu á Hornafirði.**

2007 10. UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

USÚ

100

N1 Lýðheilsustöð Landsbankinn prentmet Menntamálaráðuneytið Síminn netto

# Raðað ofan í bakpokann

**Ákveðin list felst í því að raða rétt ofan í bakpokann þannig að hann virki sem léttastur fyrir göngumanninn.**

Það er ekki eins auðvelt og það hljómar að pakka ofan í bakpoka. Að ýmsu þarf að huga svo maður erfiði ekki frekar fyrir sér í göngunni, til að mynda að tjaldið, maturinn og annað sem vera á meðferðis, vegi eins lítið og hægt er. „Maður á fyrst og fremst að halda allri þyngd nálægt bakinu,“ segir Steinar Sigurðsson sölumaður í Everest. „Þetta virkar eins og vogarafl, ef eitthvað þungt er langt frá bakinu verður pokinn þyngri. Síðan eru tvær kenningar um það hvort þyngdin eigi að vera ofarlega eða neðarlega. Ef hún er hátt uppi leggst þyngdin meira á mjaðmirnar, en á móti kemur að maður hefur lélegra jafnvægi heldur en ef þyngdin er neðarlega. Því er gott að hafa þyngdina ofarlega ef gengið er á sléttlendi en neðarlega ef verið er að ganga í bröttu landslagi eða til að mynda á gönguskíðum.“

Steinar segist ekki geyma neitt utan á pokanum eins og sumir eiga til að gera. „Það sem er utan á pokanum tekur á sig vind ásamt því að sveiflast til sem er óþægilegt á göngu. Það er því um að gera að nýta allt loftrými í pokanum, til dæmis að vera ekki með tóman pott heldur setja varahúfuna sína ofan í hann.“ Þegar allt er komið ofan í pokann og honum hefur verið lokað er svo um að gera að strekkja eins og hægt er, bæði að minnka hann og færa hann nær sér. „Þannig færir maður þyngdina að bakinu og hlutirnir veltast ekki um í pokanum,“ segir Steinar að lokum.

Allir hlutirnir á myndunum fást í versluninni Everest.

mariathora@frettabladid.is



**Áttaviti, kort, vasaljós og annað sem oft er gripið til er geymt í topphólfinu.**






**Vatnsflöskur eru plássfrekar en vatnspokar taka sáralítið pláss tómir. Best er að hafa pokann uppvið bakið, þannig færist þyngdin að bakinu og vatnið frýs ekki ef frost er úti.**



**Flestum bakpokum er skipt upp í fleiri en eitt hólf. Gott er að geyma það sem ætlað er fyrir svefninn, svo sem svefnpoka og dýnu, í neðri hluta pokans.**



**Tilvalið er að setja svefnpokann í strekkipoka svo hann taki sem minnst pláss. Einnig er hægt að setja föt í pokann.**




**Sniðugt er að setja varaföt í vatnsheldan poka ef allt annað skyldi blotna. Þau geta verið geymd neðst í bakpokanum enda koma þau vonandi ekki að gagni.**



**Sjúkrakassi og aðrir hlutir sem ekki er gert ráð fyrir að nota eru geymdir á óaðgengilegasta staðnum, botninum.**



**Viðgerðateip eru gagnleg og geta bjargað allt frá hælsærum upp í biluð bakpokahólf. Ekki þarf að taka alla rúlluna heldur er nóg að líma snifsi hér og þar, til dæmis rúlla utan um göngustafina. Stafina er síðan hægt að binda utan á bakpokann.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Sumarhús og ferðalög




Bíldshöfða 12 - 110 Reykjavík - Sími 577 1515 - www.skorri.is



Bragi Valdimar kýs að fara ekki á íslenskar útihátíðir. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ráfað á milli tjalda

Bragi Valdimar er eldri en tvævetra og eldri en þrævetra. Minni hans af útihátíðum rekur allt aftur til ársins 1989 þegar hann fór í fyrsta sinn á bindindishátíðina í Galtalækjarskógi. „Nei andskotinn, ég er einn mesti verslunarmannahelgar „partí-púper“ sögunnar. Galtalækur 1989 var ógeðslega leiðinlegur. Ein aðal hljómsveitin var Sororicide, og svo voru Busarnir stórt númer á hátíðinni líka, en þeir voru forverar hljómsveitarinnar Vinir vors og blóma! Busarnir spiluðu Should I stay or should I go? aftur og aftur og aftur. Í Galtalæk fór maður fyrst að sjá þessa tilhneigingu til ráfs sem er viðloðandi allar íslenskar útihátíðir.“

Fyrsta tilraun sem Bragi gerði til ofurölvunar var í Eldborg árið 1992. „Það gekk hörmulega illa. Ég efast um að það hafi verið eitthvað meira en appelsínusafi í þessu,“ segir hann, sýgur upp í nefið og fussar. Árið 1993 fór hann á þjóðhátíð. Pláhnetan var þá stórhljómsveit og KK. „En þjóðhátíðin er ráfhátíð allra ráfhátíða. Maður ráfar um eyjuna í örvæntingafullri leit að skemmtun. Það skásta sem gerðist var þegar félagi minn náði, í hita leiksins, að nappa eyðimerkurderhúfu af Stefáni Hilmarssyni sem á stóð Hot Shots, sem var kvikmynd með Charlie Sheen í aðalhlutverki.“

Næstu tíu ár eru ein stór gloppa í minni Braga, næst man hann eftir sér á Halló Akureyri 2003. Þeirri lífsreynslu lýsir hann þannig að maður ráfar milli ljósastaura,trjáa og húsa í stað tjalda. „Það verður að viðurkennast, að ég er ekki gefinn fyrir útihátíðir. Mér líður yfirleitt best á íslenskri útihátíð, þegar ég er ekki þar, heldur í öðru landi með sól á festingunni, bjór í munni og veðurspá Íslands á borðinu.“ *- nrg*







# Gas eða kol?

**Gasgrillin ráða ríkjum á pöllum og svölum Íslendinga. Þó eru einhverjir sem taka kolin fram yfir gasið og finnst ekki alvöru grillmatur nema eldað sé yfir glóandi kolum. En hver er munurinn á þessum tveimur matreiðsluleiðum?**



### KOLAGRILL

Kolagrill hitna meira og gefa betra bragð af matnum. Það fer minna fyrir þeim og auðvelt að taka þau með sér í ferðalög. Á hinn bóginn tekur þau langan tíma að hitna og þeim fylgja meiri óhreinindi því alltaf þarf að losa sig við notuð kol. Erfitt er að stýra hitanum og það þarf að fylgjast vel með þeim. Kolagrillið tapar smám saman hita eftir því sem kolin brenna og nauðynlegt að bæta við nýjum ef halda á hitanum lengi gangandi. Kolagrill tekur langan tíma að kólna alveg svo ekki er hægt að ganga frá brenndum kolum strax eftir notkun. En hins vegar er mikil stemning við að grilla með kolum og það gefur manni tilfinningu fyrir að verið sé að elda yfir opnum eldi.

### GASGRILL

Gasgrill eru mun þægilegri í notkun. Auðvelt er að kveikja upp í þeim, þau hitna samstundis og gott er að stjórna hitanum. Lítið mál er að þrífa þau auk þess sem þau eru ætíð tilbúin til notkunar svo lengi sem gasið dugar. Hins vegar gefa þau matnum ekki þetta sérstaka bragð sem kolin kalla fram. Gæta þarf öryggis við gasgrill og muna að skrúfa fyrir gasið að eldun lokinni.








**Litla tjaldið fauk og Orri Huginn varð að hafast við í íþróttahúsinu á fyrstu þjóðhátíð sinni fyrir tólf árum.**
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Svaðilfarir í Eyjum

Orra Hugin leikara finnst allar verslunarmannahelgar eftirminnilegar á sinn hátt. Orri og félagar hans hafa það fyrir sið að elda sjö kíló af humri þessar helgar og veðja svo hversu mikið magn skemmist.

„En það allra eftirminnilegasta var þegar ég var fimmtán ára og fór ásamt þremur vinum mínum á þjóðhátíð í Eyjum. Við sváfum allir í minnsta tjaldi sem ég hef nokkurn tímann séð. Veðrið var mjög skemmtilegt; fyrstu nóttina var það frábært en þá næstu gerði svo mikinn storm að kúlutjöld fuku um Herjólfsdal eins og runnar í spagettívestrum, þar á meðal var litli tjaldræfillinn okkar. Þá voru allir settir inn í íþróttahús.“

Orri upplifði mikla kommúnustemningu bæði í dalnum og í íþróttahúsinu, fólk sem mætti með ekkert bjargaði sér einhvern veginn og allir deildu veraldlegum eigum sínum. Fólk af öllum kynjum gerði sér dælt við Orra en það gekk ekkert, því hann var svo heillaður af umhverfinu, flugeldunum og Árna Johnsen.

En var Orri drukkinn, fimmtán ára peyinn? „Ég var ekki eins fullur og alskeggjaði maðurinn sem dó ofan í grillið okkar. Hann hafði eytt um korteri í að fá mig til að smakka landann sinn með tilheyrandi oti og poti, landa sem hann fullyrti að væri afskaplega góður. En þá hné hann skyndilega eins og slytti til jarðar með andlitið beint í einnota grillið, og skoppaði svo fimm sentímetra til hliðar. Hálft skeggið fuðraði af honum, og líklega hefur hann orðið hissa þegar hann rankaði úr rotinu og leit í spegil.“ *- nrg*


HVER BER ÁBYRGÐ?
UNGLINGUM
FYLGIR ÁBYRGÐ
SKEMMTUM
OKKUR VEL
Í SUMAR!
ÁN ÁFENGIS
LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil




Ef grillið klikkar er alltaf gott að hafa með sér þurrmat. Margar gerðir fáanlegar í Útilífi.



Það þýðir ekkert annað en að vera stoltur af þjóðerni sínu um helgina og þessi skemmtilega húfa frá Handprjónasambandi Íslands er ágætis byrjun.



Ef lífið er einskis virði án ristaðs brauðs, má alltaf taka með sér þessa skemmtilegu græju sem fæst í Útilífi. Henni er einfaldlega komið fyrir ofan á grillinu og brauðið látið hitna.

# Verslunarmanna-helgi fyrir byrjendur

**Nú er verslunarmannahelgin framundan og eins gott að maður sé vel undirbúinn svo hún lukkist sem allra best. Hér að neðan eru nokkrir hlutir sem eru alveg bráðnauðsynlegir í útileguna, ekki síst fyrir þá sem eru algjörir byrjendur á þessu sviði, enda verða ævintýrin víst einhvers staðar að byrja.**

- rve



Fólk á örugglega eftir að gera grín að regnhlífinni með þeim orðum að hún verði það fyrsta sem fýkur í burtu ef það rignir. Þetta sama fólk á eftir að grátbiðja um afnot af henni þegar fyrsti dropinn fellur.



Í útilegu þýðir ekkert að láta eins og prinsessan á bauninni. Tjaldmottan, eins og þessi úr Útilífi, verður bara að duga.




Brúsi með efni til að kveikja í til að fá fínan varðeld. Fæst í Útilífi.




Áhald til að losa tjaldhæla. Hentar þeim sem eru með litla upphandleggsvöðva. Fæst í Útilífi.




Saumadót frá Útilífi. Það er aldrei að vita nema maður rífi gat á fötin eða svefnpokann í öllu stuðinu.



Af hverju að taka með sér lunda? gæti einhver hugsað. En er hægt að hugsa sér eitthvað krúttlegra til að hafa með í svefnpokann hafi maður engan til að hjúfra sér upp að.

Þessi trefill frá Handprjónasambandinu er ekki síður flottur en húfan en spurning um að láta sér nægja að klæðast bara öðru hvoru.






# 50% minni mettuð fita með sólblómaolíu




Ertu með allt fyrir helgina?
Þú færð allt fyrir verslunarmannahelgina í 66°Norður.
Glymur svefnpoki á 4900 kr., óbrjótanleg drykkjarflaska á 950 kr.
og bestu regnföt í heimi frá 1500 kr.*
* PVC regnfatnaðurinn fæst í verslunum okkar í Miðhrauni, Kringlunni, Faxafeni og á Akureyri.
Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12,
Miðhraun 11 Garðabæ. Akureyri: Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.is
Klæddu þig vel
66° NORÐUR
66° NORTH
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## ÉG LIFI MJÖG SKEMMTILEGU LÍFI OG HEF ÞAÐ ALVEG HRIKALEGA GOTT, GET FERÐAST MIKIÐ OG HEF NÓGAN TÍMA FYRIR BÖRNIN MÍN OG MANNINN.

ekkert tilefni til þess og sú athygli sem hann fær er af hinu góða," segir Ragna Lóa sem mætir að sjálfsögðu á alla leiki hans. Eftir langan og farsælan knattspyrnuferil er líklega farið að síga á seinni hlutann en Ragna Lóa segir erfitt að segja til um hvenær fjölskyldan flytji aftur til Íslands. „Ég á tvö börn hér á landi og svo er öll fjölskyldan og frábæru vinirnir hérna. Ég hlakka mikið til að flytja heim en kvíði líka fyrir. Kvíðinn liggur aðallega í hraða þjóðfélagsins en við munum þurfa að stilla okkur upp á nýtt eftir rólegheitin úti. Ætli við tökum ekki eitt ár þegar ferli Hermanns lýkur og gerum hluti sem hann hefur hingað til þurft að neita sér um vegna fótboltans. Ferðumst og förum á skíði. Þótt það sé æðislegt að eiga frábæran fótboltaferil eru bara skemmtilegir hlutir sem bíða okkar. Við munum alltaf hafa gaman af lífinu. Við erum bara þannig týpur," segir hún og bætir við að þau Hermann séu góðir vinir og elski að skemmta sér saman. Hún sjálf hafi alltaf verið opin og hress og að það hafi ekki breyst þegar hún kynntist Hermanni. „Við höfum gaman af lífinu og erum ávallt til í eitthvað skemmtilegt. Okkur finnst svo gaman að vera til," segir hún og bætir við að þau verði örugglega enn þá dansandi uppi á borðum þegar þau verði orðin gömul hjón. Aðspurð um leyndarmálið að góðu og skemmtilegu hjónabandi segir hún mikilvægast að traustið sé til staðar. „Fyrst og fremst verður að vera traust á milli og svo verður maður að geta verið maður sjálfur hvort sem er með vinum eða með makanum," segir hún og bætir við að hún hlakki til ellinnar við hlið Hemma. „Ég hlakka til restarinnar af ævinni með honum, það verður aldrei dauður tími í kringum okkur."



**FALLEGAR MÆÐGUR** Ragna Lóa ásamt Elsu Hrund, Thelmu Lóu og Ídu Marín.




SIRKUS LEITAÐI TIL NÍTJÁN MÁLSMETANDI ÁLITSGJAFA Í LEIT AÐ BESTU ÚTVARPSRÖDDINNI. BESTU RADDIRNAR ER GREINILEGA AÐ FINNA HJÁ RÍKISRÁSUNUM OG BYLGJUNNI.

# Ívar Guðmunds er með bestu útvarpsröddina



## Ívar Guðmundsson

„Fitness-kóngurinn er góður í útvarpi. Nær alltaf athygli manns svo maður nennir að hlusta á hann."

„Alltaf svo skemmtilegur og hress. Spilar góða tónlist og er auðvitað í góðu formi. Ívar hefur góða og ljúfa rödd sem mér þykir alltaf gaman að hlusta á."

„Það sem er frábært við Ívar er þessi endalausa orka. Jákvæðni er hans einkenni. Músíkin hans er hress og skemmtileg og kemur manni alltaf í gott skap. Það er ekki bara andlit á bak við þessa rödd, líka hreystimenni sem er góð fyrirmynd allra."

„Skemmtileg og djúp rödd sem hæfir stæltum skrokknum. Hann er búinn að „vera í þessum bransa" í sautján ár... allavega mjög lengi! - það skilar sér í sjálfsöryggi. Kannski er hann samt búinn að vera of lengi, það er ekkert sem kemur honum á óvart lengur - væri alveg til í meira spontant tilsvör hjá honum."



## Óli Palli

„Það er svo gott að hlusta á hann og sérstaklega út af því að hann hefur svo margt að segja og veit svo mikið um það sem hann talar um. Hann er bara með þetta. Mikill sjarmi í röddinni."

„Rödd Óla Palla hefur alla réttu eiginleikana fyrir tónlistarkynningar. Maður leggur sannarlega við hlustir, enda yfirburðamaður hvað varðar þekkingu á efninu sem hann býður upp á."

„Það klikkar aldrei að hlusta á Óla Palla í Rokklandi. Að mínu mati ein besta röddin og frábær útvarpsmaður. Spilar alltaf góða og fjölbreytta tónlist. Röddin hans er alltaf hress og kát sem fær mig til að hlusta á Rás 2."



## Guðrún Gunnarsdóttir

„Með svo fallega rödd, fallegan hlátur og góðan talanda."

„Smitandi, glaðleg og laus við alla tilgerð."

„Uppáhaldsútvarpsmaðurinn minn er klárlega Guðrún Gunnarsdóttir. Hún er bara yndisleg, smitar frá sér lífsgleði, orku og skemmtilegheitum."

## Gerður G. Bjarklind

„Viðmið allra kvenkyns útvarpsradda. Maður heyrir og skilur allt sem hún segir, maður heyrir að henni er ekki sama um nokkurn hlut og yfir Gerði sofna ég öruggur þegar mamma er ekki heima."

„Rödd hennar býr yfir einhverjum klassískum þokka. Gæði og stöðugleiki í framsögn virkuðu sem gæðastimpill fyrir útvarpsstöðina þar sem hún starfaði."

„Þetta er fjallkonuröddin. Ef einhver myndi spyrja mig hvernig rödd Ísland hefði þá myndi ég segja nákvæmlega eins og Gerður."



## Freyr Eyjólfsson

„Röddin er afslöppuð og kímin. Greinilega mikill húmoristi, það skín í gegn. Svo er hann sætur líka."

„Rödd hans er virkilega róandi og hann hefur einstakt lag á því að ná því besta út úr viðmælendum sínum áreynslu- og fyrirhafnarlaust."

„Hefur það sem þarf. Hann er með skemmtilega og grípandi rödd, maður heyrir alltaf hversu gaman hann hefur af starfinu og það skilar sér beint til hlustenda. Hann hefur fullkomið sjálfstraust og tekur sig ekki of alvarlega - það er alltaf heillandi og spennandi faktor í fari karlmanna, ég tala ekki um útvarpsmanna."



## Broddi Broddason

„Einn af fáum fréttaþulum sem flytja fréttir, segja frá, í stað þess að lesa bara upp af blaði. Röddin er mjög traustvekjandi, sú eina sem ég vil heyra þegar ég kveiki á útvarpinu um miðja nótt eftir harðan jarðskjálfta eða eldgos."

„Með fullkomna útvarpsrödd og mér skilst að hann hafi meira að segja hlotið fjölda viðurkenninga frá fólki með heyrnarvandamál. Það heyrist líka á honum að honum líður vel fyrir framan mækinn, er slakur og svalur. Ég trúi öllu sem Broddi segir."

„Það skilar sér hvert einasta orð sem upp úr manninum kemur! Sannfærandi, rólegur og hrikalega flottur útvarpsmaður."

## ÞAU VORU LÍKA NEFND:

### Guðni Már Henningsson

„Vart getur það verið kynþokkinn hjá Guðna Má enda maðurinn með grófari mönnum í útliti. Rödd hans er bara svo þægileg og hann virðist mjög fylginn sér í útsendingum, samanber Næturvaktina á föstudagskvöldum. Ekki skemmir það fyrir að hann virðist að mörgu leyti hafa svipaðan tónlistarsmekk og ég."

### Ágúst Bogason

„Djúp og falleg rödd, falleg hrynjandi og afar sexí rödd."

### Þorgeir Ástvaldsson

„Gamli jaxlinn er sá albesti sem við höfum. Með fædda rödd í radíóið."

### Sigvaldi Kaldalóns

„Öflugur. Örugglega eini maðurinn á FM sem er með almennilega útvarpsrödd."

### Gissur Sigurðsson

„Gamli sjarmurinn. Ómótstæðileg rödd! Daðrandi, djúp og skemmtilega gróf."

### Ragnhildur Magnúsdóttir

„Venst voða vel en ég veit ekki með kynþokkann í röddinni."

### Svanhildur Jakobsdóttir

„Alltaf jafn seyðandi og ung í röddinni. Gaman að heyra hennar kvenlegu, fallegu raddhrynjandi. Þú heyrir að þetta er flott kona."

### Bergljót Baldursdóttir

„Hinn kvenlegi mótleikari Friðriks Páls, hún er bjarta hliðin. Hún er yfirveguð og þægileg; ákveðin en um leið mild."

### Bjarni Ólafur Guðmundsson

„Hefur ótrúlega þægilega rödd, þó hún sé dálítið hrjúf, hefur bara svo góð áhrif."

### Hallgrímur Thorsteinsson

„Sakna þess að heyra ekki meira í honum í útvarpi, röddin hans er algjör snilld, djúp en samt svo þýð."

### Arnþrúður Karlsdóttir

„Rödd hennar er djúp en algjörlega óvæmin og það er notalegt að hlusta á hana."

### Bragi Guðmundsson

„Röddin vefur mann í bómull, hlý og mjúk, sexí og seiðandi!"

### Gestur Einar Jónasson

„Sannkallaður gleðigjafi, gáskinn og bjartur hljómurinn í röddinni lýsir upp hversdaginn."

### Búi Bentsen

„Það hversu fyndinn hann er gerir rödd hans svaðalega kynþokkafulla sem þar af leiðandi fær mann til þess að vilja hlusta endalaust."

### Heimir Karlsson

„Þægilegur útvarpsmaður. Eins og einn af fjölskyldunni, ótrúlega eðlilegur og alltaf hann sjálfur."

### Friðrik Páll Jónsson

„Með hina fullkomnu „fréttamannsrödd". Full af sannfæringu og trúverðugleika. Rödd sem auðvelt er að treysta, manni dettur ekki í hug að draga í efa neitt af því sem slík rödd segir manni."

### Ragnheiður Ásta Pétursdóttir

„Besta útvarpsrödd í heimi! Manni finnst einhvern veginn eins og maður sé kominn í eldhúsið hjá ömmu með glas af mjólk og jólaköku þegar maður heyrir í henni. Algjör sæla að heyra þessa frábæru rödd."

Álitsgjafar:
Heiða Ólafsdóttir söngkona
Anna Kristjánsdóttir bloggari
Soffía Sveinsdóttir veðurfréttakona
Andrés Þór Björnsson innanhússarkitekt
Brynja Þorgeirsdóttir fréttamaður
Eva Dögg Sigurgeirsdóttir markaðsstjóri
Heiðar „snyrtir" Jónsson
Kolbrún Halldórsdóttir alþingiskona
Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktardrottning
Elín Gestsdóttir framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland
Andrés Guðmundsson kraftakarl
Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikari
Björg Þórhallsdóttir söngkona
Hildur Magnúsdóttir söngkona



## Bjarni Ara

„Með milda rödd og það blundar nettur látúnsbarki í honum, gott að hlusta á hann.“

„Bjarni Ara er með ljúfa og fallega rödd sem mér finnst alltaf gott að hlusta á. Það er bara gaman að heyra í Bjarna og hann er auðvitað góður söngvari.“



## Valdís Gunnarsdóttir

„Eins og gamlir og góðir inniskór sem maður tímir ekki að henda.“



## Linda Blöndal

„Gefur af sér sérstaklega skemmtilegan persónuleika. Gerir útvarpið að lifandi miðli með skemmtilegum athugasemdum um lífið. Það er erfitt að sýna skemmtilegan persónuleika sem fréttaþulur sem hún er í dag, en samt tekst henni að gera fréttirnar áheyrilegri en ella væri.“

„Mjög hljómfalleg rödd, bæði tær og skýr, og hæfilega djúp. Eins og fallegur og vel stilltur gítar. Rödd sem hægt er að hlusta á endalaust.“



## Sigurlaug Jónasdóttir

„Flottur arftaki pabba síns og hefur fengið sinn skerf af útvarpssjarma. Glæsileg kona.“



## Kristófer Helgason

„Með svona ekta útvarpsrödd, það er ótrúlega sannfærandi allt sem hann segir.“

„Hefur virkilega þægilega rödd. Afslappaður og laus við tilgerð.“

## Jónas Jónasson

„Hann er okkar besti maður í útvarpi. Beitir sér þannig að áheyrandinn verður með og á staðnum.“

„Röddin hans er herra útvarp, róandi, áhugaverð og trúverðug.“









HEIÐA EIRÍKSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR ER TILBÚIN MEÐ VETRARLÍNU SÍNA. HEIÐA ER ÞRIGGJA BARNA MÓÐIR OG SEGIR AÐ ÞÓTT OFT SÉ ERFITT AÐ BLANDA MÓÐURHLUTVERKINU VIÐ STARFSFERILINN SÉ ALLT HÆGT EF VILJINN ER FYRIR HENDI.

# Það er ekkert sem stoppar mig

**„Þessi bisness er voðalegt hark. Maður þarf alltaf að vera á tánum," segir Heiða Eiríksdóttir fatahönnuður sem er að gefa frá sér sína aðra línu undir merkjum Orginal Clothing. Sumarlína Heiðu hefur verið til sölu í Verksmiðjunni á Skólavörðustígnum og í verslunum í Finnlandi, Þýskalandi og Danmörku en vetrarlínan fer einnig í Bláa lónið og Kraum í Aðalstrætinu auk þess sem Heiða hefur ráðist inn í Bretland og Belgíu. Heiða lærði fatahönnun í Danmörku þar sem hún útskrifaðist árið 2005. Hún hefur því náð langt á þeim tveimur árum sem hún hefur starfað sem fatahönnuður. Hún segir erfitt að lifa af hönnuninni en að þetta sé allt í rétta átt. „Ég er enn þá að koma mér á framfæri og er búin að vera mjög dugleg enda fór ég alveg á fullt strax eftir útskriftina. Þetta er búinn að vera töff tími en er allt að komast í réttan farveg. Nú veit ég hvar ég finn hlutina og þarf til dæmis ekki að eyða mörgum dögum í leit að tölum heldur veit hvar ég fæ þær," segir Heiða sem er þriggja barna móðir svo það er í nógu að snúast. Hún segir oft snúið að blanda saman móðurhlutverkinu við starfsferilinn en að sé viljinn fyrir hendi sé allt hægt. „Þetta er oft mikið mál og sérstaklega þar sem maðurinn minn er einnig með sjálfstæðan rekstur. Þetta snýst mikið um skipulagningu og mikla vinnu og svo get ég unnið mikið heima. Ég er á leið á mína aðra sýningu úti og hef farið í nokkrar söluferðir og hef þá tekið minnsta barnið með mér. Það er ekkert sem stoppar mig." Aðspurð um ráð handa konum sem vilji starta sínum eigin bisness segir hún um að gera að láta slag standa. „Við verðum bara að vera trúar okkar sannfæringu, ef við ætlum okkur eitthvað tekst það. Það tekur allt tíma svo við megum ekki gefast upp. Að mínu mati er líka mikilvægt að eyða peningum í markaðssetningu því hún skilar sér. Ég valdi allavega þá leið því mér finnst hún trúverðugri."**

**Heiða segist ekki horfa upp til neinna ákveðinna fatahönnuða. Áhrifavaldarnir séu margir og komi héðan og þaðan. Vetrarlínuna segir hún bæði fína og grófa með pínu dúkkulísufönki en samt töffaralega. „Þessi lína er fyrir konur á besta aldri," segir hún brosandi og bætir við að erfitt sé að flokka konur eftir aldri. „Þetta er svo breytt, margar eldri konur eru svo unglegar og margar þeirra yngri ellilegar, aldur er afstæður."** *indiana@frettabladid.is*



**HEIÐA EIRÍKSDÓTTIR** „Við verðum bara að vera trúar okkar sannfæringu, ef við ætlum okkur eitthvað tekst það. Það tekur allt tíma svo við megum ekki gefast upp." MYND / ANTON

# Leitar að næstu Ursulu Andress



**URSULA ANDRESS** Frægasta bikinisena kvikmyndanna, úr James Bond myndinni Dr. No. Ursula sló í gegn í þessu atriði en hún er einmitt sænsk.

Ásdís Rán Gunnarsdóttir, eigandi Ice Model Management, hefur tekið við umboðinu fyrir Hawaiian Tropic keppnina í Svíþjóð. Eins og kunnugt er fer Ásdís Rán einnig með umboðið fyrir Hawaiian Tropic hér á landi.

„Ég ætla að leggja Svíþjóð undir mig," sagði Ásdís Rán hlæjandi þegar Sirkus sló á þráðinn til hennar. „Þetta er skemmtilegt tækifæri fyrir mig og gaman að glíma við meðan ég er hérna úti í Svíþjóð. Þessi keppni er rosalega fræg úti í heimi en hefur kannski ekki enn náð að verða jafn fræg á Íslandi."

Ásdís Rán hefur verið með annan fótinn í Svíþjóð undanfarna mánuði þar sem eiginmaður hennar, Garðar B. Gunnlaugsson, leikur knattspyrnu með sænska liðinu Nörrköping. Eigendur Hawaiian Tropic fréttu af því og báðu Ásdísi því að taka við umboðinu í Svíþjóð. „Mörg af frægustu bikinímódelum heims koma úr þessari keppni," segir Ásdís Rán sem mun væntanlega eiga úr vöndu að ráða þegar að sjálfri keppninni kemur enda koma mörg frægustu bikinímódel heims frá Svíþjóð, þar á meðal Ursula Anderss, sem lék Honey Ryder í James Bond myndinni Dr. No, og Victoria Silverstedt. „Svíar hafa alltaf átt mjög sterka keppendur í Hawaiian Tropic og Victoria Silverstedt er algjört íkon hér úti," segir Ásdís Rán en keppnin í Svíþjóð fer fram í byrjun næsta árs. Þá er Ásdís Rán einnig byrjuð að undirbúa keppnina hér heima sem fer einnig fram í byrjun næsta árs. „Ég er byrjuð að leita að stelpum í keppnina á Íslandi og þær sem halda að þær hafi það sem þarf geta farið inn á model.is og sent mér tölvupóst," segir Ásdís Rán Gunnarsdóttir.






**FULLUR AF BULLI** Ingimar Sigurðsson í Nýju Bílahöllinni stendur hér við Range Roverinn sem er fullur af bulli.

# Auglýsa margra milljóna króna bíla með

„Við erum nú bara að reyna að búa til eitthvað nýtt til að vera ekki alltaf með þennan sama þurra texta," segir Ingimar Sigurðsson, eigandi Nýju bílahallarinnar, sem hefur farið heldur óvenjulega leið til að auglýsa bílana sem hann hefur til sölu. Í Allt, fylgiblaði Fréttablaðsins, í gær mátti sjá auglýsingu frá Nýju bílahöllinni. Þar var meðal annars auglýstur splunkunýr Range Rover Supercharger á tæpar sautján milljónir króna og Porsche Cayenne Turbo á tæpar 15 milljónir. Bílarnir eru báðir hlaðnir aukabúnaði en í auglýsingu Nýju bílahallarinnar eru þeir sagði vera „með öllu bullinu".

Að sögn Ingimars er „bullið" slanguryrði sem þeir félagarnir á bílasölunni nota yfir aukabúnað. „Við ákváðum nú bara að skella því í auglýsinguna," segir Ingimar hlæjandi sem auk þess reynir að höfða til þeirra sem seldu hlutabréf sín í Actavis í fyrradag með því að óska þeim til hamingju með söluna. Ingimar segist þó ekki hafa orðið var við að fyrrum hluthafar Actavis hafi komið til hans. „Þeir seldu bréfin nú bara á miðvikudaginn. En það er viðbúið að eitthvað af þessum peningum fari aftur í neyslu og þar á meðal í bíla. Einhvern tímann verður fólk að gera sér glaðan dag," segir Ingimar sem er með fleiri hugmyndir að auglýsingum í pokahorninu. „Við vorum að spá í að kaupa TF-SIF og setja hana á þakið með skilti sem á stæði: „Við björgum bílamálunum fyrir þig"."

STJÖRNURNAR Í HOLLYWOOD VIRÐAST ALLTAF ENDA Í SAMA FARINU ÞEGAR MAKINN ER VALINN:

# Leita alltaf að eftirmyndinni

### FÍLAR LJÓSHÆRÐAR KONUR

Reese Witherspoon sótti um skilnað frá Ryan Phillippe í nóvember á síðasta ári. Sögusagnir segja að Ryan hafi átt í stuttu ástarsambandi við áströlsku leikkonuna Abbie Cornish um það sama leyti. Við vitum þá hvar smekkur Ryans liggur.











### DÖKKHÆRÐAR OG DULLARFULLAR

American Pie-leikarinn Chris Klein og Katie Holmes voru par í mörg ár. Þau hættu saman og við vitum öll hvernig fór með Katie, en Chris varð ástfanginn af Big Love-leikkonunni Ginnifer Goodwin. Þær eru nú svolítið líkar þessar tvær.





### LÁGVAXNAR OG GRANNAR

Söngvarinn Joel Madden var lengi vel í sambandi við söngkonuna/leikkonuna Hilary Duff. En hann hætti við Hilary ekki fyrir löngu síðan og byrjaði strax að púss sér upp við hina tággrönnu Nicole Richie. Þær eru kannski ekkert líkar þessar tvær, en mjög svipaðar týpur.









### FÍLAR HÖNKA

Það er þá alveg á hreinu núna að Vince Vaughn var alls ekki rétta týpan fyrir Jennifer Aniston. Nýi maðurinn í lífi hennar heitir Paul Sculfor og er fyrrum smiður og núverandi fyrirsæta. Hann og Brad Pitt eru ekkert alveg eins útlítandi, en það er alveg á hreinu hver týpa Jennifer er: Óaðfinnanlegir karlmenn.





**DIANE VON FURSTENBERG Hún er á sjötugsaldri en heldur ótrauð áfram sem frumkvöðull í tískuheiminum.**

## 25 þúsund kjólar á viku

Það eru komin rúmlega þrjátíu ár síðan Diane Von Furstenberg kynnti „wrap"-kjólinn fyrir heiminum og á dögunum hélt hún tölu í London College of Fashion þar sem greinilegt var á mætingunni að þarna er stjarna á ferð. Þegar hin 61 árs gamla Diane var spurð að því hvers vegna hún hefði farið í tískubransann svaraði hún: „Markmið mitt var að vera viss týpa af konu og tískan var lykillinn," sagði Diane sem er fædd í Belgíu. Hún hóf feril sinn árið 1970 þegar hún setti á fót eigið fyrirtæki og nú, 37 árum seinna, er hún enn að. Hugmyndin að wrap-kjólnum, sem maður vefur um sig miðjan, sagði hún hafa komið frá dansarabúning en árið 1976 var kjóllinn orðinn svo vinsæll að hún gerði 25 þúsund kjóla á viku.



**DVF Hönnun Diane þykir klassísk og tímalaus.**





Vinnur þú

lúxusferð



á rauða dregilinn í London 15. ágúst?

Heppinn félagi í Bíóklúbbi MasterCard vinnur fimm daga lúxusferð fyrir 2 til London og fær að fylgja stjörnunum eftir rauða dreglinum og sjá stórmyndina The Bourne Ultimatum með stjörnunum 15. ágúst.

Einnig vinna 150 félagar í klúbbnum tvo miða á sérstaka MasterCard forsýningu á myndinni á Íslandi 16. ágúst, 6 dögum fyrir frumsýningu.

Skráðu þig í Bíóklúbb MasterCard á www.mastercard.is/bio og notaðu MasterCard kortið!

Drögum úr öllum færslum félaga í Bíóklúbbnum föstudaginn 3. ágúst 2007.

www.mastercard.is/bio

MasterCard

# helgin

## Hvað er best á grillið?



„Mér finnst nautasteik best sem er rétt sýnd grillið. Það verður að heyrast enn í henni, hún verður að vera svo blóðug. Meðlæti myndi ég velja bakaða kartöflu og ferskt grænmeti."

Valur Heiðar Sævarsson tónlistarmaður



„Sólin skín, mohito meðan kjúklingurinn grillast ásamt sólþurrkuðum tómötum, ólífum og pistilhjörtum, dásemdarsalat og eðal hvítvín."

Kirstín Erna Blöndal söngkona



„Mér finnast hamborgarar bestir á grillið, þeir eru klassískir og einfaldir. Þarfnast lítillar fyrirhafnar."

Erlingur Óttar Thoroddsen útvarpsmaður



„Kartöflur. Líka sætar. Tómatar, gulrætur, allslags fiskur og þar sem ég er nú ekki svo göfug að vera hætt í kjötinu finnst mér ekki slæmt að fá ferskt, léttgrillað nauta- eða lambakjöt; krydda það sjálf eftir grillunina ef þarf. Þá er alltaf klassískur eftirréttur langskornir bananar í hýðinu með súkkulaði í sárinu."

Andrea Jónsdóttir útvarpskona



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Viðburðaríkt ár fyrir miss Ellý

Ellý hefur þá orku að vilja frekar vera bílstjóri en farþegi í sínum bíl," segir Sigríður Klingenberg spákona um bloggarann og þuluna Ellý Ármanns. „Ellý hefur alltaf verið keppnismanneskja í öllu sem hún hefur tekið sér fyrir hendur og hættir ekki fyrr en hún nær því sem hún ætlar sér. Hún er ekki mannblendin þótt fólki finnist það og hún á stundum erfitt með að treysta en ef hún treystir þér ertu hennar besti vinur að eilífu. Ellý er 8 og hún vill vera eins og sú tala í laginu og getur pirrað sig yfir hverju umfram 500 g og eytt þeim um leið. Orka hennar er endalaus en hún mætti leyfa sér að hvíla sig öðru hverju án þess að fá samviskubit. Ellý er búin að vera á endalokum eða tölunni 9 undanfarið og byrjar þar af leiðandi á flest öllu nýju á næsta ári. Margt hefur breyst hjá henni, nýtt barn, breytingar á vinnu og fleira sem sýnir hvað koma skal. Hún þarf að vara sig ef hún ætlar ekki að eignast annað barn fljótlega. Hún er hins vegar frábær móðir svo það væri bara búbót. Ellý á eftir að stimpla sig inn og koma sér á kortið sem aldrei fyrr og þá er ég að tala um árið 2008 sem verður viðburðaríkt fyrir miss Ellý og nýja upphafið fyrir alvöru byrjað. Ég ætla að vera sú fyrsta sem óskar henni til hamingju með það."



**ELLÝ ÁRMANNSDÓTTIR** Samkvæmt Sigríði verður Ellý að vara sig ef hún ætlar ekki að eignast annað barn fljótlega.

EGILL EINARSSON ER SNÚINN AFTUR SEM GILZENEGGER. HANN HEFUR OPNAÐ HEIMASÍÐUNA GILLZ.IS:

# Gillz bjargar fólki úr lífshættu



Gilzenegger er snúinn aftur eftir margra mánaða hlé með nýja heimasíðu sem, að eigin sögn, er miklu betri en þær síður sem hann hefur áður komið að. Lítið hefur farið fyrir Stóra G, eins og hann kallar sig stundum, undanfarna mánuði en nú geta æstir aðdáendur andað léttar. Gillz segir nokkrar ástæður liggja að baki því að hann sé snúinn aftur. „Ein af aðalástæðunum er sú að 90% af þeim sem voru með mér í kallarnir.is hafa ekki fengið kvenmann síðan að sú síða lokaði. Á kallarnir.is vorum við nefnilega með myndir af þeim og gáfum upp msn-in þeirra," útskýrir Gillz. „Áður fengu félagarnir þrjár til fjórar kellingar á viku en það hefur ekkert gengið hjá þeim og þeir eru eiginlega búnir að vera röflandi síðan. Með síðunni er ég í raun að redda félögunum svo þeir geti haft regluleg kynmök. Ég er nú vinur vina minna."

Á nýju síðunni kennir ýmissa grasa. Þar bloggar Stóri G meðal annars, býður upp á vídeó og fjarþjálfun.

„Íslendingar eru að blása út eins og loftbelgir. Ég ætla að aðstoða þá við að koma sér í form. Ég er strax búinn að fá sendar nokkrar spurningar varðandi vaxtarræktina sem ég hef að sjálfsögðu svarað. Síðan ætla ég að fá Magnús Bess og fleiri til að setja inn æfingar og mataræðið sitt á síðuna. Fólk getur treyst því að það geti lært af síðunni," segir Gillz og heldur áfram, hógværðin uppmáluð. „Fjarþjálfunin er eiginlega liður í að bjarga lífum. Þetta er venjuleg einkaþjálfun en ég stend ekki yfir fólkinu meðan það er að æfa. Kenni því æfingar og fleira. Þetta er eiginlega fyrir fólk sem tímir ekki að borga fyrir einkaþjálfun."

Gillz segir ýmislegt vera í bígerð á síðunni en þó ber sennilega hæst vaxtarræktarmót sem hann hyggst koma á koppinn. „Ég stefni að því að halda Gillz Classic, nafn sem ég fæ lánað frá Arnold félaga mínum," segir Gillz og bætir við. „Það verður stytta af kallinum í verðlaun og hvaðeina."

**EINS OG OFURHETJA** Gillz segist bjarga lífi fólks með nýju síðunni sem hann hefur opnað á Gillz.is.

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. HELGI SELJAN ER ÓSIGRAÐUR EN KEPPIR HÉR VIÐ ELVU ÓSK ÓLAFSDÓTTUR LEIKKONU.

1. Hver er hætt í Nylon?
2. Hver er höfundur Ísfólksins?
3. Hver syngur lagið Milljarðamæringurinn?
4. Hver er hæsta bygging í heimi?
5. Hver er andlit íslenska vatnsins Icelandic Glacial?
6. Hver er eiginmaður Madonnu?
7. Hver leikur aðalhlutverkið í Evan Almighty?
8. Hver skrifaði bækurnar um Jón Odd og Jón Bjarna?
9. Í hvaða raunveruleikaþætti situr David Hasselhoff í dómarasæti?
10. Hvað heitir litla spænska prinsessan sem skírð var á dögunum?



**Helgi Seljan** — 7 RÉTT SVÖR

1. Emilía.
2. Margit Sandemo.
3. Laddi.
4. Dubai-turninn.
5. Unnur Birna Vilhjálmsdóttir.
6. Guy Ritchie.
7. Steve Carell.
8. Guðrún Helgadóttir.
9. America's Got Talent.
10. Sofia.



**Elva Ósk** — 5 RÉTT SVÖR

1. Emilía.
2. Anna Larsen.
3. Laddi.
4. EU-turninn í Japan.
5. Unnur Birna.
6. Allan George.
7. Steve Carrell.
8. Guðrún Helgadóttir.
9. Gorgeous.
10. Maria Francesca.

Helgi Seljan er óstöðvandi í sigurgöngu sinni og sigrar Elvu Ósk með 7 stigum gegn 5.
Elva Ósk skorar á Heimilistóninn og leikkonuna Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur. Fylgist með!

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

skemmtilegri

# THE SIMPSONS

## 400. ÞÁTTURINN Í KVÖLD KL. 20:05





THE SIMPSONS - í kvöld kl. 19:40


SO YOU THINK YOU CAN DANCE - í kvöld kl. 20:30


OFFICE SPACE - í kvöld kl. 21:15

SLENDERTONE System

*Tími til að líta vel út ...!*

# *Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum ?*

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.



SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

Heildarlausnir fyrir konur til að móta allan líkamann...

*Pakki 1*
Slendertone belti - buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 2*
Slendertone belti - armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

*Pakki 3*
Slendertone buxur - armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 4*
Kynningarverð fyrir dömur - alhliða pakki
Slendertone belti - buxur - armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-




**Eitt stjórntæki**
-með hleðslu - þú velur Slendertone sem hentar þér - Ekkert mál...!

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

KORTER.IS

### 2007 Victory Hamme-S
Ekið aðeins 500 mílur. Ásett verð 2,7 millj. Galli fylgir með. Gott lán getur fylgt. allar uppl. veitir Högni í síma 692 9532.

## Fjórhjól



Honda 450 TRX ER 7 mán. gamalt, mjög lítið notað. Innflutt af umboði. Uppl. í s. 868 5550.



Polaris Predator '04. Verð 620 þ. Skipti möguleg á 4x4 hjóli. Uppl. í s. 692 7078.

Til sölu 2001 árg. af Yamaha Raptor 660r. Sandausur á felgum fylgja. Verð 330 þ. Uppl. í s. 895 6093.

## Hjólhýsi



Vorum að taka upp nýjar vörur fyrir hjólhýsi og húsbíla. Skoðaðu úrvalið hjá okkur. Markísur, sóltjöld, sólarsellur, grill, borð & stólar, borðabúnaður og mfl. Hobbyhúsið Dugguvogi 12, s. 517 7040 www.hobbyhusid.is



Til sölu vel með farið Dethleffs Beduin 590S hjólhýsi árgerð 2005. Markísa og sjónvarpsloftnet. Honda rafstöð fylgir. Mögulegt er að taka tjaldvagn eða fellihýsi upp í sem hluta af greiðslu. Hagstætt bílalán getur fylgt. Uppl. í s. 896 4270. Til sölu og sýnis hjá MotorMax Klettháls 13 s. 563 4400.



Hobby 560 Excelsior árg. '06. Flott leðurhús, eitt með öllu, m.a. TV, DVD, markísa, útdraganlegar tröppur, gask. Sjón er sögu ríkari. Verð 2500 þ. Uppl. í s. 898 0728.



Hobby hjólhýsi til sölu með góðu fortjaldi árg. '85. Verðhugmynd 650. þús. Er tilbúin að taka upp í fellihýsi á svipuðu verði eða ódýrara. Uppl. í s. 898 6401.



Hobby 500kmfe kojuhús 2006 eins og nýtt skyggni 12v ofl verð 1980þús. S.8221974



Til sölu vel með farið Sun Lite Camper hús 7 feta. Árg. '00 með vaski, gashellu, íssk, miðst. Uppl. í s. 894 3707.



Til sölu vel með farið Hobby og Prestige 560 kmfe (kojuhús), árg '06. Mjög vel útbúið, loftnet, sóltjald, o.mfl. Verð 2,390. þús. Uppl. í s. 699 7247.



Til sölu Hobby 560 Prestige ufe árg. 06. Markísa, rafgeymir, hleðslutæki, flatskjár með DVD og loftnet. Tilboðsverð 1.980 þ. Uppl. í s. 893 1625.



Auðveld kaup!! Hobby 560 Prestige árg.'05. Wc, sturta, tv-loftnet og fl. Glæsilegt hús. Áhv. 1.850 þús. fyrsti gjalddagi okt. Fæst á yfirtöku + 200þús. út. S. 820 4469.



**Fjölskylduhús á hjólum**
**Davince 700, Árg .'07, 2xgeymar og gas, Sólarsella, 120L vatns tankur, Fortjald, Lcd, Cd og fl,möguleiki á 100% láni, 1 greiðsla í okt.**
**Uppl. í síma 820 0151.**

Hobby 500 kojuhús '04 til sölu notað. Mjög vel með farið. Uppl. í s. 892 7004.

## HJÓLHÝSI TIL SÖLU




## Fellihýsi



Lítið notað Palomino Colt fellihýsi 2005. Fortjald, sólarsella, ísskápur, útvarp, 2 gaskútar, grjótgrind ofl. Aðeins 1.050.000 kr. Kostar nýtt 1.600.000 kr. Valþór s. 894 7252.



Fleetwood Colonial fellihýsi á loftpúðum 10 ft. til sölu Hlaðið aukahlutum t.d. Loftpúðafjöðrun frá Breyti, Sólarsella, grjótgrind, Markísa,o.fl. Verð 1290. þús. Uppl í síma 8922950



Conway Cruser árg. 1994 í góðu lagi til sölu. Uppl. í s. 891 9006.

Til sölu Fleetwood Yuma 2006. Lítið notað. Sólarasella, grjótgrind og er upphækkað. Ásett verð 1250þ. Tilboð uppl. í s. 846 7928.

Coleman Cheyenne '02 til sölu. Lítur vel út. Fortjald, dúkur í fortjald, sólarsella, grjótgrind, útvarp ofl. Uppl. í 897-2286 og 587-9491

Til sölu mjög vel með farinn Coleman Sedona 10 fet,"03, v1075000, uppl 8659655

Palomino Yerling 12fet árg'00 ásett verð 550.Skoða öll tilboð uppl í s: 6949825

Til sölu Viking júl. '03 með svefntjöldum, Ægisfortjaldi og sólarsellu. Verð 690 þ. Uppl. í s. 895 4455

Til sölu Fleetwoob Sebonna, 10 feta. Árg '04. Fortjald búið að upphækka, 2 gaskútar, sólarsella, loftnet f. TV, WC og gasgrill. Uppl. í s. 849 5020 & 554 2113.

Fleetwood Yuma '06. Sem nýtt, m/öllum hugsanlegum útbúnaði. Upphækkað. Verð 1.320 þús. Uppl. í s. 896 6467.

Palamino yearling '05. Eitt með öllu. Uppl. í s. 849 4004.

Coleman Carmel 10 fet árg 2003 Lúxus útgáfa með öllu verð 1.050.000 Uppl. s:8682876

## Tjaldvagnar

Til sölu Camplet 13" '06 Savanne. Geymslukassi og yfirbreiðsla. lítið notaður. Ásett verð 650. Uppl. í s. 660 5933.

Holday camp tjaldvagn árg 2004. Verð 360 þús. Uppl í síma 863 5950, Ingibergur

Til sölu Camplet Concord/Royal '03. Mikið af aukahlutum. Uppl. í s. 863 1316

Til sölu gamall camp tourist, verð 35þús. s:8965719

## Vinnuvélar






**Háþrýstidælur**
**Eigum nokkrar bensínknúnar Karcher háþrýstidælur á frábæru verði 200 bör 9,5ltr 6hp Honda mótor**
**allar nánari uppl í síma 897 2902 netfang mvehf@hive.is opið 14-21 alla daga MV heildsala ehf**

## Bátar



Seadoo challenger 1800 árg. '99, 240 HP, 7 manna, siglir 55 mílur. Vagn fylgir. Uppl. í s. 896 4266 & 896 1766. Til sýnis að Höfðabílum.



Fjord 900 svefnpláss fyrir 6 wc sturta eldhús vél volvo penta og fl s: 8209919




Til sölu er Sómi 800 með Volvo Penta 200 hp + dp drif. Góður bátur í góðu standi. Uppl i s 894 4086 & 897 5502.

## Aukahlutir í bíla



Til sölu 4 ný dekk á 18" 10 arma álfelgum undir Piero. Uppl. í s. 893 2235.

## Hjólbarðar

4 stk. 14" dekk á Legacy fel. á 8 þ. 4 stk. 255/60 18" á 15. þ. 4 stk 15" Astra felgur á 5 þ. 2 stk. 265/65 17" á 8 þ. S. 896 8568.

## Varahlutir

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

### Japanskar Vélar, Bílapartasala
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla ofl, auk flestra gerða af Fiat og VW. S. 893 2284 & 565 3400.

### Er að rífa!
VW Polo 2000 & 2005, Renault Megane 2000, Renault Clio 1998. Mikið af góðum varahlutum. Uppl. í s. 898 8835.

Varahlutir í Lancer '98 station Sunny árg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is



**Garðhúsgögn! Rýmingarútsala!!**
Landsins mesta úrval af garðhúsgögnum. Sterkleg og þungbyggð. Henta vel fyrir íslenskt veðurfar, til að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalveg 24, 201 Kópavogi, www.vidarko.is Sími 517 8509.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Barkalaus þurrkari á 10 þ. Frystikista á 10 þ.Tölvuflatskjár á 5 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Leðurstóll á 5 þ. Línuskautar á 3 þ. Þvottavél á 10 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

**Þvottavélar og þurrkarar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkarar og ísskápur. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

## Heimilistæki

Til sölu mjög góð Zanussi þvottav. og þurrkari, selst saman á 40 þ. 28" Thomson tv, selst á 10-15 þ. S. 849 8625.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Til bygginga

Mikið magn af gifsplötur til sölu á góðu verði upplýsingar í síma 897 5599




## Vélar og verkfæri




## Verslun









**Útsalan enn í fullum gangi!**
50%-80% afsláttur Enn meiri afsláttur! Emilía, Suðurlandsbraut 50 (bláu húsunum við Fákafen). Endilega kíktu inn á www.gala.is Opið 11-18 virka daga. S. 588 9925.

## TIL SÖLU






Sumabústaðaland í Bláskógabyggð. Gestahús með 36 fm. verönd, rafmagn, skólp, heitt og kalt vatn, allar lagnir nýjar. Leifi fyrir stórum bústað, afgirt land. Frábært útsýni. Tilboð óskast, uppl. í s. 893 7065.

Til sölu sumarbústaðarland við Hafravatn 2360 fm. Skógur, lítið hús, vatn og rafm. Óska e. tilboðum. Sími 554 5757 & 869 8417.

## Atvinnuhúsnæði

Ódýrustu geymslu m2 á markaðnum í nýstandsettu húsnæði Á Eyrarbakka 250 m2 á 495 m2, og 1.500 m2 á 465 m2 Sími: 661 6800.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Geymsluhúsnæði til leigu 26 fm. í 104 Rvk. Uppl. í s. 581 4000.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 861 2319.

**Sumargisting í Rvk.**
3. herb. ný íbúð, fullbúin húsgögnum, 4-5. rúm, ADSL, 2 nætur eða fl. Pantið tímalega. Heimas. eyjasolibudir.is símar 898 6033 & 698 9874.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Verslunarstjórar óskast.**
Kornið rekur átta verslanir og vill ráða hörkuduglegt fullorðið fólk til starfa. Vinnutími samkomulag. Uppl. í s. 864 1543, Rut.

**Afgreiðslufólk óskast.**
Kornið rekur 8 verslanir og vill ráða hörkuduglegt fólk til starfa. Vinnutími sveigjanlegur. Uppl. í s. 864 1543, Rut.

**Húsasmiðjan Grafarholti**
**óskar eftir sumar- og helgarstarfsfólki.**
**Upplýsingar í síma 660 3193.**



**Keiluhöllin**
**Óskum eftir starfsmönnum í eldhús og afgreiðslu í kvöld og helgarvinnu.**
**Uppl. í s. 617 2929 & www.keiluhollin.is**

**Ruby Tuesday Skipholti**
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal og eldhús Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

**Devitos Pizza!**
**Óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu bæði kvölds og morgna í afgreiðslustarf.**
**Uppl. í s. 692 4327.**

**American Style**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Lausar stöður í sal og grilli á American Style í Skipholti. Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is

**Reykjavík Pizza Compan**
Erum að leita að duglegu fólki sem vill keyra út líklega bestu pizzur í heimi. Unnið er á kvöldin og aðra hverja helgi. Eigin bíll ekki skilyrði. Upplýsingar veitir Ólafur 664 8075 alla daga milli 10-12 og 13-18.

**Leikskólinn Skógarborg**
**Leikskólakennari / leiðbeinandi óskast í 100% starf í ágúst n.k. á leikskólann Skógarborg í Fossvogi.**
**Uppl. gefa leikskólastjórar í s. 553 1805 & 693 9874.**

**Síld og Fiskur Hafnarfirði.**
Starfsmenn óskast til skemmri eða til framtíðarstarfa til að taka til pantanir í söludeild okkar, og til ýmissa annara starfa. Síld og Fiskur Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 863 1938, Sófus.

Óskum eftir að ráða vörubílsstjóra, trailerbílstjóra og gröfumenn. Mikil vinna í boði. Uppl. í s. 891 8338.

Sjúkraliði dagvinna. Sjúkraliði óskast sem fyrst í fullt starf á Þorrasel dagdeild aldraðra Þorragötu 3.Vinnutími 8-16 virka daga.Nánari uppl.gefa Guðbjörg sími 561 2828 og Droplaug sími 411 2700.

Kona óskast til ræstinga-og aðstoðar í mötuneyti í traustu iðnfyrirtæki. Um framtíðarstarf getur verið að ræða, uppl. í s. 820 1814, Tryggvi. Przyjmemy kobiete Do prac porzadkowych oraz jako pomoc do pray w kuchni.

Smurbrauðsdama óskast til starfa í bakarí/ kaffihús í Skipholti. Uppl. í s. 820 7370.

**Bakari**
Óskum eftir að ráða bakara til starfa í bakarí í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 & 820 7370.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnótarbát gerður út frá Suðurnesjum. Einnig vantar vanan lyftaramann í fiskverkun. Uppl. í s. 892 5522.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Rauði krossinn á Tælandi.**
**Ef þig vantar að losna við eitthvað td. frá fötum til bíla eða bara vilt aðstoða með vinnu eða peningum. Einnig er ýmislegt til sölu þar frá hernum.**
**50-60% úts.**
**Endilega hafið samb. í síma 893 8886. Opið alla daga.**

**Celebrity.is**
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

## FASTEIGNIR

**TIL SÖLU FASTEIGNIR Á SPÁNI**



NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ EIGNAST ÞITT ANNAÐ HEIMILI Í SÓLINNI
FRÍ SKOÐUNARFERÐ OG UPPIHALD Á SPÁNI,
EF ÞÚ KAUPIR ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR FLUGFARIÐ

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Jón Bjarni Jónsson
Sölufulltrúi
GSM: 896 1067
jonbjarni@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
GSM: 698 3600
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Félag Fasteignasala

## TILKYNNINGAR

Hafnarfjarðarbær

# Auglýsing um skipulag

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga á lóð nr. 17 við Álfhellu í Hafnarfirði.**
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 11. júlí 2007 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga á lóð nr. 17 við Álfhellu í Hafnarfirði, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í því að gerð verður 1 ný lóð við Álfhellu 17, þar sem áður var grjótvinnsla. Gert er ráð fyrir að staðsetja 1500-2000 m2 geymsluhúsnæði fyrir flugelda á lóðinni og að húsið verði staðsett um 5 m lægra en nærliggjandi byggingar. Auk þess er gert ráð fyrir stakstæða byggingu í suðurenda lóðarinnar

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði.**
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2007 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felur í sér m.a. breytingar í gatnakerfi og þéttingu hesthúsabyggðar. Vestur innkeyrsla á Sörlaskeiði færist norður, og núverandi gata sem liggur frá Kaldárselsvegi yfir Sörlaskeið heldur áfram meðfram reiðhöll og inn á svæði með nýjum lóðum. Í nýbyggingum er gert ráð fyrir 888 hestum og verða þá alls 2338 hestar á athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla.

Deiliskipulögin ásamt greinagerð og skipulagsskilmála fyrir tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla, verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 27. júlí 2007 - 24. ágúst 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 7.september 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

## ATVINNA

Auglýst er eftir umbrotsmanni á Fréttablaðið, sem er lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Umsækjandi þarf að hafa góða kunnáttu á InDesign, vera vanur umbroti og geta unnið vel undir álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingibergsdóttur, framleiðslustjóra á kolbrun@frettabladid.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst næstkomandi.

**SETTU ÞITT MARK Á FRÉTTABLAÐIÐ**

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

# Kristni stendur á traustum grunni

**UMRÆÐAN**
Biblíufræði



ÁGÚST VALGARÐ ÓLAFSSON

Mér var bent á grein í Fréttablaðinu 16. júlí síðastliðinn (bls. 18), sem bar yfirskriftina „Viðheldur fáfræði kristninni?“

Ég ætla ekki að mæla því bót að menn verji eða vinni að framgangi málstaðar með því að forðast tilteknar staðreyndir, eða með því að lifa gegn eigin sannfæringu. Enginn ætti að predika það sem hann trúir ekki innst inni.

Þess finnast dæmi að fáfræði hafi viðhaldið kristni. Ég er hins vegar ósammála því að svo sé enn í dag fyrir hugsandi fólk sem kynnir sér málið. Það þarf einnig að hafa í huga að rök með blekkingum merkja ekki endilega að það sem er rökstutt sé rangt.

**Er Guð til?**

Steindór vitnar í þrjár bækur eftir Bart D. Ehrman. 28 mars 2006 áttu sér stað rökræður á milli Ehrmans og Williams Lane Craig um spurninguna „Eru sagnfræðileg rök fyrir upprisu Jesú?“ Handrit af rökræðunum má finna á http://www.holycross.edu/departments/crec/website/resurrdebate.htm.

Það sem raunverulega er tekist á um í rökræðum Ehrmans og Craigs er spurningin um tilvist Guðs. Þeir sem afneita tilvist Guðs geta ekki samþykkt kraftaverk sem útskýringu á sögulegum atburði. Þegar Ehrman segir að engin sagnfræðileg rök séu til um upprisuna, er hann í raun að segja að upprisan sé ekki besta skýringin á þeim ummerkjum (e. evidence) sem við höfum, en ekki að það séu engin ummerki. Ehrman afneitar tilvist Guðs (eða efast stórlega) og getur því ekki samþykkt kraftaverk sem sögulegan atburð. Niðurstaða Ehrmans er því sú að það séu engin söguleg rök fyrir upprisu Jesú.

A.m.k. fjögur sagnfræðileg rök blasa hins vegar við þeim sem samþykkir tilvist Guðs, nefnilega (1) greftrun Jesú, (2) tóm gröf, (3) Jesú birtist lærisveinum sínum upprisinn og loks (4) útskýring á sannfæringu lærisveina Jesú um upprisuna.

**Heimsendir og fjölskyldugildi**

Steindór vitnar í orð Ehrmans um að Jesús hafi verið heimsendaspámaður og því hafi Hann ekkert kært sig um hefðbundin fjölskyldugildi og að alla síðustu öld hafi þetta verið sú mynd af Jesú sem meirihluti fræðimanna aðhylltist.

Jesús sagði fyrir um endi þess heims sem við lifum í nú og umbreytingu yfir í annarsskonar heim. Hann er því vissulega „heimsendaspámaður“ að mínu viti. Hvort Hann kærði sig ekkert um hefðbundin fjölskyldugildi fer bæði eftir því hvernig við skiljum boðskap Jesú og svo því hvað við flokkum sem hefðbundin fjölskyldugildi.

Guðleysingi spyr Guð vitaskuld ekki að því hvaða fjölskyldugildi Guð hefur heldur leitar annað. Upphafspunktur guðleysingjans er ekki hjá Guði.

Sá sem raunverulega trúir á tilvist Guðs skilur hins vegar að skilgreining á góðum fjölskyldugildum er ekki að finna í eigin ranni heldur hjá Guði, sem í upphafi hannaði bæði heiminn, hjónabandið og fjölskylduna. Kristinn maður reynir því að skilja fjölskyldugildi Guðs eftir bestu getu, að gera Guðs gildi að sínum eigin.

Það er því við því að búast að ókristnir menn álíti Jesú hafa kært sig kollóttan um það sem þeir kalla hefðbundin fjölskyldugildi. Ef fjölskyldulíf fræðimanna eins og Paul Tillich bar að einhverju leyti vitni um hvað þeir álitu hefðbundin fjölskyldugildi er gott að þeir sáu Jesú ekki undirstrika þau.

Þó að meirihluti fræðimanna sé á tiltekinni skoðun sannar það ekki að þeir hafi rétt fyrir sér eins og Ehrman bendir sjálfur á í rökræðum sínum við Craig (sjá bls. 19).

**Var Biblíunni breytt á fjórðu öld?**

Steindór vitnar svo í aðra bók eftir Ehrman þar sem segir „biblíuhandritunum var breytt.“ Þetta er einfaldlega ekki rétt, sjá http://www.agust.org/dvcisl.pdf.

Það er tvennt sem er til umræðu hér. Annars vegar ásakanir um að einstökum bókum Biblíunnar hafi verið breytt, hins vegar það ferli að ákvarða hvaða bækur yrðu „inni“ og hverjar „úti“ þegar Nýja Testamentið var sett saman. Heimildir sýna að á fjórðu öld var einfaldlega staðfest það sem þegar hafði verið venja í yfir 200 ár hjá heilbrigðum kirkjum og leiðtogum þeirra.

Það er tekið fram í íslensku biblíunni að seinustu vers Markúsarguðspjalls vantar í sum handrit. Það er enginn feluleikur hér. Ekkert mikilvægt í kristinni trú stendur né fellur með þessum versum né öðrum versum sem vantar í sum handrit.

*Höfundur er tölvunarfræðingur.*









JULIAN MCMAHON ER 39 ÁRA.

*„Mér finnst gaman að leika persónur með dökkar hliðar, sem vekja engu að síður samúð hjá áhorfendum. Maður vill að þeir hafi á tilfinningunni að þær eigi sér mýkri hliðar.“*



***Leikarinn Julian McMahon hefur getið sér góðan orðstír fyrir leik skúrka eins og seiðskrattann Cole Turner í Charmed, lýtalækninn og flagarann Christian Troy í Nip/Tuck og brjálaða vísindamanninn Victor Von Doom í Fantastic Four-myndunum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. JÚLÍ 1979

## *Amityville Horror frumsýnd*

Nýgift hjón flytja ásamt börnum sínum í draumahúsið en lenda heldur betur í kröppum dansi þegar í ljós kemur að ærsladraugur hefur hreiðrað þar um sig og er ekki á því að sleppa takinu af húsinu.

Þetta er í megindráttum söguþráður kvikmyndarinnar Amityville Horror sem var frumsýnd þennan dag fyrir 28 árum. Mikil uppsveifla var þá í gerð hrollvekja, í kjölfar vinsælda kvikmynda á borð við Excorcist (1973), Jaws (1975) og Halloween (1978), og neyttu framleiðendurnir ýmissa bragða til að laða að áhorfendur.



**HROLLUR** Fyrirmyndin að draugahúsinu í Amityville Horror.

Meðal annars var látið í veðri vaka að myndin byggði á sannsögulegum atburðum í bænum Amityville. Þar áttu ung hjón að hafa fest kaup á húsi þar sem morð höfðu átt sér stað nokkrum árum fyrr og fundið fyrir nærveru illra afla. Meðal annars var hurðum skellt aftur, grænt slím vætlaði úr veggjunum og varð eiginkonan fyrir líkamsárás óværu, auk þess sem hún sá mann sinn umbreytast í gamla, hvíthærða konu.

Rithöfundurinn Jay Anson skrifaði bókina The Amityville Horror - A True Story, sem náði metsölu. Ekki leið á löngu þar til myndin rataði á hvíta tjaldið og sló í gegn.

Síðan þá hafa nokkrar framhaldsmyndir verið skotnar og myndin auk þess endurgerð. Þeir sem vilja hins vegar sjá frummyndina er bent á vefsíðuna www.amityvillehorror.com

## MERKISATBURÐIR

1903 Fyrsta kvikmyndasýningin er í Reykjavík. Tveir Norðmenn sýna „lifandi ljósmyndir“ í Iðnó.

1941 Japnir taka yfir franskan hluta Indó-Kína.

1976 Fyrrum forsætisráðherra Japan, Kakuei Tanaka, er handtekinn í tengslum við Lockheed skandalinn.

1981 Gifting persónanna Ken Barlow og Derdrei Langton úr bresku sápuróperunni Coronation hlýtur metáhorf.

1996 Sprengja springur á Olympíuleikunum sem haldnir eru í Atlanta, Georgíu, í Bandaríkjunum.

1997 Um fimmtíu manns láta lífið í árás í Alsír.




*Okkar ástkæri,*

**Sigurgeir Pétursson**
frá Ófeigsfirði,

lést aðfaranótt mánudagsins 23. júlí á líknardeild Landspítalans Kópavogi. Jarðarför hans fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 15.00.

**Jenný Haraldsdóttir**
**Arndís B. Sigurgeirsdóttir** **Bára K. Kristinsdóttir**



*Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,*

**Helga Ingibergsdóttir**
Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala þann 20. júlí. Útförin fór fram í Kristskirkju, Landakoti, þann 26. júlí.

**Snorri Snorrason** **Þórunn Snorradóttir**
**Sigrún Hannesdóttir**
**Helga Rut Snorradóttir**
**Hannes Reynir Snorrason**
**Snorri Snorrason**
**Hildur Rakel Jóhannsdóttir**



**Guðbjörg Ásmundsdóttir**
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, áður Borgarbraut 45,

sem lést fimmtudaginn 19. júlí, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 28. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi.

**Sólveig Ólafsdóttir**
**Þórður Ólafsson**
**Jón R. Rósant**
**Ásmundur Ólafsson**
**Brynja Ólafsdóttir**
**Einar Ólafsson**
**Ólafur Ingi Ólafsson**
**Ragnheiður Ólafsdóttir**
**Guðmundur Ólafsson**
**Hólmfríður Ólafsdóttir**
**og fjölskyldur.**

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.


ÓLAFUR H. TORFASON: FAGNAR SEXTUGSAFMÆLI

# Eins og að koma út úr skápnum

Ólafur H. Torfason er landsmönnum að góðu kunnur fyrir ritstörf sín og kvikmyndagagnrýni á Rás 2 síðastliðin tuttugu ár. Í dag á Ólafur sextugsafmæli og ætlar að verja deginum með vinum og vandamönnum.

„Ég ætla nú bara að vera með fjölskyldumeðlimum og fáeinum vinum í dag. Það er engin stórveisla skipulögð í tilefni dagsins,“ segir Ólafur og bætir við að afmælisbörn í júlí gefi yfirleitt upp alla von um stórar afmælisveislur, þar sem vinir og vandamenn séu hvort eð er velflestir í fríi erlendis á sumrin.

Hann viðurkennir þó að eftirvænting hafi ríkt hjá flestum afmælisbörnum í gamla daga, þar sem hápunktarnir á árinu hafi verið heldur færri þá en nú. „Guðbergur Bergsson lýsti lífinu á Íslandi best í Grindavík þegar hann var að alast upp, en þar er sagt frá því hvernig börn biðu í ofvæni eftir jólunum og afmælinu. Það lék stórt hlutverk bæði í lífi barna og fullorðinna.“

Ólafur segist persónulega hafa þótt lítið til afmælisdagsins koma í bernsku. Hann hafi ekki séð ástæðu til að gleðjast þótt hann væri búinn að fara einn hring til viðbótar í kringum sólina. Þessi afstaða hafi breyst með aldrinum og nú finnist honum afmælið kjörið tækifæri til að hitta aðra og gleðjast.

„Ég skal þó fúslega viðurkenna að skemmtilegustu afmælisdagarnir eru yfirleitt einfaldir í sniðum og einlægir,“ segir Ólafur. „Yfirleitt einhvers staðar í óbyggðunum, í fjöru eða lengst uppi á hálendi. Sem dæmi átti ég einu sinni afmæli í Flateyjardal, sem var rómantískt þar sem við elduðum eftir að skyggja tók. Svo átti ég góðan afmælisdag á hrjóstrugu landsvæði Öskju í nístandi kulda, þótt það kunni að hljóma óspennandi.“

Þrátt fyrir að sextugsafmælið sé nú upp runnið segist Ólafur ekki finna fyrir vott af tilvistarkreppu. Þvert á móti líði honum svolítið eins og vini hans sem líkti því að verða sextugur og segja til aldurs, við það að koma út úr skápnum.

„Í því samhengi er gaman að segja frá því að ég tók einu sinni viðtal við Jón Helgason, prófessor og skáld í Kaupmannahöfn, þegar hann var orðinn fjörgamall og spurði hvort hann væri enn að yrkja,“ segir Ólafur. „Þá sagðist Jón hafa hætt að yrkja í kringum þrítugt, eða um það leyti þegar manni þætti sem lífið væri búið. Sjálfur lét ég mig ekki muna um að halda þrisvar sinnum upp á þrítugsafmælið og var því ekki að fela það.“



**SEXTUGUR** Ólafur H. Torfason ætlar að verja afmælisdeginum í faðmi fjölskyldunnar og fáeinna vina.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Það er auðheyrt að nóg verður að gera hjá Ólafi á komandi árum, en hann verður meðal annars upptekinn við ferðalög og skrif á næstunni. „Ég er nú nýkominn úr ferð með gönguhóp sem ég er í, þar sem 76 ára gamall maður tók ferðina með glæsibrag. Þannig að það er bara ekki annað hægt í stöðunni en að vera hress,“ segir hann og hlær.

roald@frettabladid.is




## 70 ára afmæli

**Guðbergur I. Guðbergsson**
framkvæmdastjóri
verður sjötugur laugardaginn 28. júlí.
Af því tilefni er öllum vinum og ættingjum boðið í kaffi í sal
Sjálfsbjargar Hátúni 12 kl. 17.00-20.00.



## 80 ára afmæli

**Gunnar Hallgrímsson**
Hvammsgötu 6, Vogum,
varð áttræður 25. júlí sl. Hann tekur á móti gestum frá kl. 15.00 til 19.00 laugardaginn 28. júlí í
Íþróttamiðstöð Njarðvíkur.

## 80 ára afmæli

**Örn Friðriksson**
fyrrverandi prófastur á Skútustöðum

er áttræður í dag. Hann verður ekki heima.

TÖLVUVERSLUN *með þjónustuna í lagi*

# TILBOÐ

## AMD TÖLVUTILBOÐ



- 5200 AMD Athlon64 Dual Core
- Asus móðurborð
- 1GB DDR2 667 vinnsluminni frá Patriot
- Samsung 18xDVD±R Dual layer
- 7.1 High Definition EAX2 hljóðstýring
- Creative I-Trique 250 hátalarar
- 250GB Seagate Barracuda SATA 2
- Innbyggð 256MB skjástýring
- Innbyggt 10/100 netkort - 8x USB2
- Logitech UltraX Lyklaborð
- Logitech opitcal mús
- Windows Vista Home Basic

**AÐEINS kr. 59.900**

AMD

Sarotech

## Sarotech Abigs 3.5” 320GB



FLAKKARI. Spilar: AVI, DIVX, XVID, MP3, ISO, MPG, JPEG
Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring.

**TILBOÐ kr. 22.900**

VERÐ ÁÐUR kr. 26.900

PHILIPS

## Philips 320GB USB FLAKKARI



*Falleg hönnun – Philips gæði!*

**TILBOÐ kr. 9.990**

VERÐ ÁÐUR kr. 14.900

WD Western Digital

## WESTERN DIGITAL 500GB SATA2



*Athugið: Takmarkað magn!*

**AÐEINS kr. 9.990**

PATRIOT MEMORY

## PATRIOT 2GB MINNISLYKILL



*Háhraða USB minnislykill!*

**AÐEINS kr. 2.990**

UPPFÆRSLU TILBOÐ

AMD

## AMD UPPFÆRSLA



- 4600+ AMD Athlon64 Dual Core X2
- Hljóðlát Asus örgjörvavifta - aðeins 18db
- Asus M2N8-VMX móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz frá Patriot
- 128MB GeForce6 6100 PCI-E 16X skjástýring
- Annað 5.1 hljóðkort, 10/100/1000 netkort
- Annað SATA2 Raid, 2xATA133 diskstýringar, ofl.

**TILBOÐ kr. 22.900**

VERÐ ÁÐUR kr. 24.900

## ASUS F3M FARTÖLVA



- 15.4” TFT WXGA breiðskjár
- Innbyggð 1.3MP vefmyndavél
- AMD TurionX2 Dual Core TL52 64bita 1.6GHz örgjörvi
- Nvidia GeForce Go6100 Turbo Cache 128MB
- 2GB DDRII vinnsluminni
- 120GB harður diskur
- Azalia hljóðstýring
- 10/100/1000 og þráðlaust netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer skrifari
- 4 USB 2.0, FireWire, PCMCIA II, Parallel og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi - Bluetooth
- Windows Vista Ultimate
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**TILBOÐ kr. 129.900**

VERÐ ÁÐUR kr. 144.900

ASUS

## ASUS F9F FARTÖLVA



- 12.1” WXGA breiðskjár
- Innbyggð vefmyndavél með 240° snúning
- Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- Intel 945GM skjákort allt að 128MB minni
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 120GB harður diskur
- Intel HD samhæft hljóðkort
- 10/100/1000 og þráðlaust netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer skrifari
- 3 USB 2.0 og VGA tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi - Bluetooth
- Windows Vista Home Basic
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**TILBOÐ kr. 159.900**

VERÐ ÁÐUR kr. 179.900

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

# TAKKAR

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

JBL
ASUS
PHILIPS
SanDisk
JVC
Sarotech
CREATIVE
RAZER
PATRIOT MEMORY
SPEED LINK




# STUÐ MILLI STRÍÐA Breakfast at Myspace

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** SÉR FORTÍÐINA Í DÝRÐARLJÓMA



Í síðustu viku hringdi gamall vinnuveitandi í mig. Ég hafði fyrir nokkrum árum unnið á myndbandaleigu og nú vantaði vaskan svein til að taka þrjár kvöldvaktir. Ég var meira en til í það, enda þótti mér vinnan á leigunni alltaf mjög skemmtileg.

Þar sem ég stóð vaktina í fyrrakvöld komu tvær stúlkur inn á leiguna. Eftir að hafa skoðað allt hátt og lágt komu þær með myndina Breakfast at Tiffany's að borðinu til mín. Þær spurðu mig hvernig hún væri og mér til mikillar mæðu varð ég að viðurkenna að ég hef aldrei náð að klára hana. Það er ekki það að ég hafi ekki horft á hana, málið er bara að ég hef alltaf sofnað yfir henni áður en að enda er komið. Þegar ég kom heim um kvöldið ákvað ég því að smella henni í tækið og klára hana nú í eitt skipti fyrir öll.

Það leið þó ekki á löngu þangað til ég var kominn inn í draumaheima og skyndilega var ég orðinn hluti af sögunni. Ég sat með bros á vör og var að skrifast á við Holly Golightly í gegnum Myspace. Þegar ég vaknaði fór ég að velta þessu fyrir mér. Sennilega er ástarbréfið dautt. Nú daðrar fólk fyrir opnum tjöldum á Myspace eða Facebook.

Pabbi minn hefur stundum sagt mér sögu af strák sem á fyrrihluta síðustu aldar lagði á sig langar göngur til að vinna hjarta stúlkunnar í næsta dal. Í verstu veðrum gekk hann langar leiðir til þess að eiga stutta kvöldstund með henni. Nú sendum við bara SMS-skilaboð og finnst biðin endalaus eftir svari. Það væri gaman að sjá mína kynslóð bíða eftir bréfberanum, jafnvel dögum saman.

Auðvitað er þróun í daðri, eins og öðru í mannlegum samskiptum, og eðlilegt að á þeim tímum sem við lifum leiki tæknin stórt hlutverk í samskiptum kynjanna.

Kannski á ég eftir að segja barnabörnum mínum frá því þegar ég sendi ömmu þeirra SMS-in í denn. En af einhverri ástæðu sé ég það ekki í sama dýrðarljóma og sögur af gömlum ástarbréfum og löngum göngum frá liðinni tíð.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BT

# NÝJA LÍNAN FRÁ TOSHIBA!




15,4"

## TOSHIBA

PSAE0E-02701GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1GU
Intel® Dual Core T2080
- 1.73 GHz / 533 MHz / 1 MB
15.4" WXGA TruBrite skjár
- 1280 x 800 upplausn
Intel 943 128MB skjákort
1GB Vinnsluminni
80GB SATA Harður diskur
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2.72kg á þyngd

Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**IPOD 2GB**



**FYLGIR** 21.999

Takmarkað magn

**FLAKKARI**

LaCie



**FYLGIR** 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

**36.998 kaupauki**

# 119.999

**Ekkert út og fyrsta greiðsla 1.okt**

**Intel Core Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**Innbyggður kortalesari**
Tölvan kemur útbúin kortalesara. Auðvelt að hlaða myndum af stafrænu myndavélinni.

**1GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**15,4" WXGA TrueBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**Office pakkinn**
Leyfi fyrir 3 tölvur
9.999 (16.999)

BT LÁN™

| 11.953* | 6.552** | 4.751*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

# Skilaðu gömlu myndavélinni og fáðu 5.000 kr upp í nýja netta og létta myndavél!

AÐEINS Í BT

**HD útgangur**
Tengdu myndavélina beint við sjónvarp í HD upplausn.

**Carl Zeiss linsa**
Einn þekktasti linsu framleiðandi í heimi.



## SONY

DSCW80S
SONY CYBERSHOT W80S

7,2 megapixlar
Carl Zeiss linsa
3x optical zoom lens;
2.5-" LCD skjár
High Sensitivity Mode (ISO 3200) allows for shooting even in low-light conditions
In-camera red-eye reduction and retouching functions
HD output; HD slide show with music feature

Skilaðu gömlu myndavélinni fyrir 5.000 kr upp í nýja vél

Ef þú skilar gömlu kostar þessi **24.999** (29.999)

BT LÁN™

| 2.649* | 1.506** | 1.125*** |
|---|---|---|
| 6 mánaða | 12 mánaða | 18 mánaða |

**2"LCD sjár**
Skemmtilegur skjár með allskonar aðgerðum.

**7,2 megapixlar**
Alvöru upplausn sem gefur stærri myndir.



## SONY

DSCS650
SONY CYBERSHOT S650

7,2 megapixlar
3x Optical zoom
MemoryStick Duo
2" LCD skjár

Ef þú skilar gömlu kostar þessi **14.999** (19.999)

BT LÁN™

| 1.669* | 975** | 743*** |
|---|---|---|
| 6 mánaða | 12 mánaða | 18 mánaða |

Alvöru linsa frá einum virtasta framleiðanda í heimi.

**10 megapixlar**
10 megapixlar skila hágæða myndum.

1 GB fylgir **FYLGIR**



## Panasonic

DMCLX2
PANASONIC LUMIX LX2
10 megapixlar
Leica linsa
4x optical zoom
OIS / Optilcal image stabilizer / hristivörn
Þyngd aðeins 220 gr.
Heðslutæki og rafhlöður fylgja

Ef þú skilar gömlu kostar þessi **34.999** (39.999)

BT LÁN™

| 3.628* | 2.037** | 1.506*** |
|---|---|---|
| 6 mánaða | 12 mánaða | 18 mánaða |

Alvöru linsa frá einum virtasta framleiðanda í heimi.

**Hristivörn**
Minnkar hættuna á hreyfðum myndum.



## Panasonic

DMC-FX30EB-S
PANASONIC 7.2MP FX30
7.2 megapixla
Leica linsa
2.5" LCD skjár
OIS / Optical image stabilizer / hristivörn
Hleðslutæki og rafhlöður fylgja
Þyngd aðeins: 132 gr.

Ef þú skilar gömlu kostar þessi **29.999** (34.999)

BT LÁN™

| 3.138* | 1.771** | 1.316*** |
|---|---|---|
| 6 mánaða | 12 mánaða | 18 mánaða |

**Kl. 17**

*Í dag sýna gestalistamenn Sambands íslenskra myndlistarmanna í júlímánuði afrakstur dvalar sinnar hér á landi, í sýningarsal SÍM að Seljavegi 32. Gestalistamennirnir eru Rakel Bernie, Sharon Houkema, Leila A. Leder Kremer, Rose Schulze, Gerald Zahn og David Maher. Sýningin stendur einungis í kvöld.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Í fótspor Möðruvallamunka

Minjasafnið á Akureyri, í samvinnu við Amtmannssetrið á Möðruvöllum, stendur fyrir sögugöngu frá miðaldakaupstaðnum Gásum að Möðruvöllum í Hörgárdal. Gangan hefst á því að Kristín Sóley Björnsdóttir, verkefnisstjóri Gásaverkefnisins, veitir gestum leiðsögn um Gásakaupstað. Þá tekur sr. Gylfi Jónsson við leiðsögninni. Hann mun á leiðinni til Möðruvalla draga fram hápunkta úr verki Davíðs Stefánssonar, Munkarnir á Möðruvöllum.

Að því er segir í fréttatilkynningu má sjá mörg stef sem snerta nútímamanninn í verki Davíðs, þó að þeim sé gefinn staður í lífi munkanna á Möðruvöllum. Valdgræðgi og auðsöfnun blasa við í verkinu, og eins eiga sýndarmennska og svik sinn sess í lífinu á Möðruvöllum.

Göngunni lýkur í nýuppgerða leikhúsinu á Möðruvöllum, þar sem vöfflur og kaffi bíða göngufólks. Gangan tekur um fjóra tíma, en þátttökugjald er 1000 krónur. Göngufólki er



FRÁ MIÐALDAMARKAÐI Á GÁSUM Í FYRRA

bent á að búa sig eftir veðri, og hafa nesti meðferðis. Að göngu lokinni verður boðið upp á rútuferð að upphafsstað á Gásum.

**> Ekki missa af ...**

...tvöfaldri opnun í Gallery Turpentine á morgun. Margrét M. Norðdahl opnar sýninguna The Lady Series kl 17. Sýning Peters Anderson, Magical Iceland, verður opnuð á sama tíma. Opnanirnar standa yfir til klukkan 19 í Gallery Turpentine við Ingólfsstræti.



**Á MÖRKUNUM** Sýning Heklu Daggar Jónsdóttur í Nýlistasafninu ber heitið Liminality: alveg á mörkunum og vísar til millibilssvæðis.

# Einkasýning Heklu

Hekla Dögg Jónsdóttir opnar einkasýningu í Nýlistasafninu í dag. Sýningin ber heitið „Liminality; alveg á mörkunum“ og stendur til 19. ágúst. „Liminality“ vísar til millibilssvæðis eða griðastaðar sem áhorfanda gefst færi á að dvelja í, að því er segir í fréttatilkynningu. Hekla Dögg gefur gestum tækifæri á að sjá og upplifa ný verk í bland við eldri, og þannig gefst almenningi kostur á að kynna sér feril Heklu Daggar.

Hekla Dögg er tilnefnd til Sjónlistaorðunnar 2007 fyrir verkið „Foss“ á samnefndri sýningu á Kjarvalsstöðum, röð verka í sýningunni „Ljósaskipti“ í Gallerí Kling og Bang ásamt „Fireworks for LA“ sem hún sýndi nýverið í Los Angeles. Hún býr og starfar í New York og Reykjavík.

# Vinir í 101 gallerí

Helgi Þórsson og Morgan Betz opna í dag samsýninguna Bermuda Love Triangle: the story of Doctor Son and Mister Bates, í 101 Gallerí að Hverfisgötu 18a. Sýningin er samstarfsverkefni þeirra Helga og Morgans, sem hafa, að því er fram kemur í fréttatilkynningu, lengi bundist vináttuböndum. Þeirri spurningu er varpað fram hvort vináttunni auðnist að endurspeglast í list þeirra.

Í staðinn fyrir að stilla verkum sínum upp hlið við hlið völdu Helgi og Morgan að vinna að öllum verkum í sameiningu. „Í því ferli hefir þó allur upphaflegur ásetningur týnst og hugmyndirnar hafa brenglast,“ segir í tilkynningu. Þar segir að afrakstur samvinnunnar sé samansafn frábrugðinna karaktera sem allir eru á ferðalagi heim.

Sýningin opnar klukkan 17 í dag.



HELGI ÞÓRSSON OG MORGAN BETZ









# ArtFart hefst í annað sinn

**Sviðslistahátíðin artFart hefst um helgina, með frumsýningu á dansverkinu Moment Seen í Tjarnarbíói. Samband ungra sviðslistamanna stendur að hátíðinni, sem hóf göngu sína í fyrra.**

Tilurð artFart er nátengd sumarstarfi Hins hússins. „Í fyrra voru mörg okkar í skapandi sumarstarfi Hins hússins. Við vorum flest að fara að frumsýna verk á svipuðum tíma, og fannst sniðugt að skella þessu saman undir ein regnhlífasamtök, sem eru artFart,“ útskýrði Ásgerður G. Gunnarsdóttir, sem heldur utan um hátíðina í ár ásamt þeim Karli Ágústi Þorbergssyni, Sigurði Arent Jónssyni og Hannesi Óla Ágústsyni. „Okkur langaði að þróa hátíðina áfram og búa til vettvang fyrir ungt fólk í sviðslistum. Um leið virkar hátíðin hvetjandi á fólk,“ sagði Ásgerður.

ArtFart vakti mikla athygli í fyrra, þegar hóparnir sem tóku þátt héldu til í húsi Ó. Jónsson og Kaaber verksmiðjunnar við Sæbraut. Í ár hefur Listaháskóli Íslands styrkt hátíðina og lánað þátttakendum húsnæði til æfinga og sýninga, sem allar fara fram í Smiðjunni, gamla nemendaleikhúsi skólans að Sölvhólsgötu. ArtFart hefur jafnframt hlotið styrki frá Reykjavíkurborg og Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur.

Þátttakendur í hátíðinni eru um sjötíu í ár, en sýningar eru fimmtán. Þar má meðal annars geta frumsýningar á leikritinu Heteróhetjur: Með fullri virðingu fyrir Ashley Cole, og uppsetningu á verkinu Bubbi kóngur.

Í ár verður bryddað upp á nýjungum í formi vinnustofu og málfundar. „Erna Ómarsdóttir verður með vinnustofu í byrjun ágúst, og svo aftur í lok mánaðar. Hún er fyrir fólk í sviðslistageiranum, en ekki eingöngu þá sem taka þátt í hátíðinni,“ útskýrði Ásgerður. Þá sér Karl Ágúst Þorbergsson um málfund um tilraunir í listum 12. ágúst næstkomandi.

Danshópurinn Samyrkjar ríður á vaðið á artFart og sýnir verkið Moment Seen, við undirleik stórhljómsveitarinnar Tepokans, í Tjarnarbíói klukkan 20 á morgun og sunnudagskvöld. Hópurinn samanstendur af sex dönsurum frá Íslandi, Finnlandi og Svíþjóð og mun hann sýna verkið í Moderna Dansteatern í Stokkhólmi um verslunarmannahelgina.

Nánari upplýsingar um dagskrá artFart og miðasölu má nálgast á vefsíðunni www.myspace.com/artfarticeland og í síma 8217987.



**SVIÐSLISTAHÁTÍÐ UNGA FÓLKSINS** Ásgerður G. Gunnarsdóttir segir aðalmarkmið artFart að skapa vettvang fyrir ungt fólk í sviðslistum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Syndug hjörtu á Rauðasandi

Bjartur útgáfa gaf út tvær skáldsögur Gunnars Gunnarssonar, Svartfugl og Aðventu, nú í vikunni. Í tilefni af útgáfu Svartfugls verður boðið upp á menningardagskrá að Saurbæ á Rauðasandi annað kvöld. Dagskráin ber titilinn „Við klukknahljóm syndugra hjarta“.

Svartfugl fjallar um Eyjólf kapelán og ástríðuglæpi Bjarna og Steinunnar á Sjöundá. Sögulegur bakgrunnar hennar eru Sjöundarármorðin, sem teljast eitthvert frægasta morðmál Íslandssögunnar. Sagan Svartfugl er stundum sögð vera fyrsta alvöru íslenska glæpasagan, þar sem réttarrannsókn spinnur söguþráðinn. Í henni er þó jafnframt dregin upp skörp mynd af íslensku samfélagi um aldamótin 1800, stéttaskiptingu þess, blindri réttvísu kirkju, kóngs og embættismanna og harðneskjunni sem alþýðan bjó við.

Á laugardag mun Gunnar Björn Gunnarsson flytja erindi um Svartfugl, og leikararnir Jón Hjartarson, Þorsteinn Gunnarsson og Valgerður Dan lesa valda kafla úr bókinni. Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari flytur verkið Lethe eftir Atla Heimi Sveinsson, og séra Sveinn Valgeirsson flytur hugvekju. Jafnframt verður boðið upp á léttar veitingar.

Dagskráin er samvinnuverkefni Bókaútgáfunnar Bjarts, Gunnarsstofnunar og Ferðafélags Íslands. Aðstandendur vekja athygli á góðu tjaldstæði á staðnum.



**SVARTFUGL** Bókaútgáfan Bjartur gaf út skáldsögu Gunnars Gunnarssonar, Svartfugl, í vikunni.

# Útsalan

## síðustu dagar!

# Allar útsöluvörur

# 250-2000 kr

## Verðdæmi

| Upphaflegt verð | Útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799~~ kr. | 500 kr. |
| ~~999-1.299~~ kr. | 750 kr. |
| 1.~~499-1.699~~ kr. | 1.000 kr. |
| 1.~~999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| 2.~~999-4.999~~ kr. | 2.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*





## > Í SPILARANUM

Megas og senuþjófarnir - Frágangur
Chromeo - Fancy Footwork
Yeah Yeah Yeahs - Is This (EP)
Interpol - Our Love to Admire
Kelly Rowland - Ms. Kelly

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Jan Mayen til Englands

„Ég er helvíti glaður með þetta,“ segir Ágúst Bogason, gítarleikari rokkhljómsveitarinnar Jan Mayen. Önnur breiðskífa Jan Mayen er væntanleg í búðir eftir verslunarmannahelgi en þrjú ár eru síðan fyrsta plata þeirra kom út. Sú hét Home of the Free Indeed og fékk frábærar viðtökur. Nýja platan heitir So Much Better Than Your Normal Life og það er Smekkleysa sem gefur út eins og fyrr. Fyrsta lagið, Joyride, er þegar komið í spilun á útvarpsstöðvum landsins. Tónlistarmaðurinn Einar Tönsberg, Eberg, stjórnaði upptökum á plötunni og lofar Ágúst það samstarf mikið.



**SNÚA AFTUR** Önnur plata Jan Mayen er væntanleg eftir um tvær vikur.

Framundan er væntanlega stíft tónleikahald hjá Jan Mayen-liðum til að kynna plötuna og þessa dagana er sveitin að skipuleggja nokkra tónleika í Bretlandi. „Það er búið að bóka okkur í London 26. september með Hafdísi Huld og Motion Boys. Svo er planið að nota ferðina vel, við erum þegar búnir að negla niður tónleika í Birmingham og svo er verið að vinna í nokkrum í viðbót,“ segir Ágúst.




## > Plata vikunnar

Sonic Youth - Daydream Nation (Deluxe útgáfa)

★★★★★

„Daydream Nation var fyrsta meistaraverk Sonic Youth. Á henni voru smellir eins og Teen Age Riot og Silver Rocket. Þessi nýja viðhafnarútgáfa er sérstaklega vel unnin.“



## TÓNNINN GEFINN
### Steinþór Helgi Arnsteinsson

# *Danir, af öllum*

Undanfarin misseri hefur gróskan í tónlistarlífi Norðurlandanna verið með ólíkindum. Svíar hafa hent frá sér hverri snilldinni á fætur annarri, allir þekkja þátt Íslendinga, Norðmenn eiga líka sinn hlut að máli og meira að segja Finnar státa af lifandi senu. Glöggvir einstaklingar taka þó eftir því að í þessa upptalningu mína vantar næstfjölmennustu þjóð Norðurlandanna, nefnilega Dani. Hingað til hefur mér ekki fundist mikið til danskrar tónlistar koma heldur þótt hún svolítið utanveltu með tilliti til gæða tónlistar hinna Norðurlandaþjóðanna.

Ég virðist samt hafa dæmt aumingja Danina einum of fljótt og kannski of hart. Undanfarið hefur nefnilega fjöldinn allur af dönskum sveitum vakið athygli mína. Fyrst ber að nefna sveitirnar Efterklang og Under Byen. Margt hefur reyndar verið skrifað um þessar sveitir, meðal annars í íslenskum fjölmiðlum, en það sem ég vil gera að umtalsefni hér eru plötuútgáfurnar tvær sem þessar sveitir tilheyra.

Fyrst vil ég minnast á Rumraket-plötuútgáfuna, sem er í eigu Efterklang-liða, en útgáfan gefur meðal annars út amiinu og Grizzly Bear í Skandinavíu. Þar innanborðs er nokkrar afar áhugaverðar sveitir og má þar helst nefna post-rokk sveitina Slaraffenland sem sendi nýlega frá sér plötuna Private Cinema og hefur vakið töluverða athygli austan hafs og vestan. Rumraket þykir samt afar smávaxið plötufyrirtæki, jafnvel á danskan mælikvarða, og er til dæmis ívið minna en plötufyrirtækið sem gefur út Under Byen, Morningside Records.

Morningside gerir út frá Árósum og hefur á sínum snærum meðal annars Speaker Bite Me og Jomi Massage sem spiluðu á Innipúkanum í fyrra, reyndar við dræmar undirtektir. Nýjasta skífa Speaker Bite Me er samt stórfín. Figurines er þó að mínu mati mest spennandi sveit Morningside en platan Skeleton kom út á alþjóðlegan markað í fyrra og kom hressilega á óvart. Á næstunni kemur út ný plata, When the Deer Wore Blue, og gæti orðið einn af senuþjófum ársins.

Bæði Rumraket og Morningside þykja eins og áður segir ekki stór plötufyrirtæki. Hafa þau meðal annars deilt bás með 12 tónum á dönsku tónlistarhátíðunum SPOT og Roskilde. Að lokum vil ég þó sérstaklega minnast á dönsku sveitina Munich sem er enn án plötusamnings en grípandi ungdóms popp-rokk þeirra ætti að heilla marga.




# Það er engin leið að hætta

**Það er eins og gömlu jálkarnir í Rolling Stones geti ekki hugsað sér að hætta að rokka. A Bigger Bang-túrinn sem enn er í gangi er stærsta tónleikaferð sögunnar. Eftir helgina kemur út fjögurra diska DVD-pakki með efni frá honum. Trausti Júlíusson lokaði sig af og skoðaði gripinn.**



**THE ROLLING STONES** Fjögurra diska DVD-pakkinn Biggest Bang kemur út í næstu viku.

A Bigger Bang-tónleikaferð Rolling Stones hófst með tónleikum í Boston 21. ágúst 2005 og stendur enn yfir. Hún er þegar orðin stærsta tónleikaferð rokksögunnar og sló þar með út Vertigo-túr U2. Samkvæmt Sunday Times hefur Stones-veldið hagnast um einn og hálfan milljarð punda (um 182 milljarða íslenskra króna) á tónleikahaldi síðan 1989. Það verður að teljast nokkuð gott sérstaklega í ljósi þess að hljómsveitin hefur ekki komið lagi inn á vinsældarlista í aldarfjórðung og plöturnar þeirra seljast ekki mjög mikið lengur. A Bigger Bang kom út 2005 og hlaut glimrandi viðtökur gagnrýnenda hefur t.d. aðeins selst í rúmlega 500 þúsund eintökum í Bandaríkjunum. Í næstu viku kemur út fjögurra diska DVD-pakki með efni frá fyrri hluta Bigger Bang-túrsins, 2005 – 2006.

### Yfir sjö tímar af efni

Tónleikapakkinn heitir The Biggest Bang. Á honum eru tveir tónleikar í heild sinni; frá Zilker Park í Austin í Texas og Copacabanaströndinni í Rio De Janeiro í Brasilíu. Auk þess eru 7-8 lög frá þremur tónleikum til viðbótar. Saitama í Japan, Shanghai í Kína og Buenos Aires í Argentínu. Það er líka heimildarmynd í fullri lengd um tónleikaferðina og að auki styttri heimildarmyndir, aukalög og viðtöl við meðlimi hljómsveitarinnar. Yfir sjö klukkutímar í heildina.

Alls eru 55 lög á diskunum fjórum og sveitin kemur víða við þó að auðvitað séu tvær útgáfur af nokkrum laganna og reyndar þrjár af Satisfaction. Það eru líka nokkur fáheyrð tökulög, þ.á.m. Learnig The Game eftir Buddy Holly, Temptations-lagið Ain't Too Proud To Beg, Get Up, Stand Up eftir Bob Marley og Otis Redding slagarinn Mr. Pitiful. Það er nokkuð skondið að sjá þessa gömlu hunda spreyta sig á soul og reggítónlist og virðingarvert af þeim að heiðra snillinga eins og Marley og Otis.

### Fyrstu tónleikarnir í Kína

Það er margt merkilegt við þessa tónleikaferð Stones. Sviðið er það stærsta sem byggt hefur verið fyrir tónleikaferðir. Hæðin er á við sex hæða blokk. Það er áætlað að um 2 milljónir manna hafi mætt á tónleikana á Copacabana-ströndinni sem voru ókeypis. Sveitin spilaði líka í hálfleik á Super-Bowl í febrúar 2006 sem 98 milljónir horfðu á. Tónleikarnir í Shanghai voru þeirra fyrstu í Kína, en það tók kínversk stjórnvöld 40 ár að gefa sveitinni grænt ljós. Það var þó ekki án skilyrða þar sem Stones urðu að lofa að spila ekki nokkur lög sem voru talin hættuleg æsku landsins, þ.á.m. Brown Sugar, Honkey Tonk Women og Let's Spend The Night Together. Það er langt frá því að Stones spili alltaf sömu lögin á tónleikunum eins og algengt er á tónleikaferðum stórhljómsveita. Það er mjög mikill munur á milli tónleika og hljómsveitin æfði yfir 100 lög fyrir túrinn.

Maður getur spurt sig hvernig þeir nenni þessu. Af hverju slaka þeir ekki bara á og njóta allra milljarðanna? Svarið er augljóst þegar maður horfir The Biggest Bang. Þeir hafa bara svo helvíti gaman af þessu enn...

## BRENNSLAN ÁRMANN GUÐMUNDSSON

Ármann Guðmundsson er einn liðsmanna Ljótu hálfvitanna, sem slegið hafa í gegn að undanförnu. „Þetta eru tíu lög sem komu tiltölulega fljótt upp í hugann. Ef ég hefði sest niður og farið að velta þessu mikið fyrir mér hefði listinn sennilega orðið allt öðruvísi. Eða það sem líklegra er, ég hefði aldrei klárað hann.“

**1. Jockey full of Bourbon - Tom Waits**
Fyrsta lagið sem ég heyrði með Waits og það opnaði fyrir mér nýja veröld. Hef ekki beðið þess bætur síðan. Gítarsólóið er snilld.

**2. Birds and Ships - Billy Bragg og Natalie Merchant**
Tær einfaldleiki, kassagítar og rödd, frábært lag hjá Bragg og fallegur texti eftir Woody Guthrie. Það stutt líka svo að það er nánast ómögulegt að fá leið á því.

**3. Mama you've been on my Mind - Jeff Buckley**
Einn snillingurinn flytur lag eftir annan. Buckley einn með gítarinn í sínu besta formi að flytja lag eftir Dylan. Getur ekki orðið verra en stórkostlegt.

**4. Back in Black - AC/DC**
Í raun valið sem fulltrúi samnefndrar plötu. Bara rokk eins og það á að vera.

**5. O Do not forsake me - They Might be Giants**
Skrýtið lag, ennþá skrýtnari texti, ómótstæðilegt.

**6. Kon' - Lube**
Nei, ekki sleipiefni. Rússnesk þjóðlagarokkhljómsveit sem útleggjast myndi sem „Ást“ á því ylhýra. Magnþrungið lag um hest úti á akri, engin hljóðfæri, bara stórbrotin rússnesk röddun.

**7. Haunt you every Day - Weezer**
Ábyggilega ekki margir Weezer-aðdáendur sammála mér en þetta finnst mér besta lagið með þeim. En samkeppnin er hörð.

**8. The River - Bruce Springsteen**
Þoldi ekki Springsteen til margra ára en umpólaðist fyrir nokkrum árum. Það var mikill léttir að geta viðurkennt hversu gott lag mér finnst The River.



**9. The Bewlay Brothers - David Bowie**
Hunky Dory er ein af uppáhaldsplötunum mínum og þetta mögulega uppáhaldslagið mitt á henni. Samt ekki alveg viss.

**10. Dear God - XTC**
Einstaklega haganlega samansett lag sem til nokkurra ára var uppáhaldslagið mitt. Fær að fljóta hér með upp á gamlan kunningskap.




HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

## > Vissir þú?

Napóleon Bonaparte Frakklandskeisari ku vera sú sögulega persóna sem hefur oftast verið leikin í kvikmyndum. Karakternum mun hafa brugðið fyrir í alls 194 kvikmyndum, leiknar útgáfur af Jesú Kristi hafa sést í 152 myndum, en af Abraham Lincoln í 137.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Beyoncé dettur kylliflöt

Söngkonan Beyoncé Knowles varð fyrir því óláni að hrynja niður stiga á tónleikum sínum í Florida fyrr í vikunni. Hún virðist þó hafa sloppið með skrekkinn því hún stóð snöggt á fætur og hélt áfram að syngja eins og ekkert hefði í skorist. Sumir áhorfenda voru meira að segja á því að söngkonan hefði ekki misst úr eitt einasta orð.

Beyoncé er nú á tónleikaferð um Bandaríkin og hefur lagt það í vana sinn að sveifla hárinu ofsafengið meðan á flutningi stendur. Hún hafði rétt nýlokið við góða sveiflu þegar hún tók til við að ganga niður tröppur á sviðinu í síðum, rauðum silkifrakka. Ekki vildi betur til en svo að hún festi hælinn í frakkanum og féll niður einar tólf tröppur. Beyoncé missti hljóðnemann en greip hann hið snarasta eftir fallið og hélt áfram að syngja.

Áður en hún hóf flutning á næsta lagi sínu bað hún áhorfendur náðarsamlegast að setja ekki myndir eða myndbönd af atvikinu á netið. Henni varð ekki að ósk sinni því myndbandið hefur farið eins og eldur í sinu um netheima. Það er meðal annars að finna í nokkrum útgáfum á vefsíðunni YouTube.



**SVEIFLAR HÁRINU** Hér sést hvernig Beyoncé sveiflar hárinu á tónleikum sínum áður en hún gengur niður tröppurnar. Þó er ekki um að ræða sömu tónleika og hún datt á.

# Damon á frægðarstétt



MATT DAMON

**Leikarinn Matt Damon fékk nýverið stjörnu sína á frægðarstétt Hollywood. Damon segist hafa ungur að árum horft á stéttina og dreymt um að komast þangað einn daginn.**

**„Nokkrum sinnum í lífinu hef ég upplifað stundir sem eru ótrúlegri en orð fá lýst og þetta virðist vera ein af þeim," sagði Damon við athöfnina. Damon sló í gegn árið 1998 þegar hann samdi handritið að myndinni Good Will Hunting ásamt vini sínum Ben Affleck.**

**Næsta mynd hans er framhaldshasarinn The Bourne Ultimatum.**


Veislusetrið



Grillveislur
Steikarhlaðborð
Aðeins það besta
Veisluþjónusta
Veislusalur
Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102


# Sótti áhrif í íslensk sjómannaklæði

**Hildigunnur Sigurðardóttir lauk nýverið við BA í fatahönnun í skóla í Bretlandi. Þar fékk hún hæstu einkunn fyrir lokalínu sína og fékk þann heiður að sýna á London Graduate Week ásamt útskriftarnemum úr öðrum skólum.**

„Skólinn heitir University College for the Creative Arts og listadeildin er staðsett í Rochester sem er um fjörutíu mínútum fyrir utan London. Ég flutti út fyrir sjö og hálfu ári síðan. Fyrst bjó ég í Brussel og kláraði þar grunnskóla og menntaskóla og þaðan fór ég beint til Englands," segir Hildigunnur sem var mjög ánægð með námið í Rochester.

### Áhrif frá sjómönnum

„Fyrsta árið snýst að miklu leyti um að kynna okkur fyrir tískuheiminum. Við gerðum litlar línur, fórum í sníða- og saumatíma og þess háttar. Á öðru ári var verkefnavinnan lengri og um jólin sýndu allir einn alklæðnað auk þess sem við lærðum markaðsfræði og gerðum haust- og sumarlínur. Síðasta árið var svo algjörlega undir okkur komið, þá unnum við okkar heildarhugmynd og þróuðum lokalínuna okkar áfram," segir Hildigunnur.

„Ég valdi að gera vetrarlínu og sótti áhrif í Ísland og íslensk sjómannaklæði frá nítjándu öld. Sniðin voru að sjálfsögðu frekar karlmannleg, stór og víð og ég tók þau og setti í kvenlegan stíl sem var mikil áskorun fyrir mig. Svo var haldin tískusýning þar sem þekkt fólk úr tískuheiminum sat í dómnefnd og var þar meðal annars hin fræga fyrirsæta Erin O'Connor. 27 af 72 nemendum fengu svo að sýna á London Graduate Fashion Week og ég var svo heppin að vera þar á meðal. Það var mikil upplifun og alveg rosalega gaman."

Hinn frægi tískublaðamaður Hilary Alexander fjallaði um sýninguna í The Daily Telegraph og sagði meðal annars: „Hönnun Hildigunnar samanstóð af vestum úr fiskinetum, íslenskum lopapeysum, víðum vaðbuxum og jökkum úr fiskiroði í indælli línu sem er gerð fyrir sjóarastelpur."

### Náttúruleg efni

Aðspurð hvers vegna hún hafi valið fatahönnun segir hún: „Áhuginn byrjaði í níunda bekk og þá fór ég að búa til mín eigin föt og fór á teikninámskeið. Ég fékk allt í einu gríðarlegan áhuga á að skapa og vinna með efni og safnaði saman í möppu sem ég skilaði svo inn í skólann. Það var ekki svo erfitt að komast inn enda eru ráðamenn skólans mjög opnir fyrir að fá inn ólíkt fólk með mismunandi bakgrunn," segir Hildigunnur sem á sér nokkra uppáhaldshönnuði í bransanum.

„Vivienne Westwood er í algjöru uppáhaldi. Hún skarar fram úr á þessu sviði, er alltaf með eitthvað nýtt spennandi án þess að tapa sínum stíl. Svo er ég mjög hrifin af Dries Van Noten og Martin Margiela." Hildigunnur á ekki í vandræðum með að lýsa stílnum sem einkennir eigin hönnun. „Hann er mest tengdur efnum og er eiginlega blanda af ýmis konar efnum. Ég er mjög hrifin af því að vinna með leður, mér líkar vel að nota náttúruleg efni og nýti mér þau á óvenjulegan hátt."

### Sýning í Sjóminjasafninu

Íslendingar fá tækifæri til að sjá hönnun Hildigunnar á Menningarnótt en hún heldur þá tvær sýningar klukkan fjögur og fimm í Sjóminjasafninu Grandagarði 8. „Allur minn tími fer í að undirbúa sýninguna núna og svo ætla ég að safna mér pening og reyna að komast inn í lífið hérna heima. Það væri gaman að fá vinnu hjá einhverjum hönnuði, prófa mig áfram og reyna að lokum að koma sjálf einhverju í framleiðslu. Svo langar mig svolítið í meira nám en það kemur bara í ljós," segir þessi ungi og upprennandi fatahönnuður sem eflaust á eftir að láta að sér kveða í hinum harða heimi tískunnar. **hilda@frettabladid.is**









**SJÓARALÍNA HILDIGUNNAR**

**Hildigunnur Sigurðardóttir** útskrifaðist nýlega í fatahönnun úr skóla í Englandi og mun sýna línu sína í Sjóminjasafninu á Menningarnótt. Eins og sjá má sótti Hildigunnur áhrif í íslensk sjómannaklæði og hannaði flotta kvenmannslínu.








**KAL** Hljómsveitin KAL spilaði á tónlistarhátíðinni Vorblót í fyrra.

# KAL aftur til Íslands

Serbneska sígaunasveitin KAL ætlar að spila í annað sinn hér á landi á Nasa hinn 22. september. KAL vakti mikla lukku á Vorblóti í fyrra og því ákvað Hr. Örlygur að verða við fjölda áskorana um að fá sveitina hingað á nýjan leik.

Sveitin var stofnuð snemma á þessari öld af bræðrunum Dushan og Dragan Ristic, að þeirra sögn til þess að hjálpa þeim að yfirstíga þá fordóma og hindranir sem sígaunar mæta hvarvetna. Miðasala á tónleikana hefst um miðjan ágúst.

# Leno gerir grín að Lindsay

Leikkonan Lindsay Lohan var tekin öðru sinni fyrir ölvunarakstur í vikunni líkt og fram kom í Fréttablaðinu. Handtakan kom sér illa fyrir fleiri en Lindsay því þáttastjórnandinn Jay Leno hafði bókað hana í þáttinn sinn sama kvöld. Þar var henni ætlað að kynna nýja mynd sína I Know Who Killed Me. Lindsay afboðaði og Leno þurfti að finna staðgengil með skömmum fyrirvara. Leikarinn Rob Schneider, sem lék meðal annars í myndunum um karlhóruna Deuce Bigalow og The Hot Chick, var fenginn til þess að hlaupa í skarðið. Hann mætti klæddur sem Lindsay í svörtum kjól og með ljósa hárkollu. Punkturinn yfir i-ið var ökklaband líkt og það sem leikkonan hefur þurft að ganga með undanfarið, en því er ætlað að skynja hvort hún neytir áfengis eða ekki.

Leno gerði stólpagrín að öllu saman í upphafi þáttar síns þar sem hann sagði meðal annars fyrir það hefði greinilega verið misskilningur að hans helstu keppinautar væru Nightline og Letterman. Samkeppnin væri greinilega Cops og America´s Most Wanted.



**LENO OG LINDSAY** Lindsay Lohan hefur áður komið í þáttinn til Leno. Það aftraði honum þó ekki frá því að gera stólpagrín að því að leikkonan hefði verið handtekin og í framhaldinu þurft að afboða komu sína í þáttinn á þriðjudagskvöldið.



**CASHMERE MAFIA** Aðalleikkonurnar í þáttunum. Bonnie Somerville, Miranda Otto, Frances O'Connor og Lucy Liu.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Nýr þáttur í anda Beðmálanna

**Aðdáendur Beðmála í borginni geta glaðst því nýr þáttur frá hugmyndasmið Sex and the City, Darren Star, er í vinnslu fyrir sjónvarpsstöðina ABC.**

Nýi þátturinn mun heita Cashmere Mafia og mun einnig fjalla um fjórar fallegar konur í New York-borg en Star lofar því að þátturinn verði allt öðruvísi en Sex and the City. „Þetta er þáttur sem fjallar um konur í viðskiptum og þeirra daglega líf á meðan Sex and the City fjallaði aðallega um kynlíf. Mörgum þykir þetta kannski skrýtið að gera annan þátt um fjórar konur en mér finnst það alls ekki þar sem það er svo mikið efni í þessari hugmynd.“

Með hlutverk kvennanna fjögurra fara þær Miranda Otto, Frances O'Connor, Bonnie Somerville og Lucy Liu. Tískuaðdáendur ættu einnig að gleðjast þar sem hin frábæra Patricia Field mun einnig sjá um stíliseringu þáttanna en hún er ábyrg fyrir því hversu vinsælir þættirnir voru í tískuheiminum. „Við erum mjög heppin að fá Patriciu í lið með okkur enda er hún snillingur í að setja saman flíkur og lætur alklæðnaði líta út eins og listaverk,“ sagði Lucy Liu. „Ég held hún muni gera eitthvað glænýtt núna enda sagði hún það sjálf við mig í búningsherberginu um daginn að hún endurtæki sig aldrei.“

**hilda@frettabladid.is**



**DARREN STAR** Hugmyndasmiður þáttanna Sex and the City hefur skapað nýjan þátt að nafni Cashmere Mafia.



**PATRICIA FIELD** Ljóst er að sama hversu lélegir þættirnir gætu orðið þá verða þeir alltaf áhugaverðir fyrir tískuaðdáendur sem njóta þess að horfa á stíliseringu tískuíkonsins Pat Field.

# Ofar en Ozzy og Winehouse

Tónlistarkonan Hafdís Huld hefur fengið mjög góða dóma fyrir frammistöðu sína á tónlistarhátíðinni Hultsfred í Svíþjóð sem var haldin á dögunum. Hultsfred er ein stærsta tónlistarhátíðin á Norðurlöndunum og í ár komu 160 hljómsveitir frá öllum heimshornum þar fram.

Í blaðinu Nojesguiden var birtur listi yfir fimm bestu tónleikana og lenti Hafdís þar í efsta sæti. Fyrir neðan hana voru þekkt nöfn á borð við Ozzy Osbourne, 50 Cent, Amy Winehouse, Korn og Manic Street Preachers. Lenti Winehouse til að mynda í fimmta sæti á listanum. „Þetta var heillandi blanda af krúttlegheitum, fínum popp-perlum og skemmtilegum ukulele-leik,“ sagði í blaðinu. Að auki líkti blaðamaðurinn plötu Hafdísar, Dirty Paper Cup, við jarðarberjatínslu sumarsins.

Sænska dagblaðið Östran setti tónleika Hafdísar á topp tíu hjá sér auk þess sem frammistaða hennar fékk fjóra af fimm í einkunn á netsíðunni sydmark.se.

Tónlist Hafdísar Huldar er gefin út af Playground music á Norðurlöndunum og er stefnt á að hljómsveit hennar fari þangað í tónleikaferðalag á haustmánuðum. Fyrstu tónleikar Hafdísar á Íslandi verða í Salnum Kópavogi þann 9. ágúst næstkomandi.

**- fb**



**HAFDÍS HULD** Hafdís þótti standa sig ákaflega vel á tónleikunum í Svíþjóð.

MYND/JOHAN ECKERSTRÖM


# Metsölulisti Eymundsson

**kiljur**

**1. Viltu vinna milljarð?**



**Vikas Swarup**

Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. 24 vikur á toppi kiljulistans.

**2. Flugdrekahlauparinn**



**Khaled Hosseini**

Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

**3. Tvíburarnir**

**Tessa de Loo**



Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

**4. Konungsbók**

**Arnaldur Indriðason**



Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

**5. Leynda kvöldmáltíðin**



**Javier Sierra**

Margbrotin, eftirminnileg og svo miklu meira en venjuleg spennusaga.

**6. Saffraneldhúsið**

**Yasmin Crowther**



Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

**7. Síðasti musterisriddarinn**



**Raymond Khoury**

Gleymið öllum ofmetnu metsölubókunum – *þetta er hin eina sanna.*

**8. 5. Riddarinn**

**James Patterson**



Ný spennusaga úr smiðju James Patterson, vinsælasta spennuhöfundar heims um þessar mundir.

**9. Ókei bæ!**

**Hugleikur Dagsson**



Nú geta aðdáendur Hugleiks Dagssonar glaðst því að Ókei bæ!, sjötta bók hans, er komin í verslanir!

**10. Hringur Tankados**

**Dan Brown**



Höfundur Da Vinci lykilsins er óumdeildur meistari hinnar úthugsuðu spennusögu!

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 - 11 - 12 | |
| THE SIMPSONS MOVIE LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 - 12 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAXI 4 | kl. 8 - 10 | 14 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 5.45 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 - 8 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| 1408 | kl. 10 | 16 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 - 8 | |
| DEATH PROOF | kl. 10 | 16 |

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GEORGIA RULES | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| PIRATES 3 | kl .10 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GEORGIA RULES | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 9 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| HARRY POTTER 5 | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SIMPSONS enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| DEATH PROOF | kl. 7.30 og 10-POWER | 16 |
| 1408 | kl. 8 og 10 | 16 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4 og 5.45 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




# Vináttan sem sprakk

**Töluverð umræða hefur verið uppi um lagið „(Minnst tíu miljón) Flóabitanótt“ sem er að finna á nýjustu plötu Megasar, Frágangur. Hefur því verið haldið fram að í laginu sé Megas að skjóta föstum skotum að Bubba Morthens, sem Megas hefur reyndar sjálfur harðneitað í útvarpsviðtali.**



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Bubbi og Megas syngja saman á tónleikum 17. júní 1985.

Einnig hefur því verið fleygt að lagið „Gott er að elska“ sé einhvers konar vísun í hið vinsæla lag Bubba, „Það er gott að elska“, sem kom út á plötunni Lífið er ljúft árið 1993.

**Vináttusambandið sprakk**

„Mér þykja þessi lög mjög forvitnileg, sérstaklega í ljósi þess að Megas og Bubbi hafa átt eitt merkilegasta vináttusamband íslenskrar rokksögu. Bubbi dró Megas í sviðsljósið og Megas kenndi Bubba að yrkja. Síðan sprakk vináttusambandið í loft upp en enginn veit af hverju,“ segir útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson, sem er mikill Megasar-aðdáandi. Hann er hæstánægður með nýjustu plötu meistarans, sem er hans fyrsta með nýju efni í sex ár. „Mér finnst hún alveg frábær. Ég segi það hiklaust að þessi plata er ein af fimm bestu Megasarplötunum.“

**Fjölmargar gróusögur**

Bubbi og Megas störfuðu mikið saman á níunda áratugnum og gáfu meðal annars út plötuna Bláir draumar. Auk þess sungu þeir saman lagið Fatlafól við miklar vinsældir íslensku þjóðarinnar. Eitthvað slettist upp á vinskap þeirra nokkrum árum síðar og hafa sögurnar í kringum það verið eins misjafnar og þær eru margar. Ein er sú að þegar Bubbi og Megas voru að spila saman á tónleikum í Austurbæjarbíói fundust fíkniefni á svæðinu og lentu þeir í rimmu í kjölfarið. Önnur er sú að Megas átti að hafa verið að skoða bækur í bókabúð nokkurri þegar Bubbi sá hann og kom til að heilsa honum. Strunsaði Megas þá út og vildi ekkert með vinskap Bubba hafa.

**Dæmi hver fyrir sig**

Fréttablaðið hefur ákveðið að birta hér textann með lagi Megasar, „(Minnst tíu miljón) Flóabitanótt“, og geta lesendur því dæmt hver fyrir sig um það hvort Megas sé þarna að skjóta föstum skotum á fyrrverandi vin sinn, Bubba Morthens, eður ei.

## (MINNST TÍU MILJÓN) FLÓABITANÓTT

þetta er minnst tíumiljónflóabitanótt
hún líður nógu hægt og hljótt
en hart er að mér sótt
þetta er minnst tíu

ég er orðinn einsog gatasigti
ekki frá því í mér hrikti
engin furða þó ég lykti
ég er orðinn einsog gata

bókstaflega einsog lúði á litinn
af flóm óblíðum bitinn
allur bæði og ýkt útskitinn
beisikallí einsog lúði

ég fíla ekki fláhjörð á beit
þær eru sætar uppí sveit
en sæki þær í minn reit
nei ég fíla ekki flóa

ég meika ekki milljón flær í beit
ef ég væri ekki svona streit
væri stund þessi ærið heit
en ég meika ekki miljón flær

ég er frægur starraflóabitanjótur
þú sérð það glámshornaugnagjótur
að hné uppgenginn er minn fótur
því ég er frægur

jeppi á fjalli ég er sjálfur hann
að ljósið fagra fann
það til frægðar mér ég vann
jeppi á fjalli je

sem einn lúser á fótum lengi vel ég gekk um
laus frá skaðvænlegum skekkjum
upp fjöll ég skýst á megadekkjum
sem einn lúser

fráleitt meir aulast ég á ekkjum
úr fótgönguliðahlekkjum
er ég frjáls á maxídekkjum
fráleitt meir

ég þarf að losa mig við tattú fá mér annað
það sem bannað er er jú bannað
en ekki er brot nema það sé sannað
ég þarf að losa mig við

það er mómentið sjálft frosið enginn filler
því fyrirtækið er þriller
enda funda ég með killer
það er mómentið sjálft frosið

forðum út ég gekk með gramm í vasa
andesfjallalofti grænna grasa
fylltust gímöld minna nasa
forðum út ég gekk

nú er ég á nesi þessu klín
vitiði klór er ekkert grín
en því geng ég um og skín
nú er ég á nesi

hér var það sem siggi breiðfjörð bjó
niðrí víkurkvos sér kró
fremur kaus að hafa þó
hér var það sem hann siggi bjó

sagður var hann átt hafa tvær í einu
líf er heillegra í hreinu
og því heilagt í ekki neinu
sagður átt hafa einar tvær

eiðis á þeim geigvænlega granda
engin skil minna eigin handa
greini þó á höfði reyni að standa
eiðis á mjög svo

það verða tíuþúsundplatnajól
enginn krókur engin ól
ekkert klifur upp á stól
því þetta verða tíuþúsund

ég farga mér segi ég fari hún ekki í gull
þetta sull útsvínað bull
einsog sæmir engin ull
ég farga mér

lifandi heilt komst ég í gegnum kóla
en það dugir ekki að stóla
á þá stráka sem misnota njóla
lifandi

líkamslífræktaður uppúr bók
lífs má enginn komast úr kók - krassi
utan digru ankerist lók - hlassi
líkamslífræktaður hrókur í smók

minnst tíumilljónflóabitanótt
og sár getur verið ljótt
þó dýr sé lágvaxið og mjótt
minnst tíumilljónbitanótt



**MEGAS** Meistari Megas hefur gefið út nýja plötu sem nefnist Frágangur.

# U-beygja Ragnhildar Steinunnar

„Ég held að Ragnhildur sé svona „múltítalent“. Það virðist vera sama hverju hún einbeitir sér að,“ segir tónlistarmaðurinn Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson um Kastljóss-konuna Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur. Þorvaldur Bjarni hafði yfirumsjón með tónlistinni í kvikmyndinni Astrópíu sem frumsýnd verður í ágúst næstkomandi. Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir skemmstu gerði Ragnhildur Steinunn sér lítið fyrir og söng dúett með Helga Björnssyni fyrir myndina en hún leikur einnig aðalhlutverkið. Um er að ræða lagið Sumarást sem Nancy Sinatra gerði frægt. Það hefur þó áður verið sungið á íslensku bæði af Hljómsveit Ingimars Eydal og Raddbræðrunum Davíð Þór Jónssyni og Steini Ármanni Magnússyni.


**SJÓNVARPS-, SÖNG- OG LEIKKONA** Ragnhildur Steinunn sýnir á sér nýja hlið í kvikmyndinni Astrópíu.

Ragnhildur Steinunn er ekki eina leikkona myndarinnar sem syngur í henni því X-factor-kynnirinn Halla Vilhjálmsdóttir lék sama leikinn. Þorvaldur Bjarni segir að karlleikarar myndarinnar hafi ekki spreytt sig en þeir Sverrir Þór Sverrisson, Pétur Jóhann Sigfússon, Jón Gnarr og Davíð Þór Jónsson fara allir með hlutverk í myndinni. Þorvaldur útilokar ekki frekara samstarf við Ragnhildi Steinunni í tónlistinni. „Já, maður veit aldrei þó að þetta hafi verið á léttu nótunum. Það er ólíklegasta fólk sem tekur alls konar u- og l-beygjur í lífinu.“ Áætlað er að Astrópíu-platan komi í verslanir í næstu viku.

# *Nico í 12 Tónum*

Bandaríski tónlistarmaðurinn Nico Muhly leikur fyrir gesti í verslun 12 Tóna í dag. Muhly sendi í fyrra frá sér geisladiskinn Speaks Volumes sem fékk frábæra dóma víðs vegar um heiminn. Það var fyrirtæki Valgeirs Sigurðssonar, Bedroom Community, sem gaf diskinn út. Tónlist Nicos má skilgreina sem nýja kammermúsík með rafrænu yfirbragði og þóttu tónleikar hans á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra afar frumlegir og áhugaverðir. Tónleikarnir hefjast klukkan fimm og eru allir velkomnir.



**NICO MUHLY** Hinn ungi tónlistarmaður leikur nýja kammermúsík með rafrænu yfirbragði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Isla Fisher** hefur staðfest orðróm um að hún sé ófrísk eftir unnusta sinn, **Sacha Baron Cohen**, öðru nafni **Borat**. Hún segist hafa reynt að fela óléttuna til að byrja með. Einnig vildi hún vera viss um hver faðirinn var. „Ég er að gangast undir DNA-próf með leikurunum í Hot Rod og Wedding Crashers. Vonandi fæ ég að vita niðurstöðuna fljótlega,“ sagði hún í léttu gríni.



Vandræðagemlingurinn **Lindsay Lohan** segist ekki hafa átt fíkniefnin sem fundust í bifreið hennar á dögunum. Lohan var stöðvuð af lögreglunni í Kaliforníu og ákærð fyrir að hafa ekið undir áhrifum og fyrir að hafa verið með fíkniefni í fórum sínum. Talið er að leikkonan sé á leiðinni í meðferð á nýjan leik, aðeins nokkrum dögum eftir að hún útskrifaðist úr tveggja vikna meðferð í Malibu í Kaliforníu.



Aðstoðarmenn söngkonunnar **Beyoncé Knowles** hafa gert lítið úr falli hennar á tónleikum í Flórída á dögunum. Beyoncé hélt ótrauð áfram þrátt fyrir óhappið og kláraði tónleikana með sóma. „Fall Beyoncé var smávægilegur blettur á annars frábærum tónleikum. Jakkinn hennar flæktist í skónum en ungfrú Knowles stóð strax upp án þess að missa úr takt og sýndi þar með að hún er langbest,“ sagði talsmaður söngkonunnar. Bætti hann því við að Beyoncé hefði ekki slasast við fallið.



Leikkonan kynþokkafulla **Jessica Alba** er orðin einhleyp á nýjan leik eftir að hún hætti með kærasta sínum **Cash Warren**. Alba sagði Warren upp í gegnum síma á meðan hún var að kynna nýjustu mynd sína, Fantastic Four: Rise of the Silver Surfer, í Evrópu. Alba og Warren, sem er aðstoðarframleiðandi, hittust við tökur á fyrri Fantastic Four-myndinni árið 2005. Orðrómur hafði verið uppi um að þau hefðu hætt saman fyrir mánuði en endalokin urðu þó ekki fyrr en síðastliðinn sunnudag.



## > Boðar gott að leiða eftir fyrsta dag

Það boðar gott fyrir kylfinga að spila best á fyrsta hring á Íslandsmóti karla í höggleik sem hófst á Hvaleyrinni í gær. Sá sem hefur haft forystuna eftir fyrstu 18 holurnar síðustu fjögur ár hefur nefnilega fagnað Íslandsmeistaratitlinum í öll skiptin. Síðastur til að vinna titilinn án þess að leiða eftir fyrsta dag var Sigurpáll Geir Sveinsson sem var í 3. sæti eftir 18 holur á Strandarvelli á Hellu árið 2002. Þetta á samt ekki við hjá konunum því Helena Árnadóttir varð í fyrra sú fyrsta síðan 2002 til að leiða eftir 1. dag og fylgja því eftir með Íslandsmeistaratitli í lok móts.



# sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENDINGALIÐIÐ WEST HAM: ÆTLAR SÉR AÐ NÆLA Í FLEIRI LEIKMENN Í SUMAR

## *Eggert er ekki búinn að loka veskinu*

Íslendingaliðið West Ham hyggst næla sér í enn meiri liðsstyrk áður en keppnistímabilið hefst í ensku úrvalsdeildinni eftir rúmar tvær vikur, ef eitthvað er að marka fregnir enskra fjölmiðla frá því í gær. Félagið hefur augastað á Kieron Dyer, miðjumanni Newcastle, og í gær var franski framherjinn Nicolas Anelka hjá Bolton sagður vera undir smásjánni hjá stjórnarformanninum Eggerti Magnússyni. Sjálfur segist Eggert ekki hættur innkaupunum, ef réttir menn eru falir. „Ef frábærir leikmenn eins og Freddie Ljungberg eru á lausu þá höfum við áhuga. Við erum alltaf að leita eftir mönnum til að bæta okkar lið. Augun og veskið eru opin fyrir réttu leikmönnunum," er haft eftir Eggert í gær. „Ég vil að leikmennirnir sem koma til West Ham vilji koma til West Ham. Það er forgangsatriði númer 1,2 og upp í 10 hjá okkur," bætti hann við.

Anelka er sagður vilja komast að hjá liði sem spilar í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili en samkvæmt fréttum götublaðanna er hann sagður eiga erfitt með að hafna gylliboði West Ham, sem er tilbúið að gera hann að launahæsta leikmanni liðsins.

Knattspyrnustjórinn Alan Curbishley lét hafa eftir sér í gær að hann væri enn að leita að liðsstyrk á öllum vígstöðum vallarins og að Dyer væri einn af þeim sem kæmi til greina. „Kieron vill yfirgefa Newcastle og við höfum verið orðaðir við hann. Ég hef auga á öllum áhugaverðum leikmönnum þar til glugginn lokast, þannig að við sjáum til hvað verður," segir Curbishley, en fjölskylduástæður eru sagðar ástæðan fyrir því að Dyer vilji fara frá Newcastle. Eggert hefur þegar pungað út yfir þremur milljörðum króna í kaup á leikmönnunum Julien Faubert, Scott Parker, Craig Bellamy, Freddy Ljungberg og Richard Wright í sumar.





**ÚR LEIK** Kristján Örn Sigurðsson og félagar í Brann geta nú einbeitt sér að deildarkeppninni. NORDICPHOTOS/AFP

Bikarkeppnin í Norgi:

## Viking lagði Brann óvænt

**FÓTBOLTI Topplið norsku úrvalsdeildarinnar, Brann, tapaði nokkuð óvænt fyrir Viking í 16-liða úrslitum bikarkeppninnar þar í landi í fyrradag, 2-0. Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson léku allan leikinn fyrir Brann en Ármann Smári Björnsson kom inn á þegar um 10 mínútur voru eftir. Hannes Sigurðsson kom inn á undir lok leiksins hjá Viking en Birkir Bjarnason sat allan tímann á bekknum.**

**Jóhannes Harðarson lék fyrstu 60 mínúturnar fyrir Start í 1-0 tapi gegn Haugesund en Emil Hallfreðsson lék allan tímann fyrir Lyn þegar liðið vann Bodo-Glimt, 1-0. Þá lék Haraldur Guðmundsson í vörn Aalesund í 1-0 tapi liðsins gegn Lilleström.**

- vig

Kjartan Henry Finnbogason:

## Fer til Viborg

**FÓTBOLTI** Kjartan Henry Finnbogason fer á sunnudaginn til úrvalsdeildarliðsins Viborg í Danmörku á viku reynslutíma. „Félagið hefur sýnt mér mikinn áhuga og ég er spenntur þrátt fyrir að vita ekki margt um það," sagði Kjartan við Fréttablaðið í gær en Rúrik Gíslason samdi nýverið við félagið.

„Það er gaman að Rúrik sé hjá þeim, við þekkjumst auðvitað. Þetta er búið að vera langt sumar hjá mér, ég er búinn að þurfa að hugsa mikið og margt. Ég er í góðu formi núna og vonandi get ég sýnt mínar bestu hliðar." - hþh

Framarar styrkjast:

## Þýskur sóknarmaður til Fram

**FÓTBOLTI Lið Fram í Landsbankadeildinni hefur ákveðið að semja við þýska framherjann Henry Nwosu, en hann kom til reynslu í Safamýrina á dögunum. Leikmaðurinn er ættaður frá Nígeríu og hefur meðal annars leikið í þýsku úrvalsdeildinni.**

**Þá eiga Framarar von á dönskum miðjumanni, Henrik Eggerts að nafni, sem kemur til með að æfa með liðinu í nokkra daga með hugsanlegan samning í huga. Henrik er á mála hjá liðinu Nordsjælland í heimalandi sínu.**

- vig

# Þrír á þremur undir eftir fyrsta dag

**Þrír leikmenn leiða Íslandsmótið í golfi sem hófst á Hvaleyrarvelli í gær. Þeir léku allir á þremur höggum undir pari í strekkingsvindi. Íslandsmeistarinn frá því í fyrra lék á 75 höggum og var ekki sáttur með sig.**

**GOLF** Heimamaðurinn Björgvin Sigurbergsson Jóhannes Ármannsson úr GB og Örn Ævar Hjartarson úr GS léku manna best á Íslandsmótinu í golfi sem hófst á Hvaleyrarvelli í gær. Þeir léku allir á þremur höggum undir pari.

Björgvin fór illa að ráði sínu á lokaholum sínum í gær. Hann paraði fyrstu fimm holurnar sínar og fékk svo fjóra fugla á sjö holum. Hann fékk aftur á móti tvo skolla, á 167. og 17. braut, og endaði á þremur höggum undir pari.

Jóhannes er nokkuð óvænt meðal efstu manna. „Þetta var mjög góður hringur, ég get ekki verið annað en sáttur. Ég byrjaði vel, fékk fugl og spilaði svo jafnt og gott golf. Völlurinn í heild sinni er mjög erfiður, flatirnar eru hraðar og þetta er krefjandi. Þetta snýst um að staðsetja sig og ég náði því auk þess að setja nokkur pútt ofan í. Vonandi næ ég að halda þessu áfram, þetta snýst bara um eitt högg í einu," sagði Jóhannes.

Íslandsmeistarinn frá því í fyrra, Sigmundur Einar Másson, var ekki par sáttur þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir hringinn í gær. „Nei, ég er langt frá því að vera sáttur," sagði Sigmundur, sem spilaði á 75 höggum. „Púttin voru ekki nógu góð, lengstu púttin sem ég setti í voru bara um 40 sentimetrar og þá þarf maður að slá ansi vel til að ná lágu skori. Ég átti nokkur mjög léleg högg og þarf að ná takti í sveifluna mína aftur. En ég ætla svo sannarlega ekki að gefast upp og mun berjast fyrir því að verja titilinn," sagði Íslandsmeistarinn.

Hinn margreyndi Úlfar Jónsson fór illa að ráði sínu í gær og kom inn á 82 höggum. „Mér leið mjög vel fyrir hringinn, tók góða upphitun, fékk léttan fugl á fyrstu holu og létt par á annarri en missti svo alveg taktinn. Ég var ekki nógu öruggur með sveifluna og var að slá mjög illa. Ég kom mér í vandræði í hrauninu, var að fá víti og fleira. Svo var ég að fara illa með léttu holurnar líka. Ég segi samt bara eins og konan mín sem er að byrja í golfi, þó svo að það hafi ekkert gengið var þetta samt gaman," sagði Úlfar, brosmildur þrátt fyrir erfiðan dag.

Heiðar Davíð Bragason lék með Úlfari og Sigmundi og lék á einu höggi yfir pari. Sigurpáll Geir Sveinsson fékk fugl á fyrstu fjórar holurnar en missteig sig svo illa. Hann fékk meðal annars tvo skramba og lauk keppni á 74 höggum.

Birgir Leifur Hafþórsson byrjaði illa, lék á tveimur höggum yfir pari á fyrstu holunni og fékk síðan skolla áður en hann lét verulega til sín taka. Birgir sýndi frábært golf og kom sterkur til baka og endaði á tveimur höggum undir pari, 69 höggum. Birgir fékk sex fugla í gær, þar af fjóra á síðari níu holum sínum.

hjalti@frettabladid.is







**HORFT Á EFTIR BOLTANUM**

**Úlfar Jónsson** hefur oft spilað betur en í gær, líkt og Sigmundur Einar Másson, en Björgvin Sigurbergsson er í forystu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það voru sviptingar á fyrsta degi í meistaraflokki kvenna á Íslandsmótinu í golfi:

# Anna og Valdís léku best allra

**GOLF** Það voru sviptingar í keppni í meistaraflokki kvenna á fyrstadegi Íslandsmótsins í höggleik í gær en ef marka má stöðuna eftir fyrsta hring verður hart barist um Íslandsmeistaratitilinn í ár.

Heimakonan Anna Jódís Sigurbergsdótir og hin átján ára gamla Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni á Akranesi eru efstar og jafnar eftir fyrsta dag en báðar léku þær á 75 höggum eða fjórum yfir pari.

Anna Jódís, sem er systir Björgvins Sigurbergssonar sem er í efsta sæti hjá körlunum, lék mjög jafnt og gott golf í gær og paraði meðal annars 13 af 18 holunum. Valdís lék frábærlega allt þar til að síðustu fjórum holunum þegar að hún fékk fjóra skolla í röð. Valdís er ein af þremur átján ára stelpum meðal níu efstu en hinar eru Heiða Guðnadóttir úr GS og Ragna Björk Ólafsdóttir úr GK.

Fjórfaldi Íslandsmeistarinn Ragnhildur Sigurðardóttir og Íslandsmeistarinn Helena Árnadóttir úr GR eru í þriðja sætinu höggi á eftir forustukonunum og eru því báðar líklegar til afreka í framhaldinu.

Helena var í góðri stöðu eftir fyrri hring sem hún lék á einu undir pari. Hún fékk hinsvegar fjóra skolla og einn skramba á fyrstu sjö holunum á seinni níu en náði sér aftur á strik á tveimur síðustu holunum og því eins og Ragnhildur höggi á eftir efstu konum. Nína Björk Geirsdóttir úr Kili og Heiða Guðnadóttir úr GS léku einnig á fimm höggum yfir pari og því munar aðeins einu höggi á sex efstu konunum.

Heimakonan Þórdís Geirsdóttir var með forustu eftir fyrir þrjár síðustu holurnar en á þeim fékk hún einn skolla og tvo skramba og datt alla leið niður í 8. sætið.

- óój



**ENDAÐI ILLA** Þórdís Geirsdóttir úr GK tapaði fimm höggum á síðustu þremur holunum og datt alla leið niður í 8. sætið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## FYRSTI DAGUR

**Meistaraflokkur karla:**

| | |
|---|---|
| Björgvin Sigurbergsson, GK | 68 (-3) |
| Jóhannes Kr. Ármannsson, GB | 68 (-3) |
| Örn Ævar Hjartarson, GS | 68 (-3) |
| Kristján Þór Einarsson, GKJ | 69 (-2) |
| Birgir Leifur Hafþórsson, GKG | 69 (-2) |
| Björn Þór Hilmarsson, GR | 70 (-1) |
| Ólafur Hreinn Jóhanness., GS | 70 (-1) |
| Davíð Jónsson, GS | 71 (Par) |
| Heiðar Davíð Bragason, GKJ | 72 (+1) |
| Arnór Ingi Finnbjörnsson, GR | 72 (+1) |
| Björn Þór Arnarson, GO | 72 (+1) |
| Ólafur Már Sigurðsson, GK | 72 (+1) |
| Sigurþór Jónsson, GK | 72 (+1) |
| Ottó Sigurðsson, GKG | 73 (+2) |
| Sigurður Jónsson, GS | 73 (+2) |
| Davíð Már Vilhjálmsson, GKJ | 73 (+2) |
| Starkaður Sigurðarson, GKG | 73 (+2) |
| Pétur Freyr Pétursson, GR | 74 (+3) |
| Bjarni Sigþór Sigurðsson, GS | 74 (+3) |
| Svavar Grétarsson, GSG | 74 (+3) |
| Hlynur Geir Hjartarson, GK | 74 (+3) |
| Stefán Már Stefánsson, GR | 74 (+3) |
| Tryggvi Valtýr Traustason, GSE | 74 (+3) |
| Sigurjón Arnarsson, GR | 74 (+3) |
| Gunnar Guðjónsson, GO | 74 (+3) |
| Sigurpáll Geir Sveinsson, GKJ | 74 (+3) |

**Meistaraflokkur kvenna:**

| | |
|---|---|
| Anna Jódís Sigurbergsd., GK | 75 (+4) |
| Valdís Þóra Jónsdóttir, GL | 75 (+4) |
| Ragnhildur Sigurðardóttir, GR | 76 (+5) |
| Heiða Guðnadóttir, GS | 76 (+5) |
| Nína Björk Geirsdóttir, GKJ | 76 (+5) |
| Helena Árnadóttir, GR | 76 (+5) |
| Tinna Jóhannsdóttir, GK | 77 (+6) |
| Ragna Björk Ólafsdóttir, GK | 78 (+7) |
| Þórdís Geirsdóttir, GK | 78 (+7) |



**HEIÐAR HELGUSON** Byrjar vel hjá Bolton.

Sammy Lee, stjóri Bolton:

## Heiðar var magnaður

**FÓTBOLTI** Sammy Lee, knattspyrnustjóri Bolton, var mjög ánægður með frammistöðu íslenska framherjans Heiðars Helgusonar í fyrsta leik hans fyrir félagið. Heiðar lék fyrri hálfleikinn í 3-0 tapi liðsins í æfingaleik gegn Hibernian frá Skotlandi og þótti einn af ljósu punktunum í leik Bolton.

„Heiðar var magnaður. Hann gerði allt sem honum var ætlað að gera og átti nokkra frábæra spretti. Hann er mikill atvinnumaður og á köflum leit út fyrir að hann væri búinn að vera með okkur í mörg ár. Ég er mjög ánægður með leik hans og frammistaðan gefur góð fyrirheit,“ bætti Lee við. - vig

Liverpool ætlar að byggja 60 þúsund manna leikvang í Stanley Park og taka hann í notkun árið 2010:

# Nýi Anfield verður engu öðru líkur

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Liverpool er búið að opinbera teikningar af nýja leikvangi sínum, nýja Anfield, sem verður tekinn í notkun árið 2010. Nýir eigendur félagsins, Bandaríkjamennirnir Tom Hicks og George Gillett, hafa ásamt arkitektum hjá fyrirtækinu HKS gjörbreytt fyrri áætlunum um leikvanginn og útkoman er engu öðru lík, risaleikvangur einstakur í hönnun og útliti.

„Við erum að byggja leikvang sem ekki aðeins félagið og stuðningsmenn geta verið stoltir af heldur einnig öll borgin. Arkitektarnir blönduðu saman nýtísku útliti og þeim gildum sem Liverpool FC stendur fyrir,“ sagði Rick Parry, framkvæmdastjóri Liverpool.

Stærsta stúkan á vellinum verður Kop-stúkan við annan enda vallarins. Hún er hönnuð með gamla leikvanginn í huga og setur mjög sterka mynd á allan leikvanginn. „Við gerðum okkur vel grein fyrir mikilvægi Kop-stúkunnar. Við jukum áhorfendafjöldann í stúkunni með því að skipta henni ekkert niður og fyrir vikið mun hún taka 18 þúsund manns og vera hjartsláttur nýja leikvangsins,“ segir Parry.

Parry talaði líka um hversu vel nýi leikvangurinn fellur að umhverfinu þrátt fyrir að vera risastór. Hann er hluti af endurskipulagi svæðisins og mun að mati Parrys vera lykillinn að endurfæðingu allrar Norður-Liverpool.



**RISAVÖLLUR** Nýi Anfield mun rúma að minnsta kosti 60 þúsund áhorfendur og kosta um 300 milljónir enskra punda eða 37 milljarða íslenskra króna.





„Teikningarnar af nýja vellinum eru alveg frábærar. Þessi leikvangur er öðruvísi en aðrir vellir sem ég hef séð, allir gluggarnir setja skemmtilegan svip á hann og ég er viss um að hann kemst í hóp bestu valla í Evrópu,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool.

Fyrirliðinn Steven Gerrard var einnig í skýjunum. „Ég þurfti bara að skoða teikningarnar í fimm mínútur til að vera dolfallinn. Þetta verður frábær völlur og það besta við hann er að hann er ekki líkur neinum öðrum. Við vitum allir hvaða stemningu 40 þúsund Liverpool-áhorfendur geta búið til og ég held að það verði ólýsanlegt hvernig það verður að spila fyrir 60 þúsund Liverpool-áhorfendur á nýja leikvanginum. Ég get ekki beðið eftir því að leiða mitt lið út á völlinn,“ sagði Steven Gerrard.

Völlurinn mun kosta um 300 milljónir enskra punda eða um 37 milljarða íslenskra króna og Liverpool-menn hafa sett stefnuna á að fá um 100 milljónir punda fyrir að selja nafn nýja leikvangsins en það mun líklega taka félagið marga áratugi að borga fyrir leikvanginn. - óój

Birgir Leifur Hafþórsson lék á tveimur undir pari:

# Fyrstu holurnar voru dýrkeyptar

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, er einu höggi á eftir forustumönnunum á Íslandsmótinu í höggleik eftir að hafa spilað á tveimur höggum undir pari í gær.

Birgir Leifur vann upp mjög slæma byrjun þar sem hann tapaði fjórum höggum á fyrstu fjórum holunum.

Birgir Leifur þarf nú að gera nokkuð sem hann hefur aldrei gert áður ætli hann sér titilinn. Hann hefur nefnilega aldrei orðið Íslandsmeistari nema hann hafi verið í forustu eftir fyrsta dag.

Birgir Leifur var með eins höggs forustu árin 1996, 2003 og 2004 þegar hann tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn en fyrstu fjögur Íslandsmótin sín, sem og á því fyrir tveimur árum, var hann tveimur til fimm höggum á eftir efsta manni og náði ekki að vinna titilinn í þau skipti. - óój

Frakklandshjólreiðarnar eru orðnar að farsa:

# Niðurbrotinn Rasmussen segir ferilinn á enda

**HJÓLREIÐAR** „Ég er algjörlega niðurbrotinn. Mig langar mest til að gráta,“ segir danski hjólreiðakappinn Michael Rasmussen, sem var rekinn úr Tour de France hjólreiðakeppninni seint á miðvikudagskvöld af liði sínu Rabobank. Rasmussen átti sigurinn vísan og var með yfir þriggja mínútna forystu þegar forráðamenn Rabobank ákváðu að sparka honum úr keppni vegna gruns um lyfjamisferli.

Rasmussen er sagður hafa logið til um staðsetningu æfingabúða sinna fyrir mótið og þannig sloppið við mörg lyfjapróf. Rasmussen segist hins vegar alsaklaus. „Ég var ekki á Ítalíu eins og haldið er fram. Alls ekki. Það er saga eins manns sem segist hafa þekkt mig. Það er engin sönnun fyrir því að ég hafi verið þar,“ segir Rasmussen. Sá danski segist hafa æft í Mexíkó og hvergi annars staðar og að umrætt „vitni“ hafi einfaldlega ruglað sér saman við einhvern annan. „Ferill minn er ónýtur. Ég hef ekki hugmynd um hvað ég geri úr þessu,“ bætti Rasmussen við.

Ljóst er að ákvörðun Rabobank um að sparka Rasmussen úr keppni á eftir að draga frekari dilk á eftir sér því í 17. áfanga hjólreiðanna í gær hætti Denis Menchov keppni í miðjum klíðum, en hann var fremsti keppandi liðsins af þeim sem eftir stóðu. Menchov hætti skyndilega að hjóla og gekk út af brautinni og lýsti þannig stuðningi sínum við Rasmussen í verki.

Daniele Bennati frá Ítalíu vann 17. áfanga hjólreiðanna í gær, 188,5 km langa leið frá Pau til Castelsarrasin. Hinn spænski Alberto Contador hefur fengið gulu treyjuna í kjölfar brotthvarfs Rasmussen og hefur tæplega tveggja mínútna forystu á Cadel Evans frá Ástralíu. - vig




**REKINN** Michael Rasmussen er algjörlega eyðilagður eftir að hafa verið rekinn úr Tour de France. Danskir fjölmiðlar fjölluðu mikið um málið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

| ÍA | 4-1 | HK |
|---|---|---|
| Akranesvöllur, áhorf.: 1292 | | Egill Már Markússon(7) |

*1-0 Þórður Guðjónsson (17.)*
*2-0 Vjekoslav Svadumovic (25.)*
*2-1 Finnur Ólafsson (56.)*
*3-1 Andri Júlíusson (74.)*
*4-1 Þórður Guðjónsson (80.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–9 (8–4) |
| Varin skot | Páll Gísli 3 – Gunnleifur 4 |
| Horn | 8–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–10 |
| Rangstöður | 4–3 |

| **ÍA** 3–5–2 | | **HK** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Páll Gísli Jónsson | 5 | Gunnleifur Gunnleifs. | 6 |
| Ellert Jón Björnsson | 6 | Stefán Eggertsson | 4 |
| (52. Andri Júlíusson 5) | | Ásgrímur Albertsson | 4 |
| Dario Cingel | 7 | Finnbogi Llorens | 4 |
| Heimir Einarsson | 7 | Finnur Ólafsson | 6 |
| Árni Thor Guðm. | 7 | (90., Þorlákur Hilmars-) | |
| Guðjón Heiðar | 6 | Ólafur Júlíusson | 3 |
| Helgi Pétur Magnús. | 6 | (79. Eyþór Guðnason.-) | |
| Bjarni Guðjónsson | 7 | Jón Þorgrímur Stefán. | 4 |
| Jón Vilhelm Ákason | 7 | (79. Kristján Ari -) | |
| (68. Kári Steinn. 5) | | Hólmar Örn Eyjólfss. | 5 |
| Vjekosl. Svadumovic | 7 | Hermann Geir Þórss. | 4 |
| ***Þórður Guðjónss.** | **8** | Calum Bett | 3 |
| | | Þórður Birgisson | 6 |

**Maður leiksins*

## STAÐAN

*Landsbankadeild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **10** | **7** | **2** | **1** | **21-10** | **23** |
| Valur | 11 | 6 | 3 | 2 | 23-14 | 21 |
| **ÍA** | **11** | **5** | **3** | **3** | **21-16** | **18** |
| Keflavík | 10 | 5 | 3 | 2 | 17-12 | 18 |
| **Fylkir** | **11** | **4** | **3** | **4** | **11-13** | **15** |
| Breiðablik | 11 | 3 | 5 | 3 | 15-9 | 14 |
| **Víkingur** | **11** | **3** | **3** | **5** | **12-18** | **12** |
| HK | 11 | 3 | 2 | 6 | 9-22 | 11 |
| **Fram** | **11** | **2** | **2** | **7** | **11-18** | **8** |
| KR | 11 | 1 | 4 | 6 | 9-17 | 7 |

**MARKAHÆSTIR**

| | |
|---|---|
| **Helgi Sigurðsson, Val** | **8** |
| Sinisa Kekic, Víkingi | 7 |
| **Tryggvi Guðmundsson, FH** | **6** |

**FH og Keflavík** mætast í lokaleik umferðarinnar á laugardaginn í Kaplakrika. Leikurinn var færður vegna þátttöku Hafnfirðinga í forkeppni meistaradeildarinnar.

# Útivallargrýla HK-inga enn við lýði

**ÍA fór með öruggan 4-1 sigur á HK af hólmi í leik liðanna í Landsbankadeild karla í gær. HK hefur aðeins hlotið eitt stig á útivelli í sumar á meðan Skagamenn eru á fljúgandi siglingu og nálgast toppinn óðfluga.**



**Á SKOTSKÓNUM** Vjekoslav Svadumovic átti góðan leik og skoraði eitt marka Skagamanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

**FÓTBOLTI** Skagamenn skoruðu fjögur mörk og uppskáru þrjú stig í leiknum gegn HK í gær. Tvö glæsimörk í fyrri hálfleik komu þeim á bragðið og eftir dapra byrjun á síðari hálfleik afgreiddu þeir ráðvillta HK-inga með tveimur mörkum til viðbótar.

Jafnræði var með liðunum framan af leik og náðu þau bæði að skapa sér hálffæri, ef svo skyldi kalla. ÍA komst yfir með stórbrotnu marki Þórðar Guðjónssonar en þrumufleygur hans af 30 metra færi kom eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Ekkert virtist vera í gangi þegar Þórður hamraði að marki og boltinn flaug í slána og inn, óverjandi fyrir Gunnleif í markinu.

Þórður Birgisson var einn í framlínu HK og ekki í öfundsverðu hlutverki. Hann barðist fyrir sínu en fékk ekki nægilega hjálp og sóknarlotur Kópavogspilta stöðvuðust nánast allar á sterkum og þéttum varnarmúr ÍA sem gaf fá færi á sér.

Króatinn Vjekoslav Svadumovic skoraði svo annað mark ÍA þegar hann afgreiddi fallega sendingu Jóns Vilhelms inn. Glæsilegt mark en reyndar gerði Ásgrímur Albertsson sitt besta til að bjarga marki og skaut boltanum í slána og inn um leið og hann fór yfir línuna.

Bjarni Guðjónsson stjórnaði sínum mönnum af miðju ÍA af miklum myndarskap og dreifði spili liðsins vel. Leikmenn ÍA voru auk þess hreyfanlegir fram á við en utan markanna sköpuðu þeir ekki mörg opin færi. Það gerðu leikmenn HK ekki heldur og vantaði nokkuð bit í sóknarleik þeirra en staðan í hálfleik var 2-0 fyrir ÍA.

Leikmenn HK komu snemma út úr búningsherbergjum og byrjuðu síðari hálfleik af miklum krafti. Þeir héldu boltanum vel innan liðsins og Skagamenn voru hreinlega ekki með fyrstu fimmtán mínútur hálfleiksins. HK gekk reyndar illa að skapa sér færi en uppskáru gott mark þegar Finnur Ólafsson fékk sendingu inn í vítateig, komst framhjá Páli Gísla og setti boltann í netið.

Mark Finns var fyrsta mark HK á útivelli í deildinni í sumar og biðu þeir í alls 505 mínútur eftir markinu. Skagamenn bitu frá sér eftir mark HK og fengu nokkur úrvals færi til að skora. Gunnleifur var vel á verði í markinu og bjargaði stórglæsilega bæði frá Dario Cingel og Þórði.

Gunnleifur kom þó engum vörnum við þegar varnarmaðurinn Andri Júlíusson skoraði af markteig eftir sendingu Svadumovic. Leikmenn HK urðu æfir og hópuðust að línuverðinum í mótmælaskyni en hlutu aðeins gul spjöld að launum. Línuvörðurinn sýndi mikinn drengsskap þegar að hann viðurkenndi að um rangstöðu hafi verið að ræða og að markið hefði aldrei átt að standa. Þórður Guðjónsson kórónaði svo stórleik sinn þegar hann bætti við fjórða marki Skagamanna skömmu síðar af mikilli yfirvegun eftir að hafa leikið á varnarmann sem og Gunnleif markmann.

Skagamenn eru þar með komnir í 18 stig og harðnar baráttan á toppnum því enn. ÍA hefur ekki tapað frá því um miðjan júnímánuð og eru á góðri siglingu. Liðið spilaði vel og er til alls líklegt í sumar en ljóst er að Guðjón Þórðarson er á réttri leið með liðið.

„Það gekk allt það sem við lögðum upp með fyrir leikinn. Við byrjuðum síðari hálfleik illa en unnum okkur aftur inn og það sýnir styrk liðsins. Það er líka að koma meiri trú í liðið. Þó svo að við séum að spila þétta vörn erum við líka að sækja og sækja vel. Þetta hefur gengið vel hjá okkur undanfarið og það hefur gefið okkur meiri sjálfstraust. Með meiri sjálfstrausti gengur allt betur,“ sagði Bjarni Guðjónsson eftir leikinn sem jafnframt hrósaði línuverðinum fyrir að viðurkenna að mark Andra hefði verið ólöglegt.

Gunnleifur Gunnleifsson, fyrirliði HK, bar sig vel eftir leikinn. „Þeir eru betra liðið í fyrri hálfleik sem við buðum þeim svolítið upp á. Við vorum eiginlega bara að bíða eftir því að lenda undir. Við töluðum um það í hálfleik að gefa bara allt í þetta og uppskárum mark. Þeir voru alltaf hættulegir líka og þriðja markið fór eiginlega bara með okkur. Við urðum pirraðir og misstum einbeitinguna við það,“ sagði Gunnleifur sem sagði að sjálfstraustið í liðinu væri enn mikið þrátt fyrir tapið.

hjalti@frettabladid.is



**ÖFLUGUR** Dario Cingel hefur staðið sig feykivel með ÍA í sumar.

Króatísku leikmennirnir hjá ÍA:

# Geta hugsað sér að vera áfram

**FÓTBOLTI** Króatísku leikmennirnir Dario Cingel og Viego Svadomovic eru mjög ánægðir í herbúðum ÍA og geta vel hugsað sér að vera áfram hjá félaginu, að því er fram kemur á heimasíðu ÍA. Í viðtali við heimasíðuna segjast þeir sérstaklega ánægðir með þjálfarann Guðjón Þórðarson.

„Hann er einn besti þjálfari sem við höfum starfað með. Hann leggur sig allan í þjálfunina og er snjall og útsjónarsamur,“ er haft eftir leikmönnunum, en þeir léku sem atvinnumenn í heimalandi sínu síðasta vetur. - vig

Uppselt á æfingaleik Dundee United og Barcelona í Skotlandi í gær:

# Henry skoraði sigurmarkið

**FÓTBOLTI** Frakkinn Thierry Henry skoraði eina markið í sigri Barcelona á Dundee United í æfingaleik í Skotlandi í gær. Þetta var fyrsti leikur hans með spænska liðinu síðan að hann var keyptur þangað frá Arsenal í sumar og það er óhætt að segja að kappinn hafi byrjað vel.

Það var mikill áhugi fyrir leiknum í Dundee og uppselt var á Tannadice Park völlinn í fyrsta sinn í mörg ár þrátt fyrir að hér hafi aðeins verið um æfingaleik að ræða. Leikurinn var opinn og skemmtilegur þótt að aðeins eitt mark hafði litið dagsins ljós.

Henry kom inn á sem varamaður fyrir Kamerúnan Samuel Eto'o í hálfleik og eftir aðeins 25 sekúndur var hann búinn að eiga skot rétt framhjá stönginni. Henry skoraði síðan sigurmarkið mínútu fyrir leikslok þegar hann fylgdi á eftir vítaspyrnu sem Grzegorz Szamotulski pólski markvörður Dundee United hafði varið frá honum.



**MARK Í FYRSTA LEIK** Thierry Henry er búin að finna skotskóna í búningi Barcelona. Hér tekur hann vítaspyrnuna í gær en hana varði pólski markvörður Dundee United. Henry var hins vegar fljótur að átta sig og skoraði úr frákastinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Giovani Dos Santos hafði fiskað vítið en skömmu áður höfðu leikmenn Barcelona bjargað tvisvar sinnum á marklínu og þá var mark dæmt af skoska liðinu sem þótti mjög umdeild ákvöðrun hjá dómara leiksins.

Henry fékk ekki að spila með Ronaldinho því Brasilíumaðurinn fór út af í hálfleik alveg eins og Eto´o. Þess í stað spilaði Henry með Bojan Krkic og Giovani Dos Santos í framlínu Barca í þessum leik. - óój



**GÓÐAR** Þýskaland fór í úrslit. NORDICPHOTOS/GETTY

Evrópukeppni 19 ára kvenna:

# Þýskaland og England í úrslit

**FÓTBOLTI** Þýskaland og England komust í gær í úrslitaleik Evrópumóts 19 ára kvenna sem fram fer hér á landi. Úrslitaleikurinn fer fram á sunnudaginn.

Evrópumeistarar Þýskalands komust í hann krappan gegn Frakklandi á Laugardalsvelli en unnu 4-2 eftir framlengingu. Þýsku stelpurnar komust í 2-0 í seinni hálfleik en Frakkar náðu að jafna. Þýska liðið gerði síðan út um leikinn á síðustu sex mínútunum. England vann 3-0 sigur á Noregi í hinum leiknum sem fram fór á KR-velli. Fyrirliðinn Ellen White skoraði tvö marka liðsins. - óój




Auðvitað fær maður athygli enda ekki á hverjum degi sem von er á svona glaðningi
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST
VERÐ FRÁ 2.368 KR.
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
enski boltinn

### > Christian Slater

Christian hefur oft komist í kast við lögin. Árið 1997 var hann handtekinn eftir að hafa slegið kærustu sína og bitið mann sem reyndi að koma henni til hjálpar. Hann var undir áhrifum áfengis og heróíns og þegar lögregla kom á staðinn réðist hann að henni og öskraði „Þjóðverjarnir eru að koma og þeir munu drepa okkur!“ Christian var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir hegðunina en sat aðeins inni í 59 daga vegna góðrar hegðunar. Christian leikur í myndinni Broken Arrow á Stöð 2 kl. 23.20.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON SÉR NÝJAN KYNÞÁTT RÍSA UPP

# *Óraníureglan hin nýja*

Hörundslitur fólks hefur haft mikil áhrif á mannkynssöguna. Synir Nóa, þeir Sem, Kam og Jafet, ollu töluverðum klofningi fyrir nokkrum þúsundum ára þegar þeir gerðust ættfeður semíta (þar með gyðinga, araba og annarra Asíubúa), blökkumanna og óbreyttra hvítra manna, í þeirri röð, sem sagt allra jarðarbúa samanlagt. Einn daginn drakk Nói sig fullan og leið út af í tjaldi sínu sökum ofneyslu, eins og gengur og gerist. Hinn hörundsdökki Kam var svo óheppinn að „sjá nekt föður síns“ og þegar Nói vaknaði, „varð hann þess áskynja, hvað sonur hans hinn yngri hafði gjört honum. Þá mælti hann: Bölvaður sé Kanaan, auvirðilegur þræll sé hann bræðra sinna“. Til útskýringar ber að geta þess að Kanaan var sonur Kams, en í þá daga fengu synirnir gjarnan á baukinn ef pabbarnir gerðu eitthvað af sér. Þessi ágæta saga var síðan gjarnan notuð til að réttlæta ánauð þeldökkra manna, enda var Nói guðhræddur og vís, þótt hann drykki, og mikil virðing borin fyrir hans óskum. Hann bar sumsé prís.



Ekki er gott að segja hvernig stóð á því að synir Nóa gátu af sér svo ólíka kynþætti. Vísindamenn telja hugsanlegt að Kam hafi gillzað yfir sig í ljósabekkjum og húðliturinn færst yfir á seinni kynslóðir með einhvers konar stökkbreytingu, en það er enn ósannað. Nú vill svo til að við sjónvarpsáhorfendur erum í einstakri aðstöðu til að fylgjast með hliðstæðri þróun nú á dögum. Í fréttatímum birtast okkur menn, fréttaþulir, sem hafa farið offari í spray-tan meðferðum með þeim afleiðingum að þeir eru appelsínugulir í framan og gætu spilað treyjulausir fyrir hollenska landsliðið í fótbolta. Þeir eru fáránlega appelsínugulir. Hvað er eiginlega málið með það?

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00** **Must Love Dogs** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.50** **Office Space** STÖÐ 2



▶ **22.00** **Law & Order: Criminal Intent** SKJÁREINN



▶ **22.45** **Hustle** SIRKUS



▶ **23.15** **Söngvasafnarinn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 14-2** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (16:28)
**18.23 Ernst** (6:7)
**18.30 Ungar ofurhetjur** (11:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

**20.05 Hjálp óskast: Börn** Barnlaus hjón flytjast til Arizona en nýi vinnuveitandinn þeirra ætlast til að starfsfólk sitt eigi börn. Þau bregða á það ráð fá fá tvo krakka til að þykjast vera börn þeirra en dauðsjá fljótlega eftir því. Meðal leikenda eru Cindy Williams, Bill Hudson og Chad Allen.

**21.40 Ást í loftinu** (Born Romantic) Bresk bíómynd frá 2001. Aðalsögusvið myndarinnar er salsaklúbbur í London og í henni segir frá þremur mönnum sem eltast við þrjár konur í borginni. Fergus leitar að kærustunni sinni fyrrverandi, gamli kvennaljóminn Frankie að hinni fögru Eleanor og ræninginn Eddie að einu af fórnarlömbum sínum, kirkjugarðsstarfsmanninum Jocelyn. Meðal leikenda eru Craig Ferguson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

▶**23.15 Söngvasafnarinn** (Songcatcher) Tónlistarfræðingur heimsækir systur sína í Appalachiafjöllum og kemst að því að fjallabúar hafa viðhaldið gamalli skoskri og írskri þjóðlagahefð. Hún fer um afskekkt svæði og safnar söngvum. Meðal leikenda eru Janet McTeer, Michael Davis, Michael Goodwin og Aidan Quinn. e.

**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Love Rules**
**08.00 Virginia´s Run**
**10.00 Must Love Dogs**
**12.00 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate events**
**14.00 Virginia´s Run**
▶**16.00 Must Love Dogs**
**18.00 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate Events**
**20.00 Love Rules** Rómantísk mynd.
**22.00 History of the World Part 1**
**00.00 Flawless**
**02.00 The Juror** (e)
**04.00 History of the World Part 1** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli litli kanína og vinir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð** (100.114)
**10.10 Grey´s Anatomy** (23.25)
**10.55 Fresh Prince of Bel Air** (21.24)
**11.15 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (41.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (42.114)
**14.45 Lífsaugað** (e)
**15.20 Heima hjá Jamie Oliver**
**15.50 Justice League Unlimited**
**16.13 Batman**
**16.38 Kringlukast**
**17.03 Barney**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 The Simpsons** (22.22)
**20.20 The Simpsons** (22.22)
**21.05 So You Think You Can Dance** (13.23) 2007.

▶**21.50 Office Space** Skrifstofublókin Peter Gibbons er búin að fá nóg af starfi sínu og ákveður að gera allt til þess að verða rekin. En hegðun hans er rækilega misskilin og það lítur út fyrir en hann sé á hraðri uppleið innan fyrirtækisins. Aðalhlutverk. Jennifer Aniston, Ron Livingston. 1999. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.20 Broken Arrow** (e) John Travolta og Christian Slater fara með aðalhlutverk í þessari háspennumynd Johns Woo. Flugmaðurinn Vic og Riley félagi hans eru í leynilegri sendiför með kjarnaodda þegar vélinni er rænt. Stranglega bönnuð börnum.

**01.05 Slap Shot 2: Breaking The Ice**
**02.45 Naqoyqatsi**
**04.15 Heima hjá Jamie Oliver**
**04.40 So You Think You Can Dance** (13.23)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**

**19.40 The War at Home** (13.22) Gamanþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn. Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir gera. Geta Vicky og Dave virkilega skammað krakkana sína fyrir að gera eitthvað sem þau gerðu sjálf í æsku? Drepfyndnir gamanþættir um heimilislífið og vandamálin þar á bæ.

**20.10 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

**20.40 Ren & Stimpy 2**

**21.10 Jake 2.0** (2.16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta.

**22.00 Bones** (10.21) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.

▶**22.45 Hustle** (1.6) Svikahrapparnir í Hustle snúa aftur í fjórða sinn en þeir eru enn með nægar hugmyndir að svikamyllum. Meðal þess sem þeir taka sér fyrir hendur í nýjustu þáttaröðinni er að selja Hollywood-skiltið sem virðist ómögulegt en ekkert er Hustle-hópnum ofviða. Þetta er hágæða bresk glæpasaga sem hefur verið tilnefnd til fjölda verðlauna. (1.6) Liðið er enn í fullu fjöri en einn úr liðinu er í Ástralíu að skipuleggja stærðarinnar svindl. Á meðan leggja hin af stað til Los Angeles þar sem þau ætla að selja Hollywood-skiltið. 2006.

**23.40 The War at Home** (13.22)
**00.05 Entertainment Tonight** (e)
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Greatest Dishes in the World** (e)

**18.15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 All of Us** (16.22)
**20.00 Charmed** (3.22)

**21.00 The Biggest Loser - NÝTT** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Í fyrsta þættinum eru það tvær feitar fjölskyldur sem eigast við. Muha-fjölskyldan og Samuel-fjölskyldan hafa báðar barist við mittismálið um langt skeið. Fjölskyldurnar ganga í gegnum erfiðar æfingar og það verða lagðar fyrir þær gómsætar freistingar.

▶**22.00 Law & Order. Criminal Intent - NÝTT** Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Þetta er fimmta þáttaröðin og nú bætast nýir lögreglumenn í hópinn. Hingað til hafa það verið rannsóknarlögreglumennirnir Robert Goren og Alexandra Eames (Vincent D'Onofrio og Kathryn Erbe) sem leysa flókin sakamál í New York en núna fáum við einnig að fylgjast með öðru tvíeyki innan lögreglunnar fást við krimmana. Það eru þau Mike Logan og Carolyn Barek (Chris Noth og Annabella Sciorra) sem eru engu síðri í að handsama harðsvíraða glæpamenn.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Backpackers** (4.26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir segja skilið við hversdagsleikann í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu.

**23.45 Law & Order. SVU** (e)
**00.35 World's Most Amazing Videos** (e)
**01.25 Hack** (e)
**02.15 High School Reunion** (e)
**03.05 Tvöfaldur Jay Leno** (e)
**04.45 Vörutorg**
**05.45 Óstöðvandi tónlist**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Simpsons-fjölskyldan

Í kvöld verður brotið blað í sögu Simpsons-fjölskyldunnar þegar 400. þátturinn verður sýndur með íslensku tali. Þetta er auðvitað góð upphitun fyrir bíómyndina um Simpsons-fjölskylduna sem er væntanleg í kvikmyndahús hér á landi en hún verður sýnd bæði með íslensku og ensku tali. Þátturinn er tvöfaldur og verður enska útgáfan því sýnd síðar.



## ▸THE BIGGEST LOSER
### Skjár einn kl. 21.00

Nú er komið að nýrri þáttaröð þar sem fitubollur berjast við mittismálið en í þetta skiptið keppa fjölskyldur eða pör. Fylgst verður með þeim í æfingabúðum undir leiðsögn þjálfara og hvernig þeim gengur að halda sig frá sætindunum og viðhalda æfingunum í hinu daglega lífi. Að lokum eru liðin vigtuð og það lið sem hefur losnað við mest hlutfall af heildarþyngdinni vinnur vegleg verðlaun.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Minningar um merkisfólk
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Sakamálaleikritið: Sá yðar sem syndlaus er
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Pollapönk
**20.10** Litir í tónum og orðum: Gulur
**21.00** Kampavín og kaloríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Newcastle United - Celtic**
**09.50 Asian Trophy 2007** (Loosers of MAtches 1 & 2)
**12.05 Asian Trophy 2007** (Winners of Matches 1 & 2)
**14.10 Newcastle United - Celtic**
**15.50 Íslandsmótið í golfi 2007**
**16.40 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**17.10 Gillette World Sport 2007**
**17.40 Pro bull riding** (Las Vegas, NV - Mandalay Bay / Thomas & Mack, Part 2)
**18.35 World Supercross GP 2006-2007** (Georgia Dome)
**19.30 Asian Trophy 2007** (Loosers of MAtches 1 & 2)
**21.30 Íslandsmótið í golfi 2007**
**22.20 Asian Trophy 2007** (Winners of Matches 1 & 2)
**00.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**00.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**01.40 Ali´s 65th** (Sweet Science - My Name is Ali) Þáttur um þekktasta hnefaleikakappa sögunnar, Muhammad Ali, sem fagnaði 65 ára afmæli í janúar.

## BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Andy Pandy **6.35** Teletubbies **7.00** House Invaders **7.30** Staying Put **8.00** Staying Put **8.30** Perfect Properties **9.00** Garden Challenge **9.30** Big Cat Diary **10.00** Big Cat Diary **10.30** Keeping Up Appearances **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Get a New Life **15.30** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** The Monastery **18.00** Waking the Dead **19.00** New Tricks **20.00** The Office Specials **20.45** MARION & GEOFF **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Perfect Properties **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **11.05** Vildmark **11.35** Sommertid **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog 13.00 Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Når man laver en elefantunge **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Under åben himmel **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret på DR1 **19.45** Aftentour 2007 **20.10** Leg med døden **22.00** Trauma **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.01** Danny og Daddy **6.05** Ugler i mosen **6.30** Noahs dyrebare øy **7.00** Gjengen på taket **7.15** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Totalt genialt! **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Country **10.00** Jukeboks: Ut i naturen **11.00** Jukeboks: Jazz **12.30** Jukeboks: Du skal høre mye **13.40** The Tribe - Den nye morgendagen **14.05** Lyoko **14.30** Norske filmminner **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Konstanse **16.05** Pippi Langstrømpe **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Skishow med smell **19.10** 20 spørsmål **19.35** Inspektør Lynley **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** Komiprisen - årets morsomste **22.10** Hellbillies live fra Rockefeller **23.10** Sorte orm **5.30** Sommermorgen **5.31** Fimlene **5.50** Peppa Gris **5.55** Pingu

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Fåret Shaun **7.25** Hej hej sommar **7.40** Unge greve Dracula **10.00** Rapport **10.05** Landet som Stalin tog **10.35** Annes trädgård **13.05** Manitas de Plata **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Varför, Ouafa? **15.30** Sommartorpet **16.00** Bella och Theo **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.40** Hej hej sommar **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Tre kärlekar **18.50** Världens barn - Irina i Moldavien 19.00 The Four Feathers **21.10** Rapport **21.20** Entourage **21.50** Kärlekens matadorer **23.35** Sändningar från SVT24


# Frábær málning – fagleg ráðgjöf!




Hörpusilki er margreynd íslensk útimálning.




Flügger 97 er frábær þekjandi viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður.




Flügger tréolía er dúndurgóð vörn á sólpalla og verandir.




Fjölakryl er sérhönnuð þakmálning á stál, ál og tréfleti.

## Flügger litir

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | Skeifan 4 | Sími 568 7878 | Kópavogi | Ögurhvarfi 2 | Sími 587 4430 |
| | Snorrabraut 56 | Sími 561 6132 | | Bæjarlind 6 | Sími 544 4411 |
| | Stórhöfða 44 | Sími 567 4400 | Keflavík | Hafnargötu 90 | Sími 421 4790 |
| Hafnarfirði | Dalshraun 13 | Sími 544 4414 | Akureyri | Austursíðu 2 | Sími 461 3100 |

Afgreiðslutími. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15. Helgaropnun í Skeifunni laugardaga 10-17 og sunnudaga 13-17

www.flugger.is

108092

108092 Ad IS_245x390_stort prod.1 1 28/06/07 16:31:28

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það er aðallega eitthvað létt í útvarpinu. Mér finnst voðalega gott að hlusta á Gullbylgjuna, það er rólegt og værðarlegt. Mér finnst notalegt að heyra eitthvað sem maður hefur heyrt oft áður.“*

Sighvatur Kristjánsson húsgagnabólstrari.

# Björgólfur með einkaþjálfara í fullu starfi

Ríkasti maður Íslands, Björgólfur Thor Björgólfsson, er mikið á ferð og flugi starfs síns vegna. Það aftrar honum þó ekki frá því að gefa sér tíma til að sinna heilsunni og þegar hann er staddur hér á landi æfir hann af krafti í Laugum.

Athygli hefur vakið að viðskiptajöfurinn er sjaldnast einn í för því honum fylgir einkaþjálfari við hvert fótmál. Sá er þó ekki á vegum líkamsræktarstöðvarinnar eins og venja er heldur er hann samkvæmt heimildum Fréttablaðsins í vinnu hjá Björgólfi og sinnir því einu að halda honum í formi. Þjálfarinn er breskur og að sögn sér hann líka um að sjá til þess að mataræði Björgólfs sé í lagi.

Athygli hefur vakið að þjálfarinn umræddi gengur frá öllum lóðum eftir Björgólf og þrífur þau svæði sem þeir hafa verið á.

Það mun ekki vera óalgengt að fólk með fjárráð á borð við Björgólf leyfi sér slíkan munað enda margvísleg jákvæð áhrif líkamsræktar margsönnuð.

Björgólfur vekur jafnan athygli annarra gesta í Laugum. Ef ekki fyrir einkaþjálfarann breska þá er það fyrir klæðnaðinn. Björgólfur þykir nefnilega einstaklega vel til hafður í ræktinni, til að mynda í Dolce & Gabbana hlýrabolum. - sók



**BJÖRGÓLFUR THOR** Viðskiptajöfurinn Björgólfur æfir í Laugum með breskum einkaþjálfara sem hefur það að atvinnu að halda Björgólfi við efnið í líkamsrækt og hollu mataræði. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**LÁRÉTT 2.** teikniblek **6.** frá **8.** bók **9.** gras **11.** karlkyn **12.** hani **14.** hnupla **16.** klafi **17.** fúadý **18.** við **20.** þys **21.** karl.

**LÓÐRÉTT 1.** umrót **3.** klukka **4.** eyja í Miðjarðarhafi **5.** stykki **7.** ávöxtur **10.** flík **13.** gogg **15.** svara **16.** mælieining **19.** utan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. túss, 6. af, 8. rit, 9. sef, 11. lík, 12. krani, 14. stela, 16. ok, 17. fen, 18. hjá, 20. ýs, 21. mann.

**LÓÐRÉTT:** 1. rask, 3. úr, 4. sikiley, 5. stk, 7. ferskja, 10. fat, 13. net, 15. ansa, 16. ohm, 19. án.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Steinn Ármann Magnússon.
2. Norðurvíkingur.
3. Allt að þrír milljarðar evra. (246 milljarðar króna).







**STOFNAR GÓÐGERÐARSAMTÖK** Birgitta Haukdal hefur í félagi við þrjá aðra Íslendinga stofnað samtökin Navia, Norrænu kraftaverkasamtökin. Markmið þeirra er að hjálpa þeim sem minna mega sín í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

BIRGITTA HAUKDAL: NORRÆN KRAFTAVERKASAMTÖK TAKA TIL STARFA

# Norrænt stúlknaband safnar fé fyrir bágstadda

„Okkar draumsýn er að láta gott af okkur leiða. Það er náttúrlega draumur ef maður getur unnið við það að hjálpa öðrum,“ segir söngkonan Birgitta Haukdal, sem vinnur nú með samtökunum Navia í félagi við þrjá aðra Íslendinga. Navia stendur fyrir The Nordic Miracle Group, eða Norrænu kraftaverkasamtökin. Markmiðið er að fólk á Norðurlöndunum taki höndum saman um að hjálpa þeim sem minna mega sín í heiminum.

Að samtökunum standa auk Birgittu þau Bjarney Lúðvíksdóttir, sem áður starfaði hjá Eskimo og Casting, Trausti Bjarnason, sem getið hefur sér gott orð sem lagahöfundur í Eurovision, og Svanhvít Aðalsteinsdóttir sem starfar hjá Útflutningsráði.

Að sögn Birgittu er hugmyndin með Navia að koma af stað samnorrænu verkefni sem leiði gott af sér, safna peningum fyrir þá sem þurfa á því að halda. Tónlistin verður þar í aðalhlutverki og eitt af verkefnunum verður að stofna norrænt stelpnaband. Liðsmenn þess verða frá öllum Norðurlöndunum, einn frá hverju landi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi.

Ekki hefur enn verið gengið nákvæmlega frá því hvernig stúlkurnar verða valdar í bandið en unnið er að því í samstarfi við danskan leikstjóra. Búist er við því að tökur hefjist seint á þessu ári eða snemma á því næsta.

Allt í allt verða þrettán sjónvarpsþættir sýndir um stúlknabandið nýja, sem mun heita Navia. Stúlknasveitin mun að líkindum ferðast um og syngja og spila til að safna fé fyrir bágstadda. Það verður meðal annars gert með framlögum frá fyrirtækjum.

Á heimasíðu samtakanna, Navia.is, má sjá að sterkir aðilar hafa gengið til liðs við Navia, Sjónvarpið, True North, Rauði krossinn og Iceland Express svo einhverjir séu nefndir. Birgitta og aðstandendur verkefnisins fást ekki til að segja mikið um næstu skref en segja stórra tíðinda að vænta. Vitað er til þess að þau hafa fundað stíft síðustu mánuði, meðal annars um öll Norðurlöndin og skýrir það aðkomu Iceland Express að verkefninu.

Birgitta hefur átt þessa ekki verið áberandi á öðrum sviðum en tónlistinni. Hún segist spennt fyrir að prófa eitthvað nýtt. „Já, tónlistin hefur átt hug minn síðustu tíu árin eða svo en meðfram því hef ég líka verið að læra. Þetta verkefni var bara svo spennandi að ég varð að vera með. Það er svo frábært að geta starfað við eitthvað sem nýtist öðrum. Svo er bara vonandi að þetta verði svo flott verkefni að það haldi áfram þegar við erum öll farin yfir móðuna miklu.“

hdm@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsmaðurinn **Sverrir Þór Sverrisson**, betur þekktur sem **Sveppi**, hefur boðið til veislu um helgina í tilefni af þrítugsafmæli sínu. Afmælisdagurinn er þó ekki fyrr en sunnudaginn 5. ágúst næstkomandi en þá er verslunarmannahelgi og því ekki vænlegt til árangurs að halda gleði innan borgarmarkanna. Reikna má með að veislan verði frumleg og skemmtileg því Sveppi er þaulvanur í veisluhöldum. Hann skipulagði til dæmis óvænta afmælisveislu fyrir eiginkonu **Eiðs Smára, Ragnhildi Sveinsdóttur**, fyrr í mánuðinum þar sem margir helstu skemmtikraftar landsins komu fram og kokkar sáu um að grilla ofan í gestina.



Enn fjölgar þeim íslensku athafnamönnum sem kjósa að velja sér fararmáta sem hæfir auðæfum þeirra. Þannig hefur heyrst af tveimur spenntum kaupendum, **Bogi Pálsson** hefur leitað hófanna með þotukaup í félagi við aðra og **Magnús Kristinsson** hefur skoðað kaup á þyrlu til að flytja sig milli lands og Eyja. Í hvorugu tilvikinu mun þó nokkuð vera frágengið.





Kvikmyndagerðarmaðurinn **Júlíus Kemp** á von á barni með unnustu sinni, **Hörpu Pétursdóttur**, fyrrverandi pistlahöfundi á Fréttablaðinu. Þetta er fyrsta barn Hörpu en Júlíus á tvö börn fyrir.





- sók/hdm

# Lét fjölmiðla vita af listasýningu

Listakonan upprennandi Alda Ægisdóttir kann að koma sér á framfæri þrátt fyrir ungan aldur en hún er aðeins átta ára gömul. Alda var á leikjanámskeiði við Austurbæjarskóla og ákvað að halda þar málverkasýningu ásamt vinkonu sinni, Elfu. Stöllurnar létu ekki þar við sitja heldur sendu fréttatilkynningu til fjölmiðla til að láta vita af viðburðinum. „Það var Elfa sem stakk upp á að við myndum láta blöðin vita. Okkur var sagt að það væri allt of dýrt en konan hélt örugglega að við værum að tala um auglýsingu. Það er nefnilega ekkert dýrt að hringja eða senda tölvupóst.“

Sýningin var opnuð í síðustu viku. Aðgangseyrir var 5 krónur fyrir börn en 10 krónur fyrir fullorðna. „Það komu nú mjög fáir. En við fengum einn tíkall. Við ætlum samt að halda áfram með sýninguna. Hún er í hvítum kofa fyrir utan Austurbæjarskóla og fólk getur komið þangað meðan við erum á námskeiðinu.“ Á sýningunni er að finna málverk eftir stelpurnar en Alda segist fást við ýmislegt annað. „Ég er svo rosalega góð í að föndra,“ segir hún en í fréttatilkynningunni kemur einmitt fram að hún sé „föndursmeistari“. „Ég föndra mikið alls konar hluti, t.d. úr blöðum. Ég geri mjög sjaldan skraut og finnst best að föndra mér eitthvað til að leika með. Um daginn gerði ég strengjabrúðu.“ Alda segist ætla að verða listakona þegar hún verður stór. Hún segist líka skrifa ljóð í bók en skellir upp úr þegar blaðamaður spyr hvort bókin verði líka á sýningunni. „Nei, hún er svo verðmæt. Ég get ekkert verið að taka hana með mér í skólann og svoleiðis!“ - sók

> **Fréttatilkynningin:**
> mindi þið vilja koma á morgun þriðjudag frá 3 til 4 ég verð 8 ára 22 ágúst ég og vinkona mín erum að halda listasiningu ég er föðurs meistari við erum í austubæarskóla í hvítum kofa við köllum það BARNAGALERÍ og ég heiti alda.



**LISTAKONA Á UPPLEIÐ** Alda Ægisdóttir er aðeins átta ára gömul. Hún hélt listasýningu í kofa við Austurbæjarskóla ásamt vinkonu sinni og sendi út fréttatilkynningu í tilefni af því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

HOPPUKASTALI & RISARENNIBRAUT

SUMAR Svali SYKURSKERTUR
FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast

## TÓNLIST

Íslensk tónlist - erlend tónlist · klassík - jazz - DVD tónlist

KR. 499 · KR. 699 · KR. 699 · CD+DVD KR. 699 · KR. 699 · KR. 799 · KR. 999 · KR. 899 · KR. 799 · KR. 899

KR. 699 · KR. 699 · KR. 699 · KR. 699 · KR. 899 · KR. 899 · KR. 899 · KR. 899 · CD+DVD KR. 899 · KR. 399

Þúsundir titla í boði

## TÖLVULEIKIR

Leikir á allar leikjavélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

BUZZerar fylgja KR. 1299 · KR. 1499 · KR. 999

KR. 999 · KR. 999 · KR. 1999

Nóg af bílastæðum

## DVD MYNDIR

BOND allar eldri myndir

KR. 899 HVER MYND

That 70's Show
Sería 1, 2, 3 og 4
KR. 1999 HVER SERÍA

24
Sería
1, 2, 3, 4 og 5
KR. 3499 HVER SERÍA

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**
**BERGSTEINS SIGURÐSSONAR**

## *Húslestur*

Ein af kostulegri reglum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eftir að bjórbanninu sleppti var að lengi mátti ekki kaupa bjór í stykkjatali, heldur varð að kaupa að minnsta kosti kippu. Það var sem háttsettir embættismenn hafi óttast að almúgafólk myndi valsa inn í Ríkið, kaupa einn bjór og drekka hann. Síðan hefur mikill bjór runnið til sjávar. Verslanir ÁTVR heita nú Vínbúðir, þar sem hægt er að kaupa eins fáa bjóra og manni sýnist og þekking og þjónustulund starfsfólks er mikil. Stundum of mikil.

**Á** dögunum leit ég við í Ríkinu og bað bólugrafinn um að ráða mér heilt í hvítvínskaupum. Sá tók mér með kostum og kynjum, leiddi mig að hvítvínsrekkanum og spurði hvað ég ætlaði að borða með víninu. „Ég hafði ekki hugsað mér að borða nokkurn skapaðan hlut með því," svaraði ég. Við þetta svar virtist mínum kaunum hlaðna vini fallast allur ketill í eld. Hann sneri sér aftur að rekkanum og umlaði einhver stikkorð um tilteknar tegundir en svo var eins og hann gæti ekki orða bundist og hann spurði: „Ætlarðu bara að drekka þetta einn?"

**„JÆJA,** góði," hugsaði ég, „lít ég út eins og einhver þunglynd léttvínspempía á leið á kojufyllirí?" En varla er hægt að lá honum að spyrja. Sjálfsagt var hann mengaður af öllum þessum lífsstílsþáttum þar sem forframaðir Íslendingar borða apríkósufylltar dúfur í hvert mál og drekka vitaskuld rétta vínið með.

**EFTIR** að hafa gert tæmandi úttekt á húsakosti og híbýlaprýði landsmanna ræður Vala Matt nú lögum og lofum í lífsstílsþættinum Matur og lífsstíll. Svo virðist reyndar sem lífsstíllinn í nafni þáttarins sé skrauthverfing fyrir áfengi, en í þeim hluta þáttarins dregur hjálparhella Völu fram í dagsljósið öll leyndarmál vínsins. Á dögunum fór vínfræðingur, sem bar hið minnisstæða nafn Dufþakur, til dæmis yfir gagn og gæði vínbeljunnar. Henni fylgir að hans sögn „mikil stemning" og hún er þeim kostum búin að „allir geta fengið sér". Gott að til er viðunandi staðgengill hins margbrotna íláts sem flaskan er.

**JÁ,** lífið er flókið og að mörgu að huga. Eftir dálítið japl, jaml og fuður urðum ég og sá bólugrafni í Ríkinu ásáttir um hvað væri gott að drekka án truflunar frá spörfuglakjöti. Ég hélt heim á leið, örlítið önugur en huggaði mig þó við yfirburði þeirra sem leiða hjá sér þáttagerð Völu Matt og hennar kóna um mat og húsgögn. Um leið og ég komst á flug í snobbinu var ég sallaður niður aftur; eftir að hafa gripið mér hvítvínsglas og opnað Ofvitann eftir Þórberg Þórðarson blöstu við mér þessar línur: „Það er meiri íþrótt að kunna að lesa hús en að geta lesið bækur." Fokking brillj-ant!


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


